HILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR

*Leggur áherslu á að allt sé lífrænt ræktað*

heilsa vinnuvélar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




LH HESTAR

*Ístölt í tísku en skeið ekki*

Sérblað frá Landssambandi hestamannafélaga

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




GUNNAR HANSSON

*Frímann kominn í salt*

Undirbýr nýjan sjónvarpsþátt

FÓLK 22



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. febrúar 2008 — 42. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Í sigurvímu



Amy Winehouse vann til fimm Grammy-verðlauna.

FÓLK 24

### Óhefðbundin auglýsing

Fasteignasalinn Magnús Axelsson auglýsti íbúð til sölu með sérstökum hætti.

FÓLK 30

### Munnleg saga



Unnur María Bergsveinsdóttir segir munnlegar heimildir njóta sívaxandi vinsælda hjá þeim sem fást við nútímasögu.

MENNING 21

### HSÍ að landa Degi



Forkólfar HSÍ vonast til þess að ráða landsliðsþjálfara í vikunni en þeir ræddu við Dag Sigurðsson um síðustu helgi.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA -** Í dag verður suðvestan 5-18 m/s, hvassast með ströndum nyrðra en hægast sunnan til. Bjartviðri austan og suðaustan til, annars stöku él, einkum nyrðra. Vægt frost fyrir norðan en frostlaust með suðurströndinni.

VEÐUR 4





**FUNDUR Í VALHÖLL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson situr einn milli tveggja auðra stóla áður en síðbúinn blaðamannafundur hans með ljósvakamiðlum hófst í gær. Samherjar hans úr borgarstjórnarflokknum, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson, stungu sér á sama tíma út um kjallara Valhallar og óku saman á brott. FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

# Kjósa um næsta borgarstjóra

**Útlit er fyrir að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks muni kjósa sín á milli um það hver sest í stól borgarstjóra að ári. Geir H. Haarde vill ekki upplýsa hvort hann styðji Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í borgarstjórastólinn.**

**BORGARMÁL** Rætt hefur verið um það innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins að borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar flokksins kjósi sín á milli um næsta borgarstjóraefni. Næsta víst er að sú leið verður farin, að sögn borgarfulltrúans Júlíusar Vífils Ingvarssonar, ef Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tekur ekki við sem borgarstjóri að ári.

Vilhjálmur sagðist í gær myndu sitja áfram í borgarstjórn en gaf ekki skýr svör um það hvort hann ætli að taka við sem borgarstjóri að ári eins og kveðið er á um í málefnasamningi nýs meirihluta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mjög ólíklegt að svo verði.

Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að þrír borgarfulltrúar myndu sækjast eftir oddvitastöðunni: þau Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Júlíus Vífill. Sáralitlar líkur er taldar á því að einhver utan borgarstjórnarflokksins verði sóttur til starfans.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, vill ekki upplýsa hvort hann styðji Vilhjálm til að verða borgarstjóri eftir þrettán mánuði. Þá sagði Ólafur F. Magnússon borgarstjóri í fréttum Stöðvar 2 í gær að það hefði ekki áhrif á meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og F-lista að Vilhjálmur léti einhverjum hinna borgarfulltrúa flokksins eftir borgarstjórastólinn.

Vilhjálmur segist hafa fullan stuðning sinna samflokksmanna og aldrei hafi komið til greina að hann hætti sem borgarfulltrúi þrátt fyrir þá ólgu sem verið hefur í flokknum eftir að REI-skýrslan var birt í síðustu viku. „Yfirleitt segja menn af sér ef þeir hafa brotið eitthvað af sér, stolið eða gert einhvern annan óskunda en ég hef ekki farið á svig við lög eða reglur,“ segir Vilhjálmur.

- sh / - gar / sjá síðu 4

Flugvél í sjóinn við Ísland:

## Aðstæður til leitar erfiðar

**LEIT Flugvélar og þyrlur hættu í gærkvöld leit að bandarískum flugmanni sem fór í sjóinn um 50 sjómílur vestur af Keflavík um klukkan fimm síðdegis. Slæmt veður og lítið skyggni gerðu björgunarmönnum erfitt um vik.**

**Flugmaðurinn var á leið til Íslands frá Grænlandi á flugvél af gerðinni Cessna 310 þegar hún missti afl, hvarf af ratsjá og fór í sjóinn um 50 sjómílur vestur af Keflavík.**

**Þyrlur Landhelgisgæslunnar, TF-LIF og TF-GNA, voru strax sendar af stað til leitar auk flugvéla og skipa á svæðinu.**

**Ekkert merki hafði í gærkvöld borist frá neyðarsendi vélarinnar og voru aðstæður til leitar erfiðar.**

**Til stóð að flugvélar og þyrlur kæmu aftur til leitar við birtingu í morgun. Þrír togarar og varðskip héldu áfram leitinni í nótt.** - ovd

Umfangsmiklar breytingar við Ingólfstorg:

## Nasa undir yfirborð jarðar

**SKIPULAGSMÁL** Skemmtistaðurinn Nasa við Austurvöll mun víkja fyrir hóteli, samkvæmt nýjum hugmyndum að skipulagi í miðbænum.

Á fundi Samgöngu- og umhverfisráðs í dag verða teknar til afgreiðslu hugmyndir sem ganga út á umfangsmiklar breytingar á Ingólfstorgi og húsum þar í kring. Tillagan er að undirlagi eiganda húsa sem standa við torgið, Péturs Þórs Sigurðssonar lögmanns, en teikningar gera meðal annars ráð fyrir því að hótel rísi þar sem salur Nasa stendur nú. Það nái allt að Aðalstræti en húsin sem standa nú við suðurhluta torgsins verði færð inn á það.

Gísli Marteinn Baldursson er jákvæður í garð tillögunnar, segir hana ganga út frá bæði verndun og uppbyggingu. Dagur B. Eggertsson segir tillöguna í takt við hugmyndir gamla meirihlutans um Ingólfstorg, að þar verði klasi gamalla húsa. Ingólfstorg hafi aldrei virkað sem skyldi og Hallærisplanið gamla hafi orðið hallærislegra við breytingar.

Ingibjörg Örlygsdóttir, vert á Nasa, segir líklega mistök að gamli Sjálfstæðissalurinn, sem er hluti Nasa, hafi ekki verið friðaður líkt og framhliðin, sem er gamli Kvennaskólinn. Teikningar gera ráð fyrir sal sem verður neðanjarðar en Ingibjörg sér ekki fyrir sér að slíkur salur verði að veruleika miðað við sjö metra lofthæð.

Páll Óskar tónlistarmaður er með böggum hildar, og telur fyrirliggjandi að tónlistarmenn verði á vergangi gangi þessi áform eftir.

- jbg / sjá síðu 30

Bubbi boðar tónleika:

## Gegn rasisma

**SAMFÉLAGSMÁL** Bubbi Morthens boðar til tónleika gegn kynþáttafordómum í Austurbæ annan miðvikudag. Kveikjan er vefsíða fjórtán ára drengs gegn Pólverjum á Íslandi. Bubbi vill vitundarvakningu um þessi mál.

- glh / sjá síðu 30







Balteco baðker með og án nudds sem koma þægilega á óvart...

TENGI

Opið virka daga 8.00 -18.00 • laugardaga 10.00 -15.00

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogi • www.tengi.is • Baldursnesi 6 • 603 Akureyri

Virkjum kraft kvenna í iðnaði

Morgunverðarfundur á Hótel Borg um stöðu kvenna í iðnaði 12. febrúar kl. 8.00–10.30.

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is

SI Samtök iðnaðarins

SPURNING DAGSINS



*Ólöf, eruð þið orðin ósjálfbjarga af þreytu?*

„Björgunarsveitirnar hafa alltaf þrek til að hjálpa öðrum.“

Mikið hefur mætt á björgunar- og hjálparsveitum undanfarið. Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, segist finna að fólk er farið að þreytast.

Séra Þórhallur Heimisson segir kvótakerfið hafa komið illa niður á ýmsum byggðum:

# Kirkjan ræði um kvótakerfið

**STJÓRNMÁL** „Þjóðkirkjan mætti vel hafa til þess forystu að þetta kerfi yrði endurskoðað út frá öllum sjónarhornum og þá sérstaklega með hag hinna dreifðu byggða í huga, þeirra byggða sem Þjóðkirkjan vill þjóna.“ Þetta segir séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, um kirkjuna og kvótakerfið.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag lýsti Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, furðu sinni á þögn kirkjunnar um óréttlæti kvótakerfisins og þau brot á mannréttindum sem í því felast og fengist hafi staðfesting á í Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna.

Þórhallur er ekki viss um að rétt sé hjá Grétari að prestar hafi alls ekkert fjallað um kvótakerfið en segir á hinn bóginn að Þjóðkirkjan eigi að vera vakandi fyrir mannréttindabrotum, hvar sem þau birtast. „Prestar hafa verið duglegir að gagnrýna slík brot í fjarlægum löndum og margt það sem miður fer í okkar samfélagi. En ekki allt. Það eru ýmis viðkvæm mál sem kirkjan hefur ekki tekið formlega afstöðu til eins og til dæmis fiskveiðistjórnunarkerfið,“ segir Þórhallur og bætir við að Þjóðkirkjan vilji vera kirkja þjóðarinnar.

„Við höfum séð hvernig þetta kerfi hefur komið illa niður á ýmsum byggðum landsins á meðan fáeinir menn – kvótakóngarnir – hafa auðgast óheyrilega.“ **- bþs**



**FISKVEIÐAR** Séra Þórhallur segir kvótakerfið hafa komið illa niður á ýmsum byggðum landsins.

Björgunarsveit náði til kinda:

# Kindum bjargað úr sjálfheldu

**BÚFJÁRHALD Kindunum sex, sem hafa verið í sjálfheldu í Ólafsvíkurenni frá því í haust, var bjargað á sunnudag. Það voru björgunarsveitarmenn frá Sæbjörgu í Snæfellsbæ sem náðu kindunum. Áður höfðu verið gerðar nokkrar misheppnaðar tilraunir til að ná þeim.**

**Að sögn Margrétar Þorláksdóttur, annars eiganda kindanna, hafa kindurnar það gott og eru í ágætu ástandi.**

**Þeim virðist ekki hafa orðið meint af vistinni á fjallinu. „Þetta er mikill léttir, manni var farið að líða ansi illa að eiga þetta svona úti,“ segir hún. - þeb**

Skipun Orkumálastjóra:

## Vísað til umboðsmanns og kærunefndar

**STJÓRNSÝSLA** Skipun iðnaðarráðherra í embætti Orkumálastjóra kemur bæði til kasta umboðsmanns Alþingis og kærunefndar jafnréttismála.



**RAGNHEIÐUR INGA ÞÓRARINSDÓTTIR**

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri, sem sótti um starfið, sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ætla að fela báðum stofnunum að fjalla um málið. Formleg erindi væru tilbúin.

Ragnheiður krafði iðnaðarráðuneytið um tiltekin gögn í málinu og fékk svör í gær. Segir hún þau ekki fullnægjandi og því verði umboðsmaður Alþingis að falast eftir pappírunum. **- bþs**

Dómsmálaráðherra Ísraels:

## Samkynhneigð pör mega ættleiða börn

**ÍSRAEL, AP Meni Mazuz, dómsmálaráðherra Ísraels, hefur tekið þá ákvörðun að samkynhneigð pör megi ættleiða börn.**

**Áður höfðu samkynhneigð pör í Ísrael fengið rétt til þess að ættleiða börn sameiginlega ef annar helmingur parsins hafði áður ættleitt barnið sem einstaklingur. Framvegis verður sem sagt óþarfi að fara slíka krókaleið.**

**Dómstólar í Ísrael hafa á síðustu árum veitt samkynhneigðum ýmis réttindi svo sem að viðurkenna hjónabönd sem samkynhneigðir hafa gengið í erlendis. Einnig hafa þeir veitt samkynhneigðum pörum erfðarétt á við önnur hjón. - gb**

# Ung stúlka meidd eftir átök við vagnstjóra

**Fjórtán ára stúlka fór á slysadeild eftir átök við strætisvagnstjóra. Foreldrarnir ætla að kæra. Hann hefur áður verið kærður fyrir svipað atvik í starfi en ekur enn strætó. Ekki hægt að sakfella menn á orðrómi, segir framkvæmdastjórinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórtán ára stúlka þurfti að leita á slysadeild á laugardagskvöld eftir viðskipti sín við strætisvagnstjóra í Breiðholti. Foreldrar stúlkunnar hafa fengið áverkavottorð og hyggjast kæra vagnstjórann. Hann hefur áður verið kærður fyrir líkamsárás.

Atvikið átti sér stað skömmu fyrir miðnætti á laugardagskvöld í Hólahverfinu í Breiðholti. Þrjár stúlkur voru á leið í teiti með strætisvagni og létu nokkuð ófriðlega, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þær höfðu fætur sína uppi á sætum, sem hugnaðist vagnstjóranum ekki, auk þess sem áhöld voru uppi um það hvort skiptimiði var í gildi eða ekki.

Viðskiptum vagnstjórans við stúlkurnar lyktaði þannig að hann vísaði tveimur þeirra á dyr, hringdi á lögreglu og hélt þeirri þriðju fastri á meðan hann beið lögreglu. Að sögn vitna tók hann stúlkuna hálstaki, sat á henni til þess að hún hreyfði sig ekki og sneri upp á handlegg hennar.

Þegar lögreglumenn komu á vettvang tóku þeir skýrslu af vagnstjóranum, sem settist síðan undir stýri og hélt för sinni áfram. Tveir farþegar í vagninum óskuðu eftir því að fá að stíga frá borði og létu sækja sig. Skýrslur voru síðan teknar af stúlkunum þremur og voru þær síðan sóttar af forráðamönnum. Sú sem kyrrsett var í vagninum leitaði á slysadeild þar sem hún fékk sér meins í hendinni. Hún reyndist ekki alvarlega meidd en fékk þó áverkavottorð.

Að sögn fósturföður stúlkunnar verður vagnstjórinn kærður fyrir athæfið. Það sjái á stúlkunni auk þess sem aðfarirnar hafi haft sálræn áhrif á hana. Hann segir móður stúlkunnar hafa kvartað yfir vagnstjóranum við Strætó bs. og hlotið góðar viðtökur.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir að rætt hafi verið við vagnstjórann vegna málsins en að öðru leyti hafi enn ekkert verið aðhafst. „Það er svo erfitt að ætla sér að fara að taka einhverja afstöðu án þess að á borðinu liggi fyrir einhver trúverðug niðurstaða í málinu, önnur en bara orð á móti orði,“ segir hann. „Við höfum rekið okkur mjög oft á það að hlutirnir eru ekki alltaf eins og farþeginn lýsir. En auðvitað ekki heldur alltaf eins og strætóbílstjórinn lýsir. Það er allur gangur á því.“

Bílstjórinn sem um ræðir hefur áður verið kærður, þá fyrir að hrinda farþega. Ekki var ákært í því máli og maðurinn ekur enn strætisvagni. „Það er ekki hægt að sakfella menn á einhverjum orðrómi,“ segir Reynir.

**stigur@frettabladid.is**




**STRÆTISVAGNAFARÞEGAR** Foreldrar ungu stúlkunnar ætla að kæra vagnstjórann vegna málsins. Þau segja að það sjái á stúlkunni og aðfarirnar hafi haft sálræn áhrif á hana. Framkvæmdastjóri Strætó segir að rætt hafi verið við bílstjórann.

MYNDIN ER ÚR SAFNI.



**SAFNIÐ Í ZÜRICH** Málverkum eftir fjóra af frægustu málurum sögunnar var rænt af safninu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ellefu milljarða virði rænt:

## Stórbrotið listaverkarán í Sviss

**SVISS, AP** Þrír vopnaðir og grímuklæddir menn rændu málverkum að andvirði 11,15 milljarða króna af safni í Zürich í Sviss á sunnudaginn. Er þetta stærsta listaverkarán sem framið hefur verið í Sviss og eitt það stærsta í Evrópu að sögn talsmanns lögreglunnar, Marcos Cortesi.

Mennirnir komu inn á safnið hálftíma fyrir lokun á sunnudaginn, skipuðu starfsfólki að leggjast á gólfið og stóð einn mannanna vopnaður yfir því meðan hinir tveir fóru og sóttu málverkin sem eru eftir Cézanne, Degas, Van Gogh og Monet.

Rúmlega sex milljónum hefur verið heitið í verðlaun fyrir upplýsingar um hvar málverkin fjögur eru niðurkomin. **- sdg**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Slógust með flöskum

Tveir menn voru fluttir á sjúkrahús á Ísafirði um helgina eftir að út brutust slagsmál í heimahúsi. Fjórir menn slógust og beittu meðal annars brotnum flöskum. Málið er rannsakað sem meiriháttar líkamsárás.

### Fíkniefni í sumarbústað

Amfetamín, hass og tól til fíkniefnaneyslu fundust í sumarbústað í Ölfusi aðfaranótt sunnudags. Lögreglan á Selfossi gerði húsleit eftir að hafa fengið fregnir af fíkniefnaneyslu unglinga sem tekið höfðu bústaðinn á leigu.






Óánægja með skipun umhverfisráðherra í starf forstjóra Umhverfisstofnunar:

# Sjö hæfari en sú sem var ráðin

**STJÓRNSÝSLA** Árni Bragason, fyrrverandi forstjóri Náttúruverndar ríkisins og fyrrverandi staðgengill forstjóra Umhverfisstofnunar, ætlar að krefjast rökstuðnings fyrir skipan í embætti forstjóra Umhverfisstofnunar. Að honum fengnum ætlar hann að vísa málinu til umboðsmanns Alþingis. Umhverfisráðherra skipaði Kristínu Lindu Árnadóttur, sviðsstjóra lögfræði- og stjórnsýslusviðs Umhverfisstofnunar, í forstjórastarfið á fimmtudag.



**ÁRNI BRAGASON**

„Það eru sjö einstaklingar klárlega með meiri reynslu og þekkingu en hún,“ segir Árni sem jafnframt hefur vitneskju um að tveir aðrir umsækjendur hyggist krefja ráðherra um rökstuðning.

Í frétt umhverfisráðuneytisins um skipunina segir að Kristín Linda hafi lokið prófi í lögfræði frá HÍ og meistaranámi í umhverfisfræðum frá Háskólanum í Lundi. Þaðan hafi hún einnig meistaragráðu í Evrópurétti. Kristín Linda var lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu frá 1998 til 2007.

Meðal þeirra 23 sem sóttu um starf forstjóra Umhverfisstofnunar eru sex starfsmenn stofnunarinnar og tveir fyrrverandi starfsmenn hennar. **- bþs**

### ÞAU SÓTTU UM

| | |
|---|---|
| Áki Ármann Jónsson | forstöðumaður |
| Árni Bragason | sérfræðingur |
| Bergur Sigurðsson | framkvæmdastjóri |
| Guðm. Rúnar Svavarsson | rekstrarstj. |
| Gunnlaug Einarsdóttir | sviðsstjóri |
| Halldór Árnason | framkvæmdastjóri |
| Halldór Ó. Zoëga | forstöðumaður |
| Hjalti J. Guðmundsson | sviðsstjóri |
| Jón Örvar Geirsson Jónsson | nemi |
| Karl Friðriksson | framkvæmdastjóri |
| Kristín Elfa Guðnadóttir | ritstjóri |
| Kristín Linda Árnadóttir | sviðsstjóri |
| Kristján Geirsson | fagstjóri |
| María Theodórsdóttir | nemi |
| Már Karlsson | fjármálastjóri |
| Ólafur Ólafsson | ráðgjafi |
| Sigurbjörg Gísladóttir | forstöðumaður |
| Sigurður Magnús Garðarss. | prófessor |
| Soffía B. Guðmundsd. | framkvæmdastjóri |
| Stefán Örn Guðmundsson | vaktstjóri |
| Tómas J. Knútsson | framkvæmdastjóri |
| Trausti Baldursson | fagstjóri |
| Þórður B. Sigurðsson | aðst.framkvæmdastj. |



BYRJUN
BRJÓTA Í ÞÉR BEIN
FARÐU 2 AFTUR
SIGRAST Á FÓBÍUM
SITUR HJÁ 2 UMFERÐIR
FARÐU 3 ÁFRAM
LENDA Í ÁSTARSORG
MJÓLKA BELJU
FARÐU 2 ÁFRAM
SITUR HJÁ 2 UMFERÐIR
STOFNA FYRIRTÆKI OG LENDA Í VESENI
FARÐU 3 ÁFRAM
EITT OG ANNAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA FYRIR FERTUGT
FARA Í TANNRÉTTINGAR
FARÐU 3 AFTUR
SETJA HEIMSMET
FÁ ÞÉR LÍFTRYGGINGU
KASTAÐU TVISVAR
Ef þú hefur fyrir einhverjum að sjá, eða ert með fjárskuldbindingar, þá þarftu líftryggingu.
Þú færð Lífís líf- og sjúkdómatryggingar hjá VÍS.
FARÐU 2 ÁFRAM
LÆRA AÐ RAKA ÞIG MEÐ HNÍF
Lífís
Lífís/Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Þjónustuver 560 5000 www.lifis.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 11.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,18 | 68,50 |
| Sterlingspund | 133,04 | 133,68 |
| Evra | 99,17 | 99,73 |
| Dönsk króna | 13,307 | 13,385 |
| Norsk króna | 12,329 | 12,401 |
| Sænsk króna | 10,533 | 10,595 |
| Japanskt jen | 0,6385 | 0,6423 |
| SDR | 107,47 | 108,11 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
131,1699

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geir H. Haarde segir skynsamlegt af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni að meta stöðu sína:

# Trúverðugleiki hans hefur minnkað

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, vill ekki upplýsa hvort hann styðji Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson til að verða borgarstjóri eftir þrettán mánuði. Hann vonar að Vilhjálmur taki fljótlega af skarið með hvað hann hyggist fyrir og ætlar að taka afstöðu til ákvörðunar hans þegar hún liggur fyrir.

Geir ræddi við blaðamenn um miðjan dag í gær, eftir að Vilhjálmur hafði greint frá því í beinni sjónvarpsútsendingu að hann ætlaði að vera borgarfulltrúi áfram en fara jafnframt yfir stöðu sína.

Geir sagði það rétt mat hjá Vilhjálmi að staða hans hefði veikst að undanförnu og taldi skynsamlegt af honum að fara yfir stöðu sína. „Ég er ekki í vafa um að þegar hann kemst að niðurstöðu þá verði það niðurstaða sem verður bæði í þágu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og borgarbúa,“ sagði Geir.



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra vildi í gær ekki upplýsa hvort hann styðji Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í stól borgarstjóra.

Hann kvað þá hafa ræðst við síðustu daga en vildi ekki upplýsa hvað þeim hefði farið á milli. Geir sagði ekkert nýtt hafa komið fram í REI-skýrslunni en að Vilhjálmi hafi orðið á mistök í sjónvarpsþætti. „Það er ljóst að trúverðugleiki hans beið ákveðinn hnekki af því tilefni og hann er að reyna að vinna sig út úr þeim erfiðleikum,“ sagði Geir. **- bþs**

Hryðjuverkahótun í Kabúl:

## Norðmenn rýma sendiráð

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld hafa látið rýma norska sendiráðið í Kabúl í Afganistan vegna hótunar um hryðjuverkaárás. Sendiráðsstarfsmennirnir hafa verið fluttir á óþekktan stað, að sögn norska dagblaðsins Dagbladet.

Aðrir Norðmenn í Afganistan hafa verið varaðir við því óttast er að ráðist verði á þá úr því sendiráðið er mannlaust. Um fimmtíu borgaralegir Norðmenn búa í Afganistan.

Al-Kaída-hryðjuverkanetið hefur tilgreint Noreg sem þjóð sem skuli fá að gjalda þess að hafa sent herlið bæði til Íraks og Afganistans. **- ghs/aa**



**ÓVÆNTAR FRÉTTIR** Lesandi dagblaðs í þjóðlegum klæðum í Rangún. Fréttirnar af áformaðri boðun kosninga komu flestum á óvart. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnmál í Búrma:

## Boðun kosninga gagnrýnd

**BÚRMA, AP Tilkynningu herforingjastjórnarinnar í Búrma (Myanmar) um að hún muni standa fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá nú í maí og lýðræðislegum þingkosningum árið 2010 var ekki vel tekið meðal gagnrýnenda stjórnarinnar heima og heiman. Þeir telja þessar boðuðu aðgerðir vera of lítið og of seint.**

**Stjórnin tilkynnti um kosningarnar um helgina, en það var í fyrsta sinn sem hún festi dagsetningar á aðgerðir sínar í því sem hún kallar leiðarvísi til lýðræðis. Gagnrýnendur telja þennan leiðarvísi aðeins til þess ætlaðan að tryggja herforningjunum völdin til eilífðarnóns.** **- aa**

### LEIÐRÉTTING

Í frétt Fréttablaðsins á laugardag kom fram að SPRON hefði verið í fyrsta sæti Íslensku ánægjuvogarinnar. Það er ekki rétt. Það var Sparisjóðurinn sem var í fyrsta sæti. Jafnframt því að skora hæst yfir fjármálafyrirtæki þá skoraði Sparisjóðurinn langhæst yfir þau fyrirtæki sem mæld voru. Sparisjóðurinn er sameiginlegt vörumerki sparisjóða að undanskildum BYR og SPRON.

# Afsögn kom aldrei til greina hjá Vilhjálmi

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir það aldrei hafa komið til greina að hann hætti sem borgarfulltrúi fyrir lok kjörtímabilsins. Óvíst er hvort Vilhjálmur verður borgarstjóri. Hann segir sína eigin persónu ekki ganga fyrir æðri hagsmunum.**

**STJÓRNMÁL** „Það kom aldrei til greina að ég hætti,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur.

Þung undiralda var fyrir og um helgina innan Sjálfstæðisflokksins vegna framgöngu Vilhjálms í REI-málinu og umræðum um það. Síðustu þrjá daga ræddi Vilhjálmur á hverjum degi um stöðuna við formann flokksins, Geir Haarde forsætisráðherra. Málið var rætt á fundi borgarfulltrúa sjálfstæðismanna á hádegisfundi þeirra í gær í höfuðstöðvum flokksins.

„Það liggur fyrir að ég hef stuðning frá mínum félögum. Það var engin tillaga eða ósk um að ég gerði eitthvað annað en að halda áfram, síður en svo,“ segir Vilhjálmur.

Aðrir borgarfulltrúar en Vilhjálmur vildu lítið tjá sig eftir fundinn. Jórunn Frímannsdóttir sagði þó að niðurstaða fundarins væri góð og að um hana ríkti sátt. Þau Hanna Birna Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson fóru út um kjallaraútgang og óku síðan saman á brott án þess að gefa færi á viðtali.

Vilhjálmur segist gera ráð fyrir að hann bjóði sig ekki fram fyrir næsta kjörtímabil. Málefnasamningi borgarstjórnarmeirihlutans, um að hann taki við af Ólafi F. Magnússyni sem borgarstjóri á næsta ári, verði ekki breytt nema í samráði við samstarfsflokkinn.

„Samningurinn gengur út á að ég verði borgarstjóri eftir eitt ár og einn mánuð en ég mun auðvitað skoða mín mál á næstu mánuðum og misserum. Ég er ekki slíkur egóisti að ég láti mína persónu ráða einhverjum öðrum hagsmunum séu þeir hærri,“ segir Vilhjálmur.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn segist njóta stuðnings eigin liðsmanna og ætlar ekki að hætta sem borgarfulltrúi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég er ekki slíkur egóisti að ég láti mína persónu ráða einhverjum öðrum hagsmunum séu þeir hærri.“
>
> **VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**
> BORGARFULLTRÚI

Að sögn Vilhjálms finnst honum skorta á að Samfylkingin sé dregin til ábyrgðar fyrir REI-málið. „Það vill svo til að fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar á þessum tíma, varamaður Dags B. Eggertssonar sem var fjarverandi, Sigrún Elsa Smáradóttir, samþykkti allt þetta samrunaferli án nokkurra efnislegra athugasemda,“ segir Vilhjálmur sem kveðst telja Reykvíkinga orðna þreytta á umræðunni um REI. Hann ítrekar að hann hafi beðist afsökunar á því að farið hefði verið of geyst í málinu og skort hefði á samráð:

„Yfirleitt segja menn af sér ef þeir hafa brotið eitthvað af sér, stolið eða gert einhvern annan óskunda en ég hef ekki farið á svig við lög eða reglur.

Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir þeirri óánægju sem hefur verið að magnast upp í þessu máli en við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins erum staðráðnir í að leggja okkur fram og læra af því.“ **gar@frettabladid.is**

Svandís Svavarsdóttir:

## Borgin er enn í uppnámi

„Maður hefur sjaldan séð annan eins vandræðagang,“ segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna. „Þarna sat Vilhjálmur einn þar sem borgarfulltrúarnir höfðu sniglast út bakdyramegin og forystan var ósýnileg. Yfirlýsingin innihélt ekkert annað en viðurkenningu á því að hann bæri ábyrgð en þó að hann ætlaði áfram að meta stöðu sína. Það er alvarlegt mál að Sjálfstæðisflokkurinn skuli leyfa sér að haga sér með þessum hætti. **- ovd**

Dagur B. Eggertsson:

## Framhald af ógöngunum

„Mér finnst þetta býsna raunalegt allt saman,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. „Málflutningurinn var framhald af þeim ógöngum sem Vilhjálmur hefur ratað í á undanförnum dögum. Þessi flokkur sem var kjölfestan í íslenskum stjórnmálum alla síðustu öld greinilega ræður ekki við að axla ábyrgð og taka á þeirri stöðu sem uppi er í borginni. Á meðan er ekki verið að hugsa um borgarbúa og ákvarðanir og úrlausnarefni liggja og bíða sem er með miklum ólíkindum. **- ovd**

Óskar Bergsson:

## Völdu neyðarútganginn

„Að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins skuli hafa valið neyðarútganginn út úr Valhöll segir meira en mörg orð um ástandið í Sjálfstæðisflokknum,“ segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. „Ég held að ástæðan fyrir því að Vilhjálmur haldi áfram sé sú að hann er í raun og veru tengingin við Ólaf F. Magnússon. Til þess að halda þessum veika meirihluta saman, sem Vilhjálmur stofnaði til, verður Sjálfstæðisflokkurinn að sitja uppi með hann.“ **- ovd**




# Hópferðir

Hópadeild Iceland Express gerir hópum, 11 manns og fleiri, tilboð í allar gerðir hópferða til áfangastaða flugfélagsins.

Kynntu þér kostina í síma 5 500 600 eða á www.icelandexpress.is/hopar

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNANDI VEÐUR**

Nú eru horfur á að töluvert hlýni á fimmtudaginn. Reyndar verður frostlaust syðra í dag en annars víða frost. Á morgun nálgast lægð með hlýtt loft meðferðis og það loft verður komið yfir meginhluta landsins á morgun. Það verður nokkuð vindasamt á morgun þegar hlýja loftið tekur land og gæti vel slegið í storm á syðstu annesjum.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Fremur hæg suðvestanátt. Skýjað með köflum og stöku él. Hiti nálægt frostmarki.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Víðast 10-18 m/s, hvassast syðst.

*» fimmtudagur*




5-10 m/s.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C heiðskírt | London | 12°C heiðskírt | Friedrichshafen | 9°C heiðskírt |
| Billund | 6°C hálfskýjað | París | 11°C heiðskírt | Lúxemborg | 8°C hálfskýjað |
| Osló | 1°C hálfskýjað | Amsterdam | 9°C heiðskírt | Alicante | 15°C skúrir |
| Stokkhólmur | 3°C heiðskírt | Frankfurt | 11°C heiðskírt | Róm | 11°C heiðskírt |
| Gautaborg | 5°C hálfskýjað | Berlín | 8°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR

## Núna bjóðum við 9 betri notaða bíla á sérkjörum



**SÉRTILBOÐ: 950.000 kr.**

**Hyundai Getz Sport**
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.04 Ekinn: 29.000 km
Verð: 1.120.000 kr. Skr.nr. SN-822
**Tilboð: 950.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 950.000 kr.**

**Hyundai Getz**
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 03.05 Ekinn: 22.000 km
Verð: 1.090.000 kr. Skr.nr. NO-091
**Tilboð: 950.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.250.000.kr.**

**Renault Megane II Scenic**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.04 Ekinn: 27.000 km
Verð: 1.650.000 kr. Skr.nr. PF-331
**Tilboð: 1.250.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 890.000 kr.**

**Suzuki Grand Vitara**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.01 Ekinn: 58.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Skr.nr. TO-847
**Tilboð: 890.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.090.000 kr.**

**Hyundai Santa Fe**
2700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.01 Ekinn: 103.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. YO-915
**Tilboð: 1.090.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 590.000 kr.**

**Ford Focus W/G Ambiente**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.02 Ekinn: 120.000 km
Verð: 830.000 kr. Skr.nr. RT-299
**Tilboð: 590.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 390.000.kr.**

**Ford Focus H/B Ambiente**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.00 Ekinn: 130.000 km
Verð: 660.000 kr. Skr.nr. VX-897
**Tilboð: 390.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.350.000 kr.**

**Toyota Corolla**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. VM-709
**Tilboð: 1.350.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.640.000 kr.**

**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.06 Ekinn: 19.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. TF-479
**Tilboð: 1.640.000 kr.**

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41068 02.2008

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson setjist aftur í stól borgarstjóra?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,3% |
| Nei | 64,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú fordóma í garð útlendinga hafa aukist á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, um kjaramálin:

# Lokaatlagan í kjaraviðræðum hafin

**KJARAMÁL** Samkomulag hefur tekist um fjölmörg atriði í kjaraviðræðum Starfsgreinasambandsins, Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að „ágreiningsefnunum fækki kerfisbundið og vel“. Búist er við að samkomulag verði í höfn á næstu dögum.

Rætt er um að semja til tveggja og hálfs til þriggja ára, lágmarkslaun verði 145 þúsund krónur á mánuði og hækki upp í 165 þúsund krónur eftir þrjú ár. Ef samningurinn verður til þriggja ára vill Starfsgreinasambandið að lágmarkslaun hækki í minnst 175 þúsund krónur.

Miðað er í dag við fjögurra prósenta launahækkun og tvisvar sinnum 2,5 prósent. Notast verður við svokallaða baksýnisspegla þannig að á árs fresti verði litið til baka og staða mála metin.

Kristján segir að línurnar hafi skýrst en tölurnar séu ennþá of lágar. Prósentuhækkunin sé of lág miðað við verðbólguna. „Við þurfum að sjá þetta þróast eitthvað,“ segir hann. „Ég er með fullskipaða samninganefnd eins og þurfa þykir næstu daga. Lokaatlagan er hafin.“ - ghs



**GÓÐUR GANGUR** Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir kjaraviðræður ganga vel og ágreiningsefnum fækki jafnt og þétt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný borhola í Árborg:

# Nægt heitt vatn til framtíðar

**SVEITARSTJÓRNIR Ný borhola við Ósabotna er talin munu verða til þess að Selfossveitur geti annað heitavatnsþörf í Árborg í næstu framtíð. Þetta kemur fram í svari meirihluta bæjarráðs við fyrirspurn frá minnihluta sjálfstæðismanna.**

**Í svarinu segir að í kuldakastinu undanfarið hafi álag á hitaveituna tvöfaldast og notkunin verið 200 lítrar á sekúndu.**

**Holan við Ósabotna er 1.720 metrar að dýpt og gefur 50 lítra á sekúndu af 90 gráðu heitu vatni. Reiknað er með að holan verði tekin í notkun í haust.** - gar






**RÍKISSTJÓRN SJÁLFSTÆÐISFLOKKS OG FRAMSÓKNARFLOKKS** Frá desemberbyrjun 2006 fram á miðjan maí 2007 ráðstöfuðu ráðherrar rúmum fjórtán milljörðum króna úr ríkissjóði næstu tvö kjörtímabil. Jón Bjarnason telur það hafa verið gert í trássi við lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Segir atkvæðakaup augljós og vill ný lög

**Jón Bjarnason VG segir nýja skýrslu staðfesta að ráðherrar hafi keypt sér atkvæði í síðustu kosningabaráttu. Í henni kemur fram að ráðherrar gerðu skuldbindandi samninga fyrir rúma fjórtán milljarða króna síðustu mánuði fyrir kosningar.**

**ALÞINGI** Síðustu fimm mánuðina fyrir alþingiskosningarnar í fyrra stofnuðu ráðherrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks til útgjalda upp á rúma fjórtán milljarða króna, með samtals 57 samningum, viljayfirlýsingum eða fyrirheitum.

Þetta kemur fram í skýrslu forsætisráðherra sem Jón Bjarnason og fleiri þingmenn Vinstri grænna óskuðu eftir.

Í skýrslunni segir að samningar sem ráðuneytin gera til lengri tíma en eins árs séu ýmist gerðir með fyrirvara um samþykki Alþingis eða með heimild í fjárreiðulögum. Jón Bjarnason telur á hinn bóginn að þessi vinnubrögð séu óheimil enda stangist þau á við stjórnarskrána þar sem stendur að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

„Skýrslan sýnir að síðustu vikur og mánuði fyrir kosningar hlaupa ráðherrar til og skrifa undir samninga og yfirlýsingar um fjárveitingar af hálfu ríkissjóðs án þess að hafa til þess heimild,“ segir Jón. Hann segir tilganginn með slíkum vinnubrögðum augljós. „Menn eru bara að kaupa sér atkvæði.“

Jón vill að sett verði lög þar sem ráðherrum verði beinlínis bannað að gefa út skuldbindandi yfirlýsingar fyrir hönd ríkissjóðs síðustu sex mánuði fyrir kosningar, nema almannaheill eða öryggi þjóðarinnar krefjist þess. Samningarnir, viljayfirlýsingarnar og fyrirheitin, sem greint er frá í skýrslunni, eru af ólíkum toga. Að ósk Jóns Bjarnasonar nær hún til tímabilsins 6. desember 2006 og fram til þess tíma er þáverandi ríkisstjórn lét af störfum undir lok maí 2007. Skýrslan tekur til skuldbindinga sem falla til á þessu og næsta kjörtímabili.

Á þessu tímabili undirritaði dómsmálaráðherra til dæmis samninga vegna kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, á vegum félagsmálaráðuneytisins voru framlengdir viðamiklir samningar um málefni fatlaðra og í landbúnaðarráðuneytinu voru meðal annars gerðir samningar um Hekluskóga sem skuldbinda ríkið til að greiða samtals 428 milljónir til verkefnisins á þessu og næsta kjörtímabili.

bjorn@frettabladid.is

### FJÓRTÁN MILLJARÐAR

**Samningar sem ráðherrar skrifuðu undir á tímabilinu 6. desember 2006 til ríkisstjórnaskiptanna í maí 2007**

| | Fjöldi samninga | Fjárhæðir |
|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 1 | 135 |
| Menntamálaráðuneyti | 7 | 129 |
| Utanríkisráðuneyti | 4 | 686 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 3 | 961,7 |
| Dóms- og kirkjum.ráðun. | 12 | 4.997,2 |
| Félagsmálaráðuneyti | 9 | 5.933 |
| Heilbr.- og trygg.ráðun. | 15 | 648,6 |
| Fjármálaráðuneyti | 1 | 422 |
| Samgönguráðuneyti | 2 | 242,5 |
| Iðnaðarráðuneyti | 1 | 225 |
| Umhverfisráðuneyti | 2 | 19,5 |

Upphæðir eru í milljónum króna



* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar. Ferðatímabil: 7. feb.–31. des.

Sex Guantánamo-fangar ákærðir og farið fram á dauðadóm:

# Hafa aldrei hitt lögfræðing

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk stjórnvöld hafa ákært sex fanga, sem dveljast í fangabúðum Bandaríkjahers við Guantánamo á Kúbu. Farið er fram á dauðadóm yfir föngunum, sem hafa verið árum saman í haldi Bandaríkjamanna án þess að hitta svo mikið sem lögfræðing.

Þeir eru allir sagðir hafa tekið þátt í skipulagningu og undirbúningi árásanna á New York og Washington þann 11. september árið 2001.

Hinir ákærðu eru Khalid Sheikh Muhammed, sem sagður er hafa skipulagt árásirnar, Mohammed al-Qahtani, sem Bandaríkjamenn segja að hafi átt að verða 20. flugræninginn, Ramzi Binalshibh, sem sagður er hafa verið milliður árásarmannanna og helstu leiðtoga Al Kaída-samtakanna, Ammar al-Baluchi, sem sagður er hafa verið undirforingi Khalids Sheikhs Muhammed, Mustafa Ahmad al-Hawsawi, aðstoðarmaður al-Baluchis, og Waleed bin Attash, sem sagður er hafa þjálfað suma árásarmennina.

Khalid Sheikh Muhammed er einn þeirra þriggja Guantánamo-fanga sem leyniþjónustan CIA viðurkennir að hafa beitt pyntingum við yfirheyrslur.

Hann var meðal fimmtán fanga sem CIA hafði í leynifangelsum í Asíu eða Evrópu en var fluttur til Guantánamo haustið 2006. - gb



**KHALID SHEIKH MUHAMMED** Bandaríkjamenn segja hann hafa verið höfuðpaur hryðjuverkanna 11. september 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# ÞAÐ ER ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU AÐ VERA Í STOFNI

Árleg endurgreiðsla er aðeins einn af fjölmörgum kostum þess að vera í Stofni. Má þar nefna afslátt af tryggingum og barnabílstólum, ókeypis flutningstryggingu, bílaleigubíl vegna kaskótjóns ásamt nýjasta þjónustuliðnum: Vegavernd Sjóvá.

Farðu á sjova.is eða hringdu í síma 440 2000 og kynntu þér kosti þess að vera í Stofni. Vertu viss um að njóta góðrar þjónustu.

**ENDURGREIÐSLA – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI**

SJÓVÁ
STOFN

Forseti Austur-Tímors alvarlega særður og forsætisráðherra slapp naumlega:

# Valdaránstilraun mistókst

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Jose Ramos-Horta, forseti Austur-Tímors, særðist alvarlega þegar gerð var tilraun til valdaráns snemma í gærmorgun.

Hann fékk skot bæði í maga og brjóst og var fluttur til Ástralíu á sjúkrahús þar sem læknar sögðust vongóðir um að hann myndi ná sér. Þó var hann ekki sagður úr lífshættu.

Alfredo Reinado, leiðtogi uppreisnarmanna, féll í átökunum. Hann er einn þeirra 600 hermanna sem voru reknir úr hernum árið 2006 eftir að hafa gert uppreisn. Brottrekstur þeirra olli víðtækum óeirðum í landinu og kostuðu þær 37 manns lífið. Um klukkustund eftir árásina á Ramos-Horta slapp Xanana Gusmao forsætisráðherra ómeiddur þegar árás var gerð á bílalest hans.

„Ég lít svo á að þetta hafi verið valdaránstilraun sem Reinado stóð að, og hún mistókst,“ sagði Gusmao. Hann sagði þetta hafa verið vel skipulagða aðgerð sem hefði átt að „lama stjórnina og skapa óstöðugleika, en þetta verður stjórninni ekki að falli.“

Útgöngubann var sett á í höfuðborginni Dili þegar skyggja tók.

Áströlsk stjórnvöld sögðust ætla að senda viðbótarherlið til Austur-Tímor í friðargæslu og fjölga í alþjóðlegu lögregluliði sem starfrækt er þar á vegum Sameinuðu þjóðanna. **- gb**



**ALFREDO REINADO** Uppreisnarforinginn Reinado féll í valdaránstilraun sinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórn Glitnis segir kaupin á hlutabréfum Bjarna innan valdheimilda og eðlileg:

# Spurt um bersýnilega mismunun

**VIÐSKIPTI** „Það er álitamál hvort stjórnin hafi verið að umbuna honum sem hluthafa eða starfsmanni,“ segir Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúnkt í skattarétti við viðskiptadeild Háskóla Íslands um boðaða lögsókn Vilhjálms Bjarnasonar á hendur stjórnar Glitnis vegna kaupa bankans á hlutabréfum Bjarna Ármannssonar.

„Hins vegar er álitamál hvort í þessum tíu prósenta mismun eða yfirverði felist að skilyrðinu um bersýnilega mismunun sé fullnægt,“ segir Ásmundur.

Stjórn Glitnis banka hf. sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna ummæla Vilhjálms.

Að mati stjórnar leikur enginn vafi á því að umrædd kaup féllu innan valdheimilda stjórnar og voru eðlileg í alla staði.

Á aðalfundi Glitnis 30. maí 2007 var samþykkt tillaga stjórnar um kaup á eigin hlutum í félaginu.

Heimildin standi í 18 mánuði og segir þar að kaupverð hluta skuli vera lægst 10 prósent lægra og hæst 10 prósent hærra, en skráð kaup- eða sölugengi í Kauphöll Íslands hf.

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra segir þau í ráðuneytinu hafa farið yfir lögin í gærmorgun. „Mér sýnast lögin vera mjög afdráttarlaus og skýr þannig að þau ættu ekki að vera fyrirstaða,“ segir Björgvin sem telur fróðlegt að fylgjast með málarekstrinum. „Við munum setjast aftur yfir þetta í kjölfarið og fara yfir hvort það kalli eitthvað á endurskoðun lag-



**ÁSMUNDUR G. VILHJÁLMSSON**

### 76. GREIN LAGA UM HLUTAFÉLÖG

Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.


Orkuveita Reykjavíkur

Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag. Á tímum rafrænna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi. Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreidslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum. Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.




• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.

www.or.is



www.haskoladagurinn.is

HVERT VERÐUR ÞITT FRAMTÍÐAR-VERKFÆRI?



Taktu ekki stærstu ákvörðun ævi þinnar án þess að kynna þér málin vel.

**Kynning á háskólanámi í Ráðhúsi Reykjavíkur:** Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands.

HÁSKÓLADAGURINN
16. FEBRÚAR 2008 KL. 11:00 - 16:00

YFIR 500 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI!

Nám við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands verður kynnt á Háskólatorgi Háskóla Íslands.
Framhaldsnám í Danmörku verður kynnt í Norræna húsinu.

Allt að
15,05%
vextir



# Frábærir
vextir á sparnaðinn þinn!

### SPRON Vaxtabót
**– allt að 15,05% vextir***

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

### SPRON Viðbót
**– allt að 7,95% vextir***

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

### SPRON Veltubót
**– allt að 14,59% ársávöxtun***

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus



Þú getur stofnað reikning
á **spron.is**

spron

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 11. febrúar 2008.*



**FÁNALITIR Í ANDLITINU** Þessi knattspyrnuáhugakona frá Gana mætti í síðustu viku á undanúrslitaleik Gana og Kamerúns fagurlega skreytt fánalitum lands síns. NORDICPHOTOS/AFP

Myndstef frumsýnir tvær nýjar heimildarmyndir um höfundarrétt á myndverkum:

# Verkin eru alltaf jafn vernduð

**NEYTENDUR** „Þótt maður kaupi mynd þá eignast maður ekki höfundarréttinn heldur bara frumverkið,“ segir Knútur Bruun, formaður Myndstefs, sem nýlega frumsýndi tvær heimildarmyndir um höfundarrétt á verkum. „Önnur myndin fjallar fyrst og fremst um myndhöfundarrétt. Hin fjallar um vernd höfundarréttar á netinu, í hinu stafræna umhverfi,“ segir Knútur.

Hann segir að þótt miðillinn breytist þá breytist reglurnar um höfundarvernd ekki og verkin því jafn vernduð. Vill hann meina að ungt fólk hafi lítið höfundarréttarlegt uppeldi. „Það veit að þetta er ekki leyfilegt, eins og titillinn ber með sér.“ Titlar myndanna eru Ég veit að þetta má ekki en það gera það allir og Hver á þetta pensilfar? „Okkur finnst að það vanti að kenna ungu fólki að nota höfundarrétt og umgangast hann með þeim hætti sem á að umgangast allan eignarétt.“

Knútur segir þau hjá Myndstefi ætla að dreifa myndunum til stofnana sem fara með höfundarrétt. Þar með talið til háskóla, framhaldsskóla, safna, auglýsingastofa, banka og fleiri stofnana og fyrirtækja sem meðhöndla höfundarrétt. Einnig sé ætlunin að gefa kost á fyrirlestrum. Þá sé eintak af myndinni í skoðun hjá Námsgagnastofnun, jafnvel með það í huga að sýna í grunnskólum. - ovd



**KNÚTUR BRUUN** Formaður Myndhöfundasjóðs Íslands við frumsýningu tveggja nýrra heimildarmynda Myndstefs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Skoðanakönnun í Japan:

# Flestir Japanar styðja hvalveiðar

**JAPAN, AP** Tæplega tveir af hverjum þremur Japönum styðja áframhaldandi vísindaveiðar á hval og yfir helmingur vill að hvalkjöt sé notað til manneldis. Þetta kemur fram í könnun sem birtist í japanska dagblaðinu Asahi.

Fimmtungur aðspurða sagðist andvígur áframhaldandi veiðum. Stuðningur var heldur meiri hjá körlum en konum.

Árlega veiða Japanar yfir 1.000 hvali. Veiðarnar eru harðlega gagnrýndar á alþjóðavettvangi en þær eru leyfðar sem vísindaveiðar samkvæmt reglum Alþjóðahvalveiðiráðsins. - sdg




Biblía 21. ALDAR

Hún Soffía, amma mín, sem var mjög trúuð og mikill sósíalisti, gaf mér stóra og fallega Biblíu þegar ég var unglingur á mótþróaskeiði. Við vorum sammála í þjóðfélagsmálum en henni þótti ég ganga heldur langt í veraldlegum sjónarmiðum á kostnað hinna andlegu. Ég var ekkert sérstaklega uppnumin yfir gjöf hennar en svo fór ég að lesa í Biblíunni og hef alltaf lesið í henni síðan, og þetta er sú bókargjöf sem mér er kærust. Sem bókmenntaverk er Biblían uppspretta alls, tærustu ljóðlistar, margbrotinnar sagnalistar, en um leið er hún opinberun einfaldra sanninda, leiðsluverk fyrir leitandi sálir, hjarta hjartlausrar veraldar, meistaraverkið sem allir geta leitað til, alltaf.

*Einar Már Guðmundsson*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




**GASFLUTNINGAR** Risatankskipið Arctic Princess leggur í haf með fyrsta farminn af fljótandi jarðgasi frá Mjallhvítarsvæðinu í október síðastliðnum. LJÓSMYND/STATOIL-HYDRO

# Ekkert kapp um N-Íshaf

**Ríkir hagsmunir kölluðu á að Norðmenn mótuðu sér sérstaka stefnu í hánorðri. Samræmandi stefnunnar í norska utanríkisráðuneytinu fjallaði um ógnir og tækifæri á norðurslóðum í erindi í Háskóla Íslands.**

**UTANRÍKISMÁL** Þrjú af þeim málum sem efst eru á baugi í alþjóðamálum um þessar mundir – orkumál, loftslagsmál og Rússland – sameinast öll í eitt á norðurslóðum. Þetta er til vitnis um hve aðkallandi það var fyrir norsk stjórnvöld að móta sér sérstaka stefnu í málefnum norðurslóða, að því er Geir Westgaard, sérlegur ráðgjafi og yfirmaður hánorður-verkefnisins í norska utanríkisráðuneytinu, segir í samtali við Fréttablaðið.

Westgaard hélt á miðvikudag fyrirlestur í Háskóla Íslands um „ógnanir og tækifæri í hánorðri“ frá norskum sjónarhóli. Westgaard leiddi samstarf ýmissa aðila í Noregi við mótun á norðurslóðastefnu norskra stjórnvalda, en hún var lögð fram í desember 2006 eftir langt tilurðarferli. Westgaard hefur daglega yfirumsjón með samræmingu stefnunnar fyrir hönd norskra stjórnvalda.

Drifkraftarnir að baki mótunar norðurslóðastefnunnar segir Westgaard að hafi fyrst og fremst verið þríþættir:

Í fyrsta lagi loftslagsbreytingarnar, sem hvergi eru eins áþreifanlegar og í hánorðri og hröð bráðnun heimskautsíssins ber glöggt vitni; í öðru lagi er vitað að undir botni Barentshafs er að finna gríðarmiklar jarðgas- og olíulindir og nýtingu þeirra á þessu svæði viðkvæmrar náttúru verður að stýra af nærgætni og ábyrgð; loks hefur þróunin í Rússlandi – sem Noregur á landamæri að í hánorðri – í forsetatíð Vladimírs Pútín birst með sérstökum hætti á norðurslóðum og sú þróun hefur þannig kallað á að norsk stjórnvöld bregðist við með vel ígrunduðum hætti.

Lykilatriði norðurslóðastefnunnar er sjálfbærni að sögn Westgaards. „Sem stórframleiðandi jarðefnaeldsneytis álítur Noregur sig bera sérstaka ábyrgð,“ segir hann. Bæði stjórnvöld og þau norsku fyrirtæki sem hyggi á að taka þátt í að nýta jarðefna-auðlindirnar í hánorðri séu einhuga um að gera það með sjálfbærni og sjálfbærni að leiðarljósi.



**GEIR WESTGAARD** Ríkir hagsmunir í húfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýting þessara auðlinda – sem nú þegar er hafin með gasvinnslu á Mjallhvítarsvæðinu svonefnda – mun hafa í för með sér stóraukna umferð risaflutningaskipa með eldfiman farm, og sú umferð mun að hluta liggja um lögsögu Íslands. Að tryggja öryggi þessara flutninga er meðal sameiginlegra hagsmunamála Íslands og Noregs og kallar bæði á tvíhliða og fjölþjóðlegt samráð og samvinnu.

Westgaard hafnar því annars að í gangi sé alþjóðlegt „kapphlaup um Norður-Íshaf“. Ágreiningur ríkjanna sem eiga land að Norður-Íshafi um landgrunnsréttindi sé í föstum farvegi alþjóðaréttarins og ástæðulaust að ætla annað en að hann verði leystur á þeim vettvangi. audunn@frettabladid.is


DAX

Hreinar hendur
- örugg samskipti



DAX Handsápa mild 600 ml með dælu 198 kr.

DAX Sótthreinsiservíettur 20 stk. 393 kr.

DAX Hand & húðkrem 600 ml með dælu 496 kr.
DAX Handáburður 250 ml 259 kr.

DAX Handspritt 60 5 ltr. 1.492 kr.
DAX Handspritt 60 600 ml með dælu 296 kr.
DAX Handspritt 70 600 ml með dælu 296 kr.

Á tilboði í febrúar 2008
DAX Handspritt, krem og sápur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV
RV UNIQUE 020802




# GLITNIR STYRKIR AFREKSKONUR Í ÍÞRÓTTUM

Afrekskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ auglýsir eftir styrkjum vegna annarrar úthlutunar úr sjóðnum. Tilgangur Afrekskvennasjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda íþrótt sína og ná árangri. Umsóknarfrestur er til föstudagsins 15. febrúar.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á www.glitnir.is og www.isi.is.

**ÞÍN VELGENGNI ER OKKAR VERKEFNI**

GLITNIR




Kona dæmd til sex mánaða fangelsisvistar:

# Flutti kókaín innvortis

**DÓMSMÁL** Kona var dæmd til sex mánaða fangelsisvistar fyrir fíkniefnainnflutning í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Konan var á leið frá París í apríl 2006 þegar hún var gripin með rúm 113 grömm af kókaíni í Leifsstöð. Efnin voru falin innvortis.

Þá var konan einnig sakfelld fyrir að hafa stolið vörum úr verslun fyrir rúmar fimm þúsund krónur. Hún játaði bæði brotin.

Fram kemur í dómnum að konan hafi farið ótilneydd til Spánar í þeim tilgangi að flytja um eitt kíló af kókaíni til landsins. Hún hafi átt að hagnast um eina milljón króna á innflutningnum. Það hafi hins vegar verið aðstæður sem ekki snertu hana sem urðu til þess að hún flutti aðeins hluta efnanna til landsins. Kókaínið sem hún flutti til landsins var mjög sterkt, en ekki liggur fyrir hvort hún hafi sjálf átt að selja eða dreifa efnunum.

Í dómnum er litið til þess að konan var ung og í óreglu þegar brotin voru framin. Tæp tvö ár séu nú liðin frá seinna brotinu. Konan hefur, að því er fram kemur í dóminum, snúið við blaðinu og verið í fastri vinnu í ár. Því var ákveðið að skilorðsbinda fjóra mánuði af refsingunni.

**- þeb**

Bílskúrsmál í Fífuhvammi:

# Rangfærsla um sátt hörmuð

**SVEITARSTJÓRNIR Fulltrúar Samfylkingar í skipulagsnefnd Kópavogs segjast hafa fengið rangar upplýsingar vegna veitingar byggingarleyfis fyrir bílskúr í Fífuhvammi í ágúst í fyrra. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu kærði nágranni byggingarleyfið og úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála felldi það úr gildi. „Í skipulagsnefnd og í bæjarráði vorum við fullvissuð um að sátt lægi fyrir í málinu. Nú er ljóst að upplýsingar um sátt milli aðila voru rangar og hörmum við það," segir í bókun fulltrúa Samfylkingarinnar.**

**- gar**

# Áfall fyrir mafíuna

**Aðgerðir lögreglunnar í New York og á Ítalíu komu í veg fyrir framhald á aldarfjórðungs gömlu hefndarstríði. Góðan árangur lögreglunnar má rekja til handtöku ítalska mafíuforingjans Salvatore Lo Piccolo á síðasta ári.**

**ÍTALÍA, AP** Ítölsku og bandarísku lögreglunni varð töluvert ágengt í baráttu sinni gegn mafíunni þegar meira en hundrað manns voru handteknir í báðum löndunum nú fyrir helgi.

Markmið aðgerðanna var að lama Gambino-fjölskylduna í New York, eyðileggja tengsl ítölsku mafíunnar við félaga sína í New York og koma í veg fyrir framhald á áratuga gömlu mafíustríði.

Inzerillo-fjölskyldan flúði nánast í heilu lagi til New York fyrir um aldarfjórðungi frá Ítalíu þar sem hún hafði orðið illa úti í einu blóðugusta mafíustríði sögunnar.

Í New York hefur þessi fjölskylda síðan notið verndar Gambino-fjölskyldunnar, sem um miðja síðustu öld var ein af fimm stóru mafíufjölskyldunum í New York.

Undanfarið hafði lögreglan í New York og á Ítalíu fengið veður af því að Inzerillo-fjölskyldan hygðist snúa aftur til Ítalíu. Óttast var að þeim flutningum myndi fylgja morðalda þegar hinir brottflúnu kæmu fram síðbúnum hefndum heima fyrir.

Árangur lögreglunnar í vikunni má að mestu rekja beint til sikileyska mafíuforingjans Salvatore Lo Piccolo, sem var handtekinn í nóvember síðastliðnum.

Lo Piccolo hafði reynt að nýta sér veikleika mafíunnar á Ítalíu, eftir að nokkrir helstu foringjar hennar höfðu verið handteknir, til að ná völdum innan hennar. Í því skyni sendi hann meðal annars fulltrúa sína til New York og leyfði einnig nokkrum meðlimum Inzerillo að koma til Ítalíu. Lögreglan fylgdist hins vegar grannt með þessum tilburðum, og beitti bæði hlerunum og eftirlitsmyndavélum.

Í New York voru nærri 90 manns ákærðir og eru flestir komnir í vörslu lögreglunnar. Á Ítalíu voru það 29 manns sem lögreglan reyndi að hafa hendur í hári, og flestir þeirra náðust. Meðal hinna handteknu er John D'Amico, núverandi leiðtogi Gambino-mafíunnar.



**HANDTÖKUR Í NEW YORK** Ónafngreindir félagar í Gambino-mafíunni teknir í vörslu lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í leiðinni tókst að upplýsa aldarfjórðungs gömul morð, meðal annars á Antonio og Pietro Inzerillo, þáverandi foringjum Inzerillo-fjölskyldunnar.

Andrew Cuomo, dómsmálaráðherra í New York-ríki, segir umfang aðgerðanna sýna að mafían lifi enn góðu lífi í New York: „Við viljum helst líta á þetta sem leifar úr fortíðinni, en svo er ekki."

**gudsteinn@frettabladid.is**



SIEMENS

Aneta

Eldunartæki, kælitæki,
uppþvottavél og ljós
í eldhúsið þitt.
Sannarlega
góð hugmynd!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




# Tölvu- og bókhaldsnám

*198 stundir. Verð: 159.000.-*

Morgunnámskeið | Kennt er alla virka daga nema föstudaga frá 8:30 til 12:30 | Byrjar 25. mars og lýkur 26. maí.
Kvöld- og helgarnámskeið | Kennt er á þri.- og fim. frá 18:00 til 22:00 og lau. frá 8:30 til 12:30 | Byrjar 4. mars og lýkur 29. maí.

Í þessu námi er megináherslan lögð á hagnýta tölvunotkun og bókhald. Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur fyrir störf á skrifstofu og byggir námið sérlega góðan grunn fyrir þá sem vilja vinna sem bókarar.

***Bókhald (36 stundir)***

Helstu reikningar eru teknir fyrir og verkefni færð í dagbók. Kennd er afstemming með prófjöfnuði ásamt reikningsjöfnuði og gerð efnahags- og rekstrarreiknings.

***Tölvubókhald - Navision (54 stundir)***

Færðir eru sjö mánuðir með raunverulegum fylgiskjölum og tilheyrandi uppgjörum og afstemmingum. Einnig eru gerð virðisaukaskatts- og launauppgjör.

***Verslunarreikningur (24 stundir)***

Sá hluti af stærðfræðinni sem mest er notaður í almennri skrifstofuvinnu. Prósentureikningur, afsláttur og álagning, útreikningur á vísitölu, vörureikningi og veltuhraða, vaxtareikningur o.m.fl.

***Tímastjórnun (6 stundir)***

Farið er í helstu þætti tímastjórnunar og mikilvægi þess að setja sér raunhæf markmið og ná þeim.

***Windows stýrikerfið og Internetið (12 stundir)***

Rík áhersla er lögð á þá þætti sem tengjast almennri notkun, afritun og skipulagningu.

***Word ritvinnsla (24 stundir)***

Farið er yfir margar helstu aðgerðir sem Word ritvinnsluforritið býður upp á. Krefjandi og skemmtileg yfirferð.

***Excel töflureiknir (24 stundir)***

Kenndar eru helstu aðgerðir við útreikninga og virkni töflureiknis ásamt grafískri framsetningu gagna.

***PowerPoint (12 stundir)***

Kennt er hvernig má útbúa skemmtilegar kynningar (glærur) og lifandi, gagnvirka fyrirlestra.

***Office 2007 (6 stundir)***

Kynntar eru helstu breytingar Office pakkans með tilkomu nýjustu útgáfunnar, Office 2007.

**UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 544 4500**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

**ntv**

GrandSpa

Vilt þú efla orkuna og komast í betra form?



**Goran Superform** er 4 vikna heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun. Þú tekur hröðum framförum og stígur örugg skref í átt að líkamlegri vellíðan.

Námskeiðin byrja 18. febrúar – kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30

Grand Spa er með bestu og glæsilegustu heilsulindum landsins og býður viðskiptavinum sínum upp á heildræna slökun, snyrtimeðferðir og líkamsrækt. Þar starfa einstaklingar sem eru í fremstu röð á sínu sviði og leggja sig fram við að veita þér framúrskarandi þjónustu.



**Nudd** – fullkominn streitubani
**La Mer snyrtistofa** – einstakar snyrti- og húðmeðferðir
**Technogym** – nýjustu og bestu líkamsræktartækin
**Kinesis æfingakerfi** – eykur styrk, jafnvægi og liðleika
**Goran Superform** – örugg en einföld skref í átt að líkamlegri vellíðan
**Ski fitness** – góð líkamsþjálfun sem hjálpar þér að ráða við brekkurnar í fríinu
**Golf fitness** – stuðlar að mýkri sveiflu og betri líðan
**Dansþjálfun** – skemmtileg og ögrandi líkamsrækt fyrir einstaklinga á öllum aldri
**Slökunarrými** – gufubað, sauna og nuddpottur, þar sem þú færð háls- og herðanudd

Árskorti Grand Spa fylgir slysatrygging iðkenda frá Sjóvá. SJÓVÁ

Grand Spa | Grand hótel | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík
Sími 578 8200 | www.grandspa.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.848 **-3,03%**

**Fjöldi viðskipta:** 833
**Velta:** 5.651 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATL. PETROLEUM | +5,71% | EXISTA | -5,17% |
| ATL. AIRWAYS | +2,72% | GLITNIR | -4,20% |
| EIK BANKI | +2,48 | LANDSBANKINN | -3,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,80 -1,76% ... Bakkavör 43,50 -3,55% ... Eimskipafélagið 30,60 -1,13% ... Exista 11,00 -5,17% ... FL Group 9,17 -2,76% ... Glitnir 17,10 -4,20% ... Icelandair 26,15 -1,13% ... Kaupþing 700,00 -2,24% ... Landsbankinn 27,45 -3,68% ... Marel 98,50 -0,51% ... SPRON 5,40 -3,40% ... Straumur-Burðarás 12,14 -2,88% ... Teymi 5,23 +0,77% ... Össur 89,70 -1,32%

## MARKAÐSPUNKTAR

Uppgjör norrænna fyrirtækja fyrir árið 2007 hafa almennt verið góð þó dregið hafi úr vexti hagnaðar. Óvissa er hvort botninum sé náð, að sögn greiningardeildar Landsbankans um horfur á norrænum mörkuðum.

Hlutabréf í eigu sjö helstu bankamanna á Wall Street hafa lækkað sem nemur einum milljarði Bandaríkjadala, jafnvirði 67 milljörðum króna, samkvæmt Sunday Times. Greiningardeild Kaupþings tók málið upp í gær.

Exista hefur framlengt samkomulag um kaup á bréfum í finnska tryggingafélaginu Sampo sem gert var 9. ágúst 2007 til 11. ágúst næstkomandi. Með samningnum getur Exista bætt við hlut sinn og ráðið tuttugu prósentum í tryggingafyrirtækinu.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kólnun er hraðari en búist var við

**Glitnir spáir óbreyttum stýrivöxtum á vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans í vikunni.**

Útlit er fyrir hraðari kólnun hagkerfisins en búist var við í byrjun árs samkvæmt greiningardeild Glitnis. Bankinn birti gengis- og stýrivaxtaspá í byrjun janúar.

„Veður eru enn válynd á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hagtölur sem birst hafa að undanförnu frá helstu hagkerfum heims sýna að enn er ekki útséð hvernig þeim óróa mun lykta. Skert aðgengi að lánsfé, lækkun á innlendum hlutabréfamarkaði og lækkun íbúðaverðs hér á landi eru á meðal þeirra þátta sem draga úr innlendri eftirspurn á komandi mánuðum,“ segir í nýrri umfjöllun bankans.

Bent er á að verðbólga sé enn mikil og langt yfir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans. „Útlit er fyrir að hún verði um 6 prósent á fyrsta fjórðungi ársins, ríflega prósentu meiri en Seðlabankinn gerði ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspá sinni. Mikil spenna er enn á vinnumarkaði og óvissa þar sem enn er ófyrirséð hver niðurstaða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði verður.“ Greiningardeild Glitnis telur af þessum sökum að Seðlabanki Íslands komi til með að halda að sér höndum á næsta vaxtaákvörðunarfundi, sem er á fimmtudaginn, og haldi stýrivöxtum óbreyttum í 13,75 prósentum.

„Við gerum hins vegar ráð fyrir að innlend eignaverðsáhrif, lánsfjárskortur, ásamt óhagstæðum skilyrðum á fjármálamörkuðum dragi úr verðbólguþrýstingi á komandi mánuðum og skapi skilyrði til að gera Seðlabankanum kleift að lækka stýrivexti hraðar en við áður töldum,“ segir í umfjöllun Glitnis. Spáir bankinn því að stýrivextir verði lækkaðir um 0,25 prósentustig á þarnæsta vaxtaákvörðunarfundi 10. apríl. „Við gerum ráð fyrir að vextir verði lækkaðir nokkuð ört og að þeir standi í 11 prósentum í árslok og í 7 prósentum í lok næsta árs.“



**Í SEÐLABANKANUM** Næst verður kynnt ákvörðun um stýrivexti á fimmtudaginn, 14. þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Afsláttur á Société Générale

Hlutafjáraukning hófst hjá Société Generale, næststærsta banka Frakklands, á mánudag en ætlunin er að bæta 5,5 milljörðum evra, jafnvirði tæpra 550 milljarða íslenskra króna, við eiginfé bankans.

Erlendir fjölmiðlar segja ljóst að bankinn sé í miklum vandræðum eftir stórtap á síðasta ári. Tapið er að mestu tilkomið vegna verðbréfaskúrksins Jeróme Kerviel, sem tapaði 4,9 milljörðum evra í nafni Société Generale. Hann dvelur nú innan veggja fangelsis í Parísarborg. Þá þurfti bankinn að afskrifaði 2,5 milljarða evra lánavöndla. Stjórnendur Société Generale segja þá hins vegar ekki tengjast bandarískum fasteignalánum.

Sérfræðingur hjá Kepler, dótturfélagi Landsbankans í Frakklandi, bendir á að nýja hlutaféð sé á afslætti enda tæpum 40 prósentum undir lokagengi bréfa bankans síðasta föstudag.

Gengið stendur nú 73 evrum á hlut en féll um sex prósent við upphaf viðskiptadagsins í Frakklandi í gær. **- jab**

VBS FJÁRFESTINGARBANKI

**Aðalfundur VBS fjárfestingarbanka hf.**

Aðalfundur VBS fjárfestingarbanka hf. verður haldinn föstudaginn 22. febrúar 2008, klukkan 15:30 í sal G á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Venjuleg aðalfundarstörf:
   a. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. rekstrarár.
   b. Ársreikningur fyrir árið 2007 lagður fram til staðfestingar.
   c. Tillaga stjórnar um ráðstöfun á hagnaði félagsins.
   d. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum og heimild til hlutafjárhækkunar.[1]
   e. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins og ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
   f. Kosning í stjórn félagsins og varastjórn.[2]
   g. Kosning endurskoðunarfélags.
2. Tillaga stjórnar um að VBS fjárfestingarbanki sæki um viðskiptabankaleyfi til FME.
3. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur löglega borin fram mál.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út föstudaginn 15. febrúar 2008 kl. 15:30.
Framboðum skal skila á lögheimili félagsins, Borgartún 26, 105 Reykjavík.

Viku fyrir fundinn mun dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar og endurskoðenda liggja frammi á skrifstofu félagsins fyrir hluthafa.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum frá 14:30-15:30 á aðalfundarstað.

**Stjórn VBS fjárfestingarbanka hf.**

[1] Stjórn félagsins leggur til að veitt verði heimild til hækkunar hlutafjár, allt að kr. 150.000.000 að nafnvirði.
[2] Athygli er vakin á því að samkvæmt lögum hlutafélög nr. 2/1995 skal tilkynna um framboð til stjórnar með minnst fimm daga fyrirvara. Í tilkynningu um framboð skal koma fram: nafn frambjóðanda, kennitala, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Enn fremur skal upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskipta aðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.


160 GB UPPTÖKU DISKUR
42PT85
42" Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarps-móttakarar
100Hz
189.900
42LC51
42" LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
149.900
119.900
42PC35
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
Stafrænn móttakari
SJÓNVARPSTÆKIFÆRI
259.900
42LY95
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
229.900
42LF75
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari
319.900
47LY95
47" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
199.900
37LF75
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari
119.900
32LB75
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
109.900
26LB75
26" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Lífið er gott

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rei-skýrslan og afleiðingar hennar:

# Að axla ábyrgð

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR**

Ég hef axlað fulla ábyrgð," segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ítrekað og telur að í því ljósi geti hann jafnvel orðið aftur borgarstjóri eftir eitt ár og einn mánuð. Eftir þann tíma verður ekki búið að kjósa aftur til borgarstjórnar og það verður því engan veginn ljóst að Vilhjálmur hafi endurunnið traust kjósenda sinna. Þá skiptir það litlu máli hvort hann hafi tekið þátt í því að upplýsa félaga sína í borgarstjórn um atburðarás REI-málsins. Slíkt var einungis eðlilegt hlutverk þáverandi borgarstjóra, æðsta embættismanns borgarinnar, sem á að koma í framkvæmd vilja borgarstjórnar en ekki eigin. Það er ljóst að hans skilningur á því hvað það er að axla ábyrgð á verkum sínum er aðeins á skjön við atburðarásina í borginni síðustu mánuði.

Í því felst tvennt. Annars vegar þarf að hafa í huga að Vilhjálmur missti borgarstjórastólinn þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks féll. Hann kaus ekki á neinum tímapunkti að standa sjálfviljugur upp úr þeim stól. Að axla ábyrgð á einhverju þýðir að viðkomandi viðurkenni mistök sín og að hann, sjálfviljugur, bjóðist í það minnsta til að hætta eða að segja af sér. Vilhjálmur hafði sjálfur engin áhrif á það í október að hann hætti sem borgarstjóri. Það að hann hafi „lent í því" að missa borgarstjórastólinn er því ekki hægt að túlka sem svo að Vilhjálmur hafi axlað ábyrgð. Það var frekar á honum að sjá og heyra þegar tilkynnt var um nýjan meirihluta að hann hefði verið svikinn af Birni Inga Hrafnssyni sem hefði lofað honum að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks myndi standa. Þetta eru ekki orð manns sem er að axla ábyrgð heldur manns sem hefur misst atburðarásina úr höndum sér.

Í öðru lagi hefur Vilhjálmur ítrekað vísað ábyrgð á stöðu mála frá sér til undirmanna sinna. Sem borgarstjóri var Vilhjálmur æðsti embættismaður borgarinnar auk þess að vera oddviti stærri stjórnmálaflokksins í meirihlutanum. Hægt er að líkja stöðu borgarstjóra við ráðherra, en ábyrgð ráðherra ætti að vera það rík að jafnvel þó svo að ráðherrar viti ekki hvað undirmenn þeirra gera, bera þeir samt sem áður pólitíska ábyrgð á störfum þeirra. Ráðherrar hafa ítrekað borið því við að sökum mikillar ábyrgðar, verði valdsvið þeirra að vera vítt og þar sem þeir beri ábyrgð verði öll ákvarðanataka að lokum að vera þeirra.

Að sama skapi bar Vilhjálmur pólitíska ábyrgð á störfum undirmanna sinna sem unnu að sameiningu REI og Geysis Green Energy. Borgarstjóri getur ekki skýlt sér á bak við það sem hann vissi, eða vissi ekki. Hans starf var að vita.

Aukheldur hefur fyrrverandi borgarstjóri ítrekað sagst hafa haft umboð til að taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar voru fyrir samningsgerðina. Telji hann sig hafa haft það umboð ber hann jafnframt ábyrgðina. Það verður ekki bæði haldið og sleppt.

Ætli Vilhjálmur sér enn að verða borgarstjóri eftir eitt ár og einn mánuð sýnir það enn fremur að hann ber ekkert skynbragð á hvað það er að axla ábyrgð.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einn og óstuddur

Þrátt fyrir að hafa setið einn og óstuddur fyrir svörum á blaðamannafundi í gær var Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni tíðrætt um að hann nyti stuðnings annarra borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Engu að síður lögðu flokkssystkin hans sig í líma við að forðast fjölmiðla að loknum fundi í Valhöll í gær. Kjartan Magnússon passaði sig á að vera norður í landi, Júlíus Vífill kvaddi snemma og vildi ekkert segja, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skundaði beint á dyr og Hanna Birna Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson laumuðust út um kjallara Valhallar til að komast burt óséð. Þau lögðu beinlínis lykkju á leið sína til að komast hjá því að lýsa tryggð við Vilhjálm. Það er ekki traustvekjandi stuðningsyfirlýsing.



### Á skólabekk

Þeir sem hafa tapað þræðinum í pólitíkinni undanfarin misseri geta huggað sig við að senn hefst Stjórnmálaskóli Sjálfstæðisflokksins. Yfirskriftin er afar viðeigandi, „Um hvað snúast stjórnmál?". Skólastarfið stendur yfir frá 18. febrúar til 13. mars og verður meðal annars fjallað um borgarmálin, flokksstarfið og „listina að hafa áhrif". Nákvæm námsskrá liggur ekki fyrir og því ekki ljóst hvort Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sé á meðal kennara.



### Ágætiseinkunn

Hanna Birna Kristjánsdóttir var gestur Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki á sunnudag og var kynnt sem mögulegur næsti borgarstjóri. Af því verður ekki ef Vilhjálmi Vilhjálmssyni verður að ósk sinni og endurheimtir það traust sem hann áður naut á næsta ári. Takist það hins vegar ekki kemur Hanna Birna sterklega til greina. Hún fékk að minnsta kosti góð meðmæli frá oddvitanum í þættinum. Jón Ársæll spurði Vilhjálm hvaða einkunn Hanna Birna fengi í hans kladda. „A plús," svaraði hann án þess að hugsa sig um. Þetta var hins vegar áður en Hanna stakk af út um kjallarann og því spurning hvort hún hafi misst plúsinn.

bergsteinn@frettabladid.is

# Máttur minnihlutans



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR OG SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

**Í DAG** | Leiðara svarað

Í leiðara Fréttablaðsins á laugardaginn fjallar Jón Kaldal um REI-málið undir yfirskriftinni „Ráðleysi í Ráðhúsinu". Í leiðaranum dregur Jón ranglega þá ályktun að allir flokkar beri fulla ábyrgð á „samkomulaginu" um rétt útvalinna starfsmanna OR til að kaupa í REI. Jón fullyrðir að undirritaðar, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdótir, hafi látið breyta listanum yfir hverjir mættu kaupa í REI og þannig eignast „hlut í þeim samningum" og skilið eftir „óafmáanleg fingraför af gjörningnum".

### Flett ofan af kauprétti

Það er rétt að flett var ofan af umræddum kaupréttarsamningum á kynningarfundi sem haldinn var með fulltrúum minnihlutans í stjórn OR að morgni 3. október. Upplýsingum um rétt útvalinna til kaupa á hlutum í REI hafði þá verið haldið kyrfilega leyndum fyrir óbreyttum borgarfulltrúum meirihlutans og ljóst eðli málsins samkvæmt og af framsetningu kynningar að ekki stóð heldur til að upplýsa minnihlutann um kaupréttina, enda komu upplýsingarnar ekki fram fyrr en eftir nokkurt þrátefli sem var ágætlega lýst á innsíðu Morgunblaðsins 8. febrúar 2008.

Ef ekki hefði verið flett ofan af rétti útvalinna til kaupa á þessum fundi er allt eins líklegt að kaupin hefðu gengið eftir, væru óafturkræf og að almenningur og borgarfulltrúar væru enn í myrkrinu um þetta mál.

### Breyting á listum

Eftir að listinn yfir þá útvöldu sem máttu kaupa í REI hafði verið særður fram á kynningarfundinum lýstu undirritaðar strax megnri andúð á uppátækinu og færðu fyrir því ýmis rök að svona gengi ekki að starfa í opinberu eða hálfopinberu fyrirtæki. Því til viðbótar bentum við á að ekki væri forsvaranlegt að REI gerði „tryggðarsamninga", eins og kaupréttirnir voru kallaðir, við stjórnendur móðurfélagsins (OR), sem síðar ættu að veita stjórn ráðgjöf, meðal annars um að setja meiri fjármuni í REI. Einnig gagnrýndum við harðlega að gengið sem útvöldum stóð til ,boða var helmingi lægra en það gengi sem þá þegar hafði verið samið um við utanaðkomandi fjárfesta. Eftir þessa gagnrýni áttuðu forstjórar OR og REI og stjórnarformaður OR sig á því að erfitt yrði að verja þennan vonda málstað. Hófust þeir því handa við að breyta listanum og niðurstaðan sem þeir síðan komust að var sú sem þeir töldu sér trú um að þeir gætu varið í opinberri umræðu.

*Það er því miður munurinn á meirihluta og minnihluta að þeir sem eru í minnihluta ráða ekki og eiga sér það eina vopn þegar þeim mislíkar, að gagnrýna. Meirihlutinn ber ábyrgð á sínum samþykktum og líka því ef hann kýs að breyta þeim.*

Það er fráleitt að álykta sem svo að niðurstaðan hafi verið okkur í minnihlutanum þóknanleg og fráleitt að leiða að því líkum að með gagnrýni okkar höfum við eignast hlut í ósómanum. Aðkoma okkar að málinu varð til þess að upplýsa um fyrirætlanirnar og koma málinu í dagsljósið sem það síðan þoldi ekki eins og menn muna.

### Völd minnihlutans

Það er ekki rökrétt að halda því fram, eins og Jón gerir í leiðaraskrifum sínum á laugardaginn, að fulltrúar minnihlutans hafi þau völd að geta látið breyta samþykktum sem meirihlutinn hefur látið gera. Það er því miður munurinn á meirihluta og minnihluta að þeir sem eru í minnihluta ráða ekki og eiga sér það eina vopn þegar þeim mislíkar, að gagnrýna. Meirihlutinn ber ábyrgð á sínum samþykktum og líka því ef hann kýs að breyta þeim. Áður en við komum að málinu höfðu listarnir yfir útvalda verið samþykktir í stjórn REI, sem minnihlutinn átti og á ekki fulltrúa í og var svo síðar í nauðvörn eftir harða gagnrýni breytt í stjórn REI og svo að endingu felldir niður í stjórn REI að beiðni borgarstjóra eftir að ljóst var að málið þoldi ekki dagsljósið og opinbera umræðu.

Undirritaðar vilja gjarnan axla ábyrgð bæði í stjórn OR og almennt í borgarmálum, en frábiðja sér með öllu að axla ábyrgð á axarsköftum sjálfstæðismanna í borginni hvort sem er í þeim meirihluta sem nú riðar til falls í borginni eða þeim sem síðast sprakk á REI-inu.

*Höfundar eru borgarfulltrúar.*

# Afrek Svandísar

**UMRÆÐAN**
REI-málið



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Umræðan um skýrslu REI-hópsins hefur tekið á sig ýmsar myndir að undanförnu. Efalaust má draga ýmislegt í skýrslunni fram og teygja og toga á ýmsa lund. Kjarninn í þessu máli öllu saman vill þó á stundum gleymast. Hann er sá að það stefndi í það í haust að almannahagsmunir yrðu stórlega fyrir borð bornir, sullað yrði saman hlutverki og markmiðum opinbers veitufyrirtækis annars vegar og hagnaðarsjónarmiðum einkaaðila hins vegar, verðmætum eignum almennings yrði kastað á glæ og brautin rudd fyrir einkavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur og þar með þeirra mikilvægu almannahagsmuna sem eigendur OR eiga að gæta. Allt þetta var sannarlega í farvatninu í skugga óheyrilegs flýtis og leyndar sem hvíldi á öllum málatilbúnaði.

Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur var aðeins ein rödd sem andæfði. Það var Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna. Hún mótmælti einnig lögmæti eigendafundarins og ákvað að sitja hjá við afgreiðslu málsins og með því taka enga afstöðu til máls sem var í raun algerlega vanreifað til að hægt væri að taka til þess afstöðu. Á hvorn veg sem var. Og nauðsynlegar upplýsingar skorti einnig. Það var ekki fyrr en á síðari stigum að aðrir kusu að hoppa á vagninn og njóta eldanna sem Svandís fyrst kveikti. Það er út af fyrir sig gott og blessað, en gæta verður allrar sanngirni og minnast þess hvernig málið allt bar að.

Ef Svandís hefði ekki risið til varnar og mótmælt og höfðað mál þá stæðum við nú væntanlega enn með sama meirihlutann og var í byrjun október, sama borgarstjóra og Orkuveituna komna á útsölu til einkaaðila. Í því ljósi eru veikburða athugasemdir um að Svandís hafi ekki verið nógu „grimm" í skýrslunni hjóm eitt. Það var hún sem með eigin hendi og óbilandi málafylgju stöðvaði ruglið sem var í uppsiglingu og hún hefur nú landað mikilvægri niðurstöðu um að Orkuveitan og REI verði í 100% opinberri eigu og að ný og breytt vinnubrögð verði innleidd í stjórnmálin. Og allir flokkar taka undir. Það er ekki lítið afrek.

*Höfundur er alþingismaður.*



„Hugurinn ber þig alla leið“

**Kári Eyþórsson MPNLP**

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

**Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.**

**NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.**

**Námskeið í NLP tækni verður haldið 22.-24.feb. og 29.feb.-02.mars 2008.**

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

© cKari.com

**PRODERM™**

húðvörn gegn kulda og snertiofnæmi




Lagar fljótt húðþurrk, roðaflekki, þurrkabletti sviða og kláða í andliti og höndum.

Verndar húðina fyrir efnum á **pH1 – pH12**. Engin fituáferð.

Fyrir börn, hlífir húðinni við kulda, munnvatni, tárum og nefrennsli.

Proderm er læknavara. Rannsóknir staðfesta virkni.

**Fæst í apótekum** www.celsus.is

Mbl 923126




Hildur Guðmundsdóttir ætlaði að verða lífrænn bóndi og borðar eingöngu lífrænt ræktaðan mat.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Langaði í lífrænan búskap

***Mataræðið skiptir ekki síður máli en góð hreyfing til að halda líkamanum í formi. Hildur Guðmundsdóttir leggur áherslu á lífrænt og forðast erfðabreyttan mat.***

„Það er ástríða hjá mér núna að kenna fólki hvað erfðabreytt matvæli eru, til að það geti forðast þau. Eina leiðin í dag til að forðast erfðabreyttan mat er að borða mat sem er vottaður lífrænn,“ segir Hildur en hún sér um námskeið um lífrænt mataræði hjá Yggdrasil á Skólavörðustíg og borðar sjálf lífrænt ræktaðan mat.

„Ég kynntist hollu mataræði og lífrænni ræktun þegar ég var rúmlega tvítug fyrir rúmum 30 árum. Ég ætlaði að verða lífrænn bóndi, en það varð nú ekki. Ég gerðist grænmetisneytandi og fór að borða lífrænt ræktaðan mat. Ég er hins vegar ekki alveg grænmetisæta því ég borða stundum fisk og finnst íslenskur fiskur almennt mjög góður. Ég reyni þó að forðast eldisfisk.“

Hildur segir nauðsynlegt að borða reglulega yfir daginn og leggur áherslu á gæði matarins. Dæmigerður dagur hjá Hildi samanstendur af miklu grænmeti, ávöxtum og heilu korni. „Ég legg sérstaka áherslu á gæði matarins og vel að sjálfsögðu lífrænt ræktað fram yfir annað. Það er líka svo auðvelt í dag að fá svo til allt lífrænt ræktað. Nema kannski kjötið, en sjálf borða ég ekki kjöt. Á morgnana fæ ég mér gott grænt eða hvítt te eða gott lífrænt kaffi. Svo fæ ég mér hafragraut eða annan góðan graut, múslí jógúrt eða gróft brauð. Ef ég þarf að borða holla máltíð sem þarf lítinn tíma þá gríp ég oft brauðin frá Brauðhúsinu. Svo finnst mér líka gott að fá mér eitt glas af góðum safa. Gulrótasafi og spírulínasafi eru eins og vítamínsprautan mín og svo tek ég líka 1-2 matskeiðar af hörfræolíu á morgnana.“

Í hádeginu borðar Hildur vænan skammt af grænmeti og fær sér grjón til að uppfylla prótínþörf líkamans og borðar þá hýðishrísgrjón, heila hafra eða heilt bygg og hirsi. „Milli mála borða ég svo ferska ávexti, helst epli eða þurrkaða ávexti og þurrkaðar dökkar apríkósur finnst mér sérstaklega góðar. Þær innihalda líka svo mikið af járni og A-vítamíni,“ segir Hildur.

Auk þess að hugsa vel um mataræðið hreyfir Hildur sig reglulega og fer í gönguferðir á hverjum degi. „Ég fer í sund reglulega og svo reyni ég að fá mér góða göngu en mér finnst best að hreyfa mig utandyra og fá súrefni í leiðinni.“

*heida@frettabladid.is*






**Svig** er frábær hreyfing og gott tækifæri til að njóta útiverunnar þegar allt er á kafi í snjó. Hjálmur og hnéhlífar eru nauðsynlegur búnaður auk skíðastafa.


Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

12. febrúar 17:30 - 19:00
Góð heilsa er auðveldari en þú heldur.
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

14. febrúar 17:30 - 19:00
Heilbrigð skynsemi, og heilsan í lag
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

21. febrúar 18:00 - 21:00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur

28. febrúar kl 18:00 - 20:00
Heilsukostur - Kökur og eftirréttir
Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Upledger á Íslandi
Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.
Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 19. febrúar n.k.
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.
STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR




Hlaup eru talin góð fyrir andlega jafnt sem líkamlega heilsu.

# Þunglyndum bent á að hreyfa sig

***Læknar ráðleggja í auknum mæli fólki sem þjáist af þunglyndi að hreyfa sig.***

Nýleg bresk rannsókn sem var lögð fyrir 200 enska lækna gefur til kynna að 22 prósent þeirra leggja til við sjúklinga með vægt þunglyndi að þeir hreyfi sig. Í sambærilegri rannsókn sem var gerð fyrir þremur árum gáfu einungis 5 prósent lækna þau ráð. Geðheilbrigðisstofnun Bretlands sem stendur að rannsókninni segir mikilvægt að læknar ávísi ekki eingöngu lyfjum heldur reyni einnig að finna aðrar lausnir.

Rannsóknir hafa löngum gefið til kynna að hreyfing geti aukið sjálfstraust fólks með vægt þunglyndi. Hreyfingin stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Hún leiðir til bættrar líkamsvitundar, getur dregið úr einangrun og hjálpar fólki við að setja sér markmið.

*- ve*



Sykurskertar vörur gefa fögur fyrirheit um fallegri línur, en gætu reynst hinn grimmasti úlfur í sauðargæru.

# Gervisykur fitandi

***Ný rannsókn sýnir að fæða sem inniheldur sætuefni fitar og þyngir fólk meira umfram fæðu sem inniheldur sykur.***

Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsókna sem gerðar voru á vegum vísindamanna við Purdue-háskólann í Bandaríkjunum, en þar var tveimur hópum rottna gefin jógúrt sem innihélt ýmist gervisætu eða venjulegan sykur. Sýndu niðurstöður að rottur sem fengu sætuefni í stað sykurs söfnuðu á sig meiri fitu og þyngdust, ásamt því sem matarlystin jókst.

Þessi tíðindi birtast í vísindaritinu Behavioral Neuroscience þar sem vísindamenn álíta að sætt bragð hitaeiningasnauðra sætuefna geri líkamann sólgnari í mat.

Niðurstöðurnar hafa ruglað bæði vísindamenn og næringarfræðinga því lengi hefur verið haldið fram að sætuefni séu öflugt hjálparmeðal þeirra sem þurfa að léttast. Hefur Purdue-rannsóknin kollvarpað þeirri speki, en menn hafa sett fram þá kenningu að sætt bragð sætuefna gefi líkamanum fögur fyrirheit um hitaeiningaríka máltíð sem svo kemur ekki og þá ruglist bæði matarlyst og efnaskipti í meltingarvegi.

Segir talsmaður British Nutrition Foundation að niðurstöðurnar sanni ekki að sætuefni hafi ofangreind áhrif á fólk og því þurfi að rannsaka málið betur. *- þlg*


Betri heyrn
Bætt lífsgæði

Viltu heyra betur?

Bjóðum upp á mikið úrval heyrnartækja með einstökum tæknibúnaði:

- Þráðlaus tækni og gervigreind
- Tenging við farsíma og aðra hljóðgjafa
- Fullkominn ýlfurvarnarbúnaður
- Innbyggt minni og lærdómskerfi
- Stefnuvirkur hávaðadempari

Tímapantanir í síma
568 6880



Heyrnartækni
Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is




Af andvirði hvers tyggjópakka fara tuttugu krónur til Krabbameinsfélagsins.

# Barist gegn krabbameini

***Tuttugu krónur af hverjum seldum pakka af nikótínlyfinu Nicotinell renna til Krabbameinsfélagsins í þessum mánuði og næsta.***

Nicotinell-nikótínlyf eru hjálparefni fólks til að draga úr reykingum og hætta þeim alveg. Þau fást án lyfseðils í margvíslegum útgáfum svo sem tyggjói, plástrum og myntum. Einnig í fjölbreyttum pakkastærðum og með mismunandi styrkleika. Artasan ehf. er umboðsaðili fyrir lyfin hér á landi og það mun láta 20 krónur af andvirði hverrar pakkningar renna til Krabbameinsfélagsins í febrúar og mars.

Á Íslandi eru reykingar þekkt orsök margra ótímabærra og lífshættulegra sjúkdóma. *- gun*



„Ég er ekki að segja að það sé ávísun á léleg bein þó að einstaklingar neyti ekki mjólkur en þeir verða þá að passa að neyta annars konar fæðu sem inniheldur beinabyggjandi efni," segir Ólafur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Auðvelt að drekka eitt glas

***Kalk er eitt af lífsnauðsynlegum steinefnum. Það hefur lækkandi áhrif á blóðþrýsting og jákvæð áhrif á kólesteról og beinabyggingu. Þá virðist rífleg kalkneysla gegna stóru hlutverki í að halda líkamsþyngd í skefjum.***

„Kalkið virðist hjálpa einstaklingum að losa sig við aukakíló ef neysla þess er hæfilega mikil. Það bindur fituna í fæðunni og skilar henni út í stað þess að leyfa henni að setjast þar að," segir Ólafur Sæmundsson næringarfræðingur sem nýlega gaf út bók sem nefnist Lífsþróttur, næringarfræði fróðleiksfúsra. Hann segir áhrif kalksins meiri ef neyslan sé í formi mjólkurafurða en fæðubótarefna. Því mælir hann sterklega með mjólk í bland við aðrar fæðutegundir. „Mjólk er í grunninn sprengfull af margs konar næringarefnum og auk kalksins eru í henni steinefni á borð við kalíum, magnesíum og fosfór. Svo inniheldur hún hágæðaprótín sem margir fæðubótaefnaframleiðendur notfæra sér," bendir hann á.

Nú heyrast alltaf af og til raddir um að kúamjólk sé varhugaverð fyrir manneskjur. Hverju svarar Ólafur þeim? „Frá því ég byrjaði að vinna sem næringarfræðingur hafa reglubundið komið upp kenningar um að kúamjólk sé bara fyrir kálfa. Þó hefur aldrei sannast neitt misjafnt á hana. Aftur á móti er mjög sterkt samband á milli lélegra beina og lítillar neyslu á mjólkurvörum. Rannsóknir sýna einfaldlega að beinabygging þeirra barna sem neyta lítillar mjólkurfæðu virðist ekki eins öflug og hinna. Ég er ekki að segja að það sé ávísun á léleg bein þótt einstaklingar neyti ekki mjólkur en þeir verða þá að passa að neyta annars konar fæðu sem inniheldur þessi beinabyggjandi efni. Kalkríkar fæðutegundir eru til dæmis spergilkál og kínakál en það þarf að borða mjög mikið af því til að fullnægja dagsþörfinni sem hjá unglingum er um 1000 milligrömm en minni hjá fullorðnu fólki. Í einu glasi af undanrennu eru 300 milligrömm af kalki og 300 grömm af spergilkáli gefur álíka mikið. Það er ekkert auðvelt að borða svona mikið kál dags daglega en mjög auðvelt að drekka eitt glas af mjólk. Því er erfitt að verða sér úti um nauðsynlegt kalkmagn ef fólk útilokar mjólk.



Það góða við mjólkurafurðirnar í dag er að við sem neytendur höfum svo mikið val. Þegar ég borðaði skyr og súrmjólk fyrir svona þrjátíu árum þá mokaði ég sykri út á. Annars var þetta svo súrt. En nú getum við valið okkur sykurskertar og fituskertar mjólkurafurðir í búðunum án þess að verða af vítamínum og steinefnum. Svo vil ég segja það líka að sykur í hófi er bara góður fyrir sálartetrið og ekkert hættulegur fyrir líkamann heldur sé hann hluti af hollri heild."

Ólafur kveðst sem næringarfræðingur hræddur við allar öfgar og úthrópanir. „Við mannfólkið borðum allan mat, hvaða fæðuflokki sem hann tilheyrir, grænmeti, ávexti, kjötmeti, fisk og mjólkurmat. Það er mikilvægt er að borða eitthvað úr öllum fæðuflokkum en fara ekki yfir strikið í einum og láta eitthvað annað algerlega vera." *gun@frettabladid.is*



## Myndband um munnhirðu

NÝTT FRÆÐSLUMYNDBAND UM MUNNHIRÐU FÓLKS MEÐ SÉRÞARFIR ER KOMIÐ ÚT

Tannverndarvika var í síðustu viku og af því tilefni var frumsýnd fræðslumynd um munnhirðu fólks með sérþarfir. Lýðheilsustöð og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis/Miðstöð tannverndar létu gera myndina undir umsjón Hólmfríðar Guðmundsdóttur tannlæknis. Myndin hefur verið gefin út á margmiðlunardiski sem dreift verður um allt land en hann er einnig hægt að panta hjá Lýðheilsustöð.


Nálastungur Íslands ehf.
Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Bragðgóðar vítamíntöflur fyrir börn og unglinga
NÁTTÚRULEGT GÆÐAVOTTAÐ GMP
heilsa –hafðu það gott

Sjakradans
chakra dance
Dans og jógastöður í gegnum orkustöðvarnar
Námskeið
laugardaginn 23. febrúar kl. 12:00
Gerðubergi Reykjavík
Ég hafði sótt dansjóga námskeið og hikaði því ekki við að skrá mig þegar ég sá auglýst námskeið í Sjakradansi. Að eiga nokkrar klukkustundir þar sem við vorum leiddar áfram í mjúkum fallegum hreyfingum og hugsunum um hverja orkustöð í líkamanum var yndislega nærandi fyrir líkama og sál. Andrúmsloftið var einstaklega frjálslegt og notalegt.
-Þóra Kristinsdóttir


Marta Eiríksdóttir
Púlsinn námskeið
Skráning í síma 848 5366 | www.pulsinn.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound . . . . . . . . . . . . . .



Dot er góður punktur
fyrir þá sem vilja heyra vel.
Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.
dot by ReSound

HEYRNARMÆLINGAR
HEYRNARVERND
HEYRNARTÆKI
RÁÐGJÖF



Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímapantanir í síma 534 9600
Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



**Vinnuvélar** ýmiss konar gætu margir hugsað sér að hafa í bílskúrnum sínum til að geta verið sjálfum sér nógur við stærri verk, en fáir láta þó eftir sér að eignast þær.





ísnaglar fyrir liðléttinga
auðveld ísetning

JÖTUNN VÉLAR ehf.
VALTRA
Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is


# Öll fjölskyldan er með

***Jón Ingi Björnsson ólst upp í kringum vinnuvélar en hann hefur undanfarin ár rekið verktakafyrirtæki á Laugum í Reykjadal. Fjölskylda hans hefur öll komið að rekstrinum en verkefnin eru margþætt.***



Jón Ingi hefur verið í kringum alls konar vinnuvélar síðan hann man eftir sér.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

„Ég rek tvo vörubíla og traktorsgröfu auk þess sem ég er með skólaakstur hér í sveitinni á veturna. Það eru alls konar verkefni sem ég sinni, til dæmis ýmis smáverk fyrir Vegagerðina og önnur tilfallandi verkefni,“ segir Jón Ingi.

Fyrsta vélin sem Jón Ingi vann á, þegar hann var 16 ára, var hjólaskófla og er hún nú í hans eigu og stefnir hann að því að gera hana upp, en hann er með góða vinnuaðstöðu á Laugum. „Ég ólst upp í kringum vinnuvélar og er búinn að vinna við vegagerð frá því að ég var 16 ára. Síðan þá hefur orðið ótrúleg þróun á vélunum. Þá var ekki þessi sjálfvirkni sem við höfum í dag. Maður var að hefla undir klæðningar eftir auganu en í dag sjá GPS-tækin um þetta og maður keyrir bara af stað.“

Jón Ingi segir ekki hafa verið alveg nóg af verkefnum undanfarið en það komi þó alltaf einhver verkefni sem haldi rekstrinum gangandi. „Það var til dæmis mikið að gera hér í kringum landsmót UMFÍ þegar það var haldið hér á Laugum.“

Fjölskylda Jóns Inga hefur öll komið að rekstrinum með honum. „Konan mín keyrir skólabílinn og synir mínir hafa báðir verið að vinna við þetta.“ Það má því segja að fyrirtækið hans sé hið fullkomna fjölskyldufyrirtæki þar sem allir leggja hönd á plóginn.

*hnefill@frettabladid.is*





**Allmand Nigth-Lite Pro ljósamastur með rafstöð**

- 4 x 1000W kastarar
- 6 kw rafstöð með Kubota dieselvél
- Eyðir aðeins 1,7 ltr á klukkustund
- Einfalt í notkun

STEELBUILDING Ísland

*Steelbuilding Island er systurfyrirtæki Jötunn Véla á Selfossi. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu á stálgrindahúsum og vörum fyrir byggingaiðnaðinn.*

Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0480 - GSM: 898 8480 - Fax: 482 4108 - Netfang: haukur@sbi.is

**KUBOTA SÝNING**

**Í KUBOTA-sýningarsalnum Suðurlandsbraut 14, 13. febrúar kl. 14 - 18**

***Sýnum m.a. KUBOTA láttutraktora, ásetusláttuvélar, smátraktora og smágröfur. Auk þess Amazone sláttuvagn, Kersten bursta og úrval annarra tengitækja***



ÞÓR HF REYKJAVÍK: Ármúla 11 ▪ Sími 568-1500 ▪ AKUREYRI: Lónsbakka ▪ Sími 461-1070 ▪ www.thor.is

vísir.is
*„...ég sá það á vísi“*




**KUBOTA FRUMSÝNING**

**Miðvikudaginn 13. febrúar n.k. kl. 14 - 18**

**frumsýnum við á Íslandi:**

**Vinnudýrið KUBOTA RTV900**

**fjölnota smábíll með palli sem kemst þangað sem aðrir komast ekki.**

**Auk þess sýnum við :**

**KUBOTA GZD15 - Zero-Turn ásetusláttuvél**
**KUBOTA G21HD ásetusláttuvél**
**KUBOTA F3680 ásetusláttuvél með húsi**
**KUBOTA GR1600 sláttutraktorinn**
**KUBOTA GR2100 sláttutraktorinn**
**KUBOTA F1900 fjölnotavél (sýnd með bursta og sláttuvél)**
**KUBOTA STV40 fjölnota smátraktor (með miklu úrvali tengitækja)**

Kubota

ÞÓR HF REYKJAVÍK: Ármúla 11 ▪ Sími 568-1500 ▪ AKUREYRI: Lónsbakka ▪ Sími 461-1070 ▪ www.thor.is

lh hestar
ÍÞRÓTT • MENNING • LÍFSSTÍLL

HESTAKONUR
**Keppa í ístölti í mars**
BLS. 4



ÞRIÐJUDAGUR 12. FEBRÚAR 2008



**Tveir áhrifamestu menn FEIF, Marko Mazeland sportfulltrúi og Jens Iversen formaður.** MYND/JENS EINARSSON

## Feif-ráðstefna

Alþjóðleg ráðstefna og formannafundur FEIF verður haldinn í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal 14. til 16. febrúar.

Um 120 hestamenn frá flestum löndum FEIF taka þátt í ráðstefnunni. Þema ráðstefnunnar er velferðarmál hesta.

Allar starfsnefndir FEIF munu starfa á ráðstefnunni og formannafundurinn mun taka til meðferðar tillögur um lagabreytingar frá ráðstefnunni fyrir ári síðan.

Búist er við að nokkrar breytingar verði gerðar á FIPO, keppnisreglum FEIF. Jón Albert Sigurbjörnsson, stjórnarmaður í FEIF, segir að ráðstefna þessi hafi reynst árangursrík. Einnig sé hún vettvangur fyrir leiðtoga landanna til að kynnast og bera saman bækur sínar.

## Borgar 363 þúsund krónur

„Það er farið að þyngjast fyrir fæti í hestahaldinu,“ segir Gunnar Jónasson, hestamaður í Garðabæ. „Fasteignagjöldin á hesthúsinu hafa tekið stökk frá því í fyrra, eru nú 216 þúsund krónur fyrir 120 fermetra hús. Samtals borga ég 363 þúsund krónur í gjöld til Garðabæjar vegna hesthússins; fasteignagjöld, lóðaleigu, vatnsskatt, holræsagjald og losun á taðþró, sem er yfirleitt illa framkvæmd.

Þetta er ergilegra vegna þess að síðustu misseri hefur verið erfitt að ríða út á félagssvæðinu vegna byggingaframkvæmda. Reiðvegir hafa oft verið sundur grafnir. Svo þarf maður að borga 15 þúsund krónur á mánuði til að komast inn í reiðhöllina. Margir hestamenn hér eru mjög óánægðir,“ segir Gunnar. „Ég óskaði eftir almennum félagsfundi við formann Andvara vegna þessara mála, en hann neitaði.“

Garðabær hefur hækkað fasteignagjöld á hesthúsum verulega frá í fyrra að sögn Gunnars. Hesthús eru nú skilgreind sem atvinnuhúsnæði og er prósentan af því 1,45%. Til samanburðar eru fasteignagjöld af hesthúsum í Mosfellsbæ 0,22%, í Reykjavík 0,21%, í Kópavogi 0,5% og í Hveragerði 0,33%. Nokkur sveitarfélög eru á svipuðu róli og Garðabær: Árborg með 1,47%, Akranes með 1,32% og Álftanes með 1,60%. Dæmi eru um það að sveitarfélög endurgreiði hluta álagðra fasteignagjalda af hesthúsum.

# Hestamennskan hrein snilld

**Ómar Diðriksson, rakari á Hellu, var kosinn formaður hestamannafélagsins Geysis í Rangárvallasýslu í fyrra. Tvær reiðhallir eru í byggingu á félagssvæðinu og Landsmót 2008 verður haldið á Gaddstaðaflötum, félagssvæði Geysis.**



**Ómar og Guðrún Elín með dætrum sínum, Lilju Margréti og Kristbjörgu Örnu, ásamt hestinum Blæ frá Háfshjáleigu, sem er í miklu uppáhaldi.** MYND/JENS EINARSSON

Ómar er hress og kraftmikill maður og miklar ekki fyrir sér þau stóru verkefni sem fram undan eru. Hann segir það alls ekki óraunhæft að byggja tvær reiðhallir á félagssvæðinu þótt ekki séu nema tíu til fimmtán kílómetrar á milli þeirra.

„Hella og Hvolsvöllur eru helstu byggðarkjarnarnir á félagssvæði Geysis. Á báðum stöðum er íþróttahús og sundlaug. Af hverju ekki reiðhöll? Það er einfaldlega liðin tíð að kennsla og þjálfun íþrótta fari fram utan dyra í vondum veðrum. Hestaíþróttin er ekkert öðruvísi. Þetta er bara eðlileg þróun.“

En hefði ekki verið rétt að staðsetja reiðhöllina á Hellu – við hesthúsahverfið?

„Það er nú komið á hreint að núverandi hverfi fær að standa áfram, alla vega um sinn. Það er hins vegar á skipulagi að nýtt hverfi rísi á Gaddstaðaflötum, nærri reiðhöllinni. Reiðhöllin á Gaddstaðaflötum, Rangárhöllin, er mun stærri en sú á Hvolsvelli og er henni ekki síður hugsuð sem sýningarhöll og að hún muni nýtast við almennt sýningahald og stórmót á Gaddstaðaflötum.“

### ENN ÞÁ FJÖLSKYLDUVÆNNA LANDSMÓT

Ómar sér mikil tækifæri fyrir byggðarlagið felast í landsmótshaldinu. Það sé þó spurning um að kunna að nýta sér það.

„Það er alveg á hreinu að mót af þessari stærðargráðu skiptir máli fyrir sveitarfélagið, fyrir verslanir og þjónustufyrirtæki, gistiheimili og ferðaþjónustuna. Það er ekki verið að halda Landsmót í fyrsta sinn hér á Hellu, þannig að það eru margir þættir í föstum skorðum. Ég held þó að það mætti nýta þennan slagkraft enn þá betur með meiri undirbúningi og samstarfi við mótshaldara. Það er einmitt það sem við stefnum á núna; koma á sambandi milli mótshaldara og sveitarstjórnarmanna og íbúanna á svæðinu.“

Landsmótið 2008 hefur verið auglýst sem fjölskylduhátíð. Ætlið þið Geysismenn að gera eitthvað sérstakt til að skapa betri aðstöðu með tilliti til þess?

„Já, við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að hjálpa til við að gera LM2008 eins fjölskylduvænt og unnt er. Hvað það verður nákvæmlega hefur ekki verið ákveðið, en við munum vinna að því í samstarfi við framkvæmdastjóra mótsins. Geysir er stærsti hluthafinn í Rangárbökkum ehf. og ber því eðlilega töluverða ábyrgð á því hvernig umgjörðin verður.“

### ÖLL FJÖLSKYLDAN Í HESTAMENNSKU

Ómar er ekki einsamall í hestamennskunni. Eiginkona hans, Guðrún Elín Svansdóttir, og þrjú börn þeirra eru öll í sportinu.

„Við byrjuðum á þessu fyrir tilviljun,“ segir Guðrún Elín. „Við vorum í sumarbústaðaferð í Borgarfirði 1997 og einhver fékk þá hugmynd að fara til Guðrúnar Fjeldsted og leigja hesta. Við fengum öll hestabakteríuna með það sama og höfum verið í þessu síðan. Dæturnar tvær, Kristbjörg Arna og Lilja Margrét, eru alveg forfallnar. Bróðir þeirra Svanur hefur líka gaman af hestum og kemur með í hestaferðir og annað slíkt.

Hestamennska er hrein snilld, sérstaklega þegar öll fjölskyldan er í þessu saman, þá er enginn að stela tíma frá hinum. Það er líka alveg á hreinu að hestamennskan hefur forvarnargildi hvað snertir vímuefni og þess háttar. Það er mjög hollt fyrir börn og unglinga að umgangast dýr og mynda tilfinningabönd við þau. Svo eru vinir okkar á kafi í þessu líka, þannig að betra getur þetta eiginlega ekki verið,“ segir þessi hressa fjölskylda að lokum.

# Flestir hugsa vel um hrossin

Fjölmiðlar hafa tilhneigingu til að draga upp dökka mynd af viðurværi útigangshrossa. Í örfáum tilfellum hefur slík umfjöllun átt rétt á sér. Almennt hafa útigangshross á Íslandi það þó gott. „Útigangshross á Suðurlandi hafa það í langflestum tilfellum gott. Flestir eiga nóg hey og fylgjast vel með hrossum sínum. Það er þó alltaf eitthvað um ábendingar um hross sem fá ekki nægt fóður. Einnig um hross sem hafa komist á milli hólfa eða út á veg. Snjór er víða það mikill að girðingar eru komnar á kaf. Menn taka afskiptum okkar í langflestum tilfellum vel og gera úrbætur,“ segir Óðinn Örn Jóhannsson, búfjáreftirlitsmaður á Suðurlandi. „Þessi harði vetur hefur komið fólki í opna skjöldu, menn hafa átt svo góðu að venjast undanfarin ár,“ segir Óðinn Örn.



**Fannfergi og jarðbönn víða um land gera það að verkum að útigangshross þurfa mun meira hey en í meðalári.**

## Heyverð hefur stigið upp

Verð á heyi hefur heldur hækkað frá í fyrra og er nú á bilinu 20 til 25 krónur kílóið. Heyrúlla kostar nú víða 4.500 krónur og heyrst hafa tölur upp í 7.500. Algengt verð á 250 kílóa stórbagga í fyrra var 4.500 krónur en er nú víða komið í 5.500. Vilhjálmur Þórarinsson í Litlu-Tungu hefur verið einn stórtækasti heysali landsins um árabil. Hann segist trúlega halda sama verði út veturinn þrátt fyrir fréttir um stórfellda verðhækkun á áburði. Stórbagginn hjá Vilhjálmi kostar 6.000 krónur kominn heim í hesthús. Vilhjálmur segir þó alveg ljóst að hey muni hækka töluvert í haust. „Þessi hækkun á áburði sem talað er um þýðir 1.500 krónur hækkun á bagga. Hækkunin gæti orðið enn meiri ef plastið hækkar líka eins og allar líkur eru á,“ segir Vilhjálmur.

lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

**Útgefandi:** Landssamband hestamannafélaga
**Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
**Netfang:** lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Jens Einarsson
**Netfang:** jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
sími: 512-5435 gsm. 822-5062

**HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:**

VÍS GLITNIR TOYOTA LÍFLAND

# AUÐLINDIN FEIF

FEIF, alþjóðleg samtök íslenskra hestaeigenda, voru stofnuð 1969, að frumkvæði Gunnars Bjarnasonar. Innan FEIF eru átján þjóðir í tveimur heimsálfum með 70 þúsund félaga sem eiga um 200 þúsund íslensk hross. Aðalfundur samtakanna verður haldinn hér á landi 14. til 16. febrúar í boði Landssambands hestamannafélaga. Fundurinn er á vissan hátt tímamótafundur vegna þess að nítjánda landið, Nýja-Sjáland, í þriðju heimsálfunni, hefur sótt um inngöngu í samtökin. Verður sú umsókn tekin til afgreiðslu á fundinum.

En hvað er FEIF? Til hvers var það stofnað? Erum við íslenskir hestamenn nægilega meðvitaðir um mikilvægi samtakanna? Samtökin voru stofnuð til að standa vörð um hagsmuni íslenska hestsins og eigenda hans. Og til að sameina kraftana. Árið 1969 hefur sjálfsagt engan órað fyrir því að samtökin myndu vaxa svona hratt. Það gefur augaleið að hreyfing sem telur 70 þúsund manns hefur mikinn slagkraft, bæði félagslegan og efnahagslegan. Og þá ekki síst fyrir okkur Íslendinga. En höfum við nýtt hann nógu vel?

Gætt hefur efasemda á meðal íslenskra hestamanna um þýðingu FEIF, og jafnvel heilindi þeirra sem þar starfa. Tel ég það fyrst og fremst stafa af þekkingarskorti. Reynsla mín er sú að þeir einstaklingar sem eru í forsvari innan FEIF vinna þar af fullum heilindum. Hagsmunir Íslands og íslenska hestsins eru hafðir að leiðarljósi. Þótt við Íslendingar séum ekki alltaf sammála áherslum, þá er mín reynsla sú að leiðin fyrir okkar sjónarmið hefur alltaf verið opin og greið. Og raunar verið beðið eftir okkar frumkvæði og áliti í flestum málum. Það hefur frekar skort vilja af okkar hálfu til að sinna þessu samstarfi af heilum hug.

Staðreyndin er sú að við eigum 70 þúsund ambassadora um víða veröld, sem þyrstir í allt sem íslenskt er. Þetta fólk hefur nær undantekningarlaust mjög jákvætt viðhorf til okkar. Þetta eru mikil verðmæti fyrir Ísland. Það er skylda okkar að kynna okkur betur innra starf FEIF. Við þurfum að eyða fordómum og misskilningi og taka þessum vinum okkar með opnum huga.



Haraldur Þórarinsson
formaður LH



Um sextíu manns sóttu menntaráðstefnuna. MYND/JENS EINARSSON

# Verðum að ganga í takt

**Menntamál hestamanna eru í brennidepli. Mikil vakning er í málaflokknum og margir sem hafa skoðun á málinu. Ráðstefna var haldin fyrir skömmu þar sem menn báru saman bækur sínar.**

„Við verðum að finna sameiginlegan vettvang fyrir alla sem koma að því að þróa reiðmennsku og reiðkennslu á íslenska hestinum. Við verðum að ganga í takt.“

Þetta sagði Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri (LBHÍ), meðal annars á ráðstefnu um menntamál hestamanna sem Landssamband hestamannafélaga (LH) og menntamálaráðuneytið stóðu fyrir 1. febrúar síðastliðinn. „Krafa dagsins er aukin fjölbreytni í námi í hestamennsku. Bjóða verður upp á fjarnám og lotunám í hestatengdu námi eins og gert er í flestu öðru námi nú til dags,“ segir Ágúst.

**HÓLASKÓLI LEIÐANDI AFL**

Ráðstefnan var öllum opin en til hennar voru sérstaklega boðaðir fulltrúar frá Hólaskóla, LBHÍ, ÍSÍ og LH. Tilgangurinn var meðal annars sá að kanna landslagið í menntamálum hestamanna almennt. Um síðastliðin áramót voru landbúnaðarskólarnir fluttir frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis. Vænta má að það muni hafa einhverjar, ef ekki töluverðar, breytingar á innra starfi skólanna beggja, og þar með á kennslu í tamningum og hrossarækt.

Hólaskóli hefur til margra ára verið leiðandi í þróun reiðmennsku og reiðkennslu á íslenskum hestum í samstarfi við Félag tamningamanna. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á Hólum í tengslum við hestabrautina og eru þar nú tvær reiðhallir og nýtísku hesthús fyrir hundruð hrossa. Skólinn hefur áunnið sér virðingarsess í Íslandshestaheiminum og er nú eina stofnunin sem hefur rétt til að útskrifa tamningamenn og reiðkennara með réttindi inn í FT. Sú gagnrýni hefur reyndar líka komið fram að Hólaskóli einoki nám í hestamennsku.

**VILJA BITA AF KÖKUNNI**

Nú er greinilegt að fleiri vilja láta að sér kveða. Eftir að Ágúst tók við starfi rektors á Hvanneyri hefur námsúrval í hestamennsku þar aukist til muna. Reynir Aðalsteinsson, sem nefndur hefur verið „nestor“ íslenskra tamningamanna, er þar í fullu starfi sem reiðkennari og skólinn býður upp á ýmis lengri og skemmri námskeið í hestamennsku. Síðastliðið haust hófst þar svo þriggja ára námsbraut í „hestafræðum“, sem útskrifar nemendur með Bs-háskólagráðu.

Landssamband hestamannafélaga hefur á undanförnum árum lagt aukna áherslu á menntamál, eða allt frá því að ÍSÍ lagði til við sín sérsambönd að þau létu búa til námsefni fyrir sína íþróttagrein. Hafði LH meðal annars frumkvæði að samningu knapamerkjakerfisins, sem tekið var fyrir í Átakinu sáluga og er nú vistað á Hólaskóla. Það hefur ekki farið leynt að stjórn LH er ekki sátt við með hvaða hætti vistun knapamerkjakerfisins þróaðist, en þar á bæ var gengið út frá því að LH yrði haft með í ráðum við samningu kerfisins og vistun þess. Það hafi ekki verið gert.

**VARAR VIÐ RÖNGUM ÁHERSLUM**

Reynir Aðalsteinsson flutti stórgott erindi á menntaráðstefnunni. Hann lagði áherslu á opna umræðu um þróun reiðmennsku og reiðkennslu á íslenska hestinum. Nauðsynlegt væri að fleiri kæmu að því borði. Annars gæti farið fyrir okkar reiðmennsku eins og reiðmennskunni á meginlandinu. Hún hafi kvíslast í tvær áttir. Í öðru tilfellinu hafi hún afbakast í meðförum með því að lagðar voru öfgafullar rangar áherslur. „Því miður er farið að bera á svipuðum áherslum í íslensku reiðmennskunni líka,“ sagði Reynir án þess að útskýra það frekar. Hann lagði til að skipað yrði sérstakt fagráð sem myndi sníða ramma um íslenska reiðmennsku, sem allir starfandi reiðskólar myndu fara eftir, þó með vissu frjálsræði.

Flestir sem til máls tóku voru sammála um að þetta væri tímabær umræða og þökkuðu Landssambandi hestamannafélaga og menntamálaráðuneytinu frumkvæðið.



# Rannsaka námið á Hólaskóla

Tveir nemar við Háskólann í Reykjavík vinna að rannsókn sem miðar að því að mæla ávinning af námi á hestabraut Hólaskóla. Það eru þær Edda Kamilla Örnólfsdóttir og Gunnur Vilborg Guðjónsdóttir. Rannsóknin er B.Sc.-lokaverkefni þeirra við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík. Sendir hafa verið út spurningalistar til nemenda Hólaskóla sem þar voru á árabilinu 1996 til 2007. Þær stöllur gera ráð fyrir að kynna niðurstöðurnar í fyrirlestri á Hólaskóla um miðjan apríl.

# Hestamenn góðir kúnnar

Toyota á Íslandi gekk til liðs við Landssamband hestamannafélaga og Landsmót ehf. síðastliðið haust. Á flestum vinnustöðum landsins má finna hestamenn. Toyota er þar ekki undantekning.

Einn þeirra er Haukur Baldvinsson, sem hefur í átta ár rekið Toyota á Selfossi með miklum myndarbrag. Eiga hestamenn á Suðurlandi þar hauk í horni þegar kemur að því að styðja við bakið á íþróttinni með auglýsingum. En skyldi Haukur hafa fengið það til baka?

„Það er engin spurning að það hefur reynst mjög jákvætt fyrir okkur. Við eigum dyggan kúnnahóp á meðal hestamanna. Það er líka gefandi að geta tekið þátt í áhugamálinu á þennan hátt, að báðir hafi af því gagn, og vonandi gaman líka.“



Haukur á gæðingi sínum Fal frá Þingeyrum, Baldurssyni frá Bakka. MYND/JENS EINARSSON

Haukur er ötull hestamaður, er meðal annars þátttakandi í Meistaradeild VÍS og keppir þar við atvinnuknapa. Hann hefur ásamt eiginkonu sinni, Ragnhildi Loftsdóttur, byggt upp nýbýlið Austurás, sem er í útjaðri Selfoss. Þar hafa þau reist myndarlega reiðhöll og hesthús fyrir 46 hross. Hestamennskan er þeirra lífsstíll, á því leikur enginn vafi.

„Hestamennskan er svo óskaplega gefandi og heillandi fjölskyldusport. Við hjónin erum bæði á kafi í þessu: keppni, útreiðum og hrossarækt. Það var draumur okkar að eignast lítið býli nærri þéttbýliskjarnanum og hann hefur nú ræst. Við erum búin að taka hesta á hús í Austurási og þetta er allt saman mjög spennandi. Ég vil svo nota tækifærið og þakka hestamönnum fyrir góð viðskipti í gegnum tíðina,“ segir Haukur að lokum.

# TOP REITER

***Heldur ykkur heitum!***



Siberia



Zermatt

Í HEITUSTU hestavöruverslun landsins færðu WELLENSTEYN úlpur

30% kynningarafsláttur í febrúar.





Mikið úrval af hnökkum
og öðru sem til þarf í
hestamennskuna.

WELLENSTEYN
Clothing Company

TOP REITER
Ögurhvarfi 2 • s. 565 5151
topreiter@topreiter.is

## Hafrar & bygg

Fyrsta stóra hestamótið fyrir íslenska hesta í útlöndum var haldið í bænum Schlüchtern í Hessen í Þýskalandi 3. til 6. júní 1960 á vegum Deutscher Pony Klub, sem var stofnað 1958 um smáhesta, þó aðallega íslenska hestinn. Þátttakendur voru frá fjórum löndum: Þýskalandi, Hollandi, Sviss og Austurríki. Á þessu móti var fimm manna „sendinefnd“ frá Íslandi, þeir Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur, Páll Sigurðsson í Varmahlíð, Höskuldur Eyjólfsson á Hofsstöðum, Búi Petersen, kaupmaður í Reykjavík, og Vignir Guðmundsson, ritstjóri Hestsins okkar. Sáu þeir félagar meðal annars um að leiðbeina fólki og kenna þeim tökin á töltinu. Þeir tóku einnig virkan þátt í keppninni og sýndu nokkra stóðhesta.

Fyrsta Evrópumótið fyrir íslenska hesta var haldið 1970 á Aegidienberg í Þýskalandi, búgarði Walters Feldmann eldri. Sex þjóðir tóku þátt í mótinu: Íslendingar, Þjóðverjar, Svisslendingar, Danir, Austurríkismenn og Hollendingar. Keppnin fór fram á hringvelli (nema skeiðkappreiðarnar), sem Feldmann hafði látið gera á búgarði sínum, og var það nýlunda. Þótti Íslendingunum hann lítill. Keppnisgreinar voru sjö: Tölt, fimmgangur, skeið (sennilega 200 metrar), 3000 metra þolreið sem var riðin á hringvellinum, fimikeppni og síðan tvær mismunandi greinar fjórgangs, annars vegar hefðbundinn fjórgangur og hins vegar fjórgangur fyrir fimmgangshesta sem ekki brokkuðu.

Þrír keppendur voru í nokkrum sérflokki á þessu móti. Það voru þau Walter Feldmann yngri á Funa frá Hverá, Barla Maisen á Víkingi og Reynir Aðalsteinsson á Stjarna frá Svignaskarði, eða Súper-Stjarna eins og hann var kallaður. Íslendingar bundu miklar vonir við Reyni og Stjarna í töltkeppninni en þeir urðu þó að lúta í lægra haldi fyrir Feldmann og Funa. Það kom þó meira á óvart þegar hin 18 ára Barla Maissen frá Sviss á Víkingi sigraði með nokkrum yfirburðum í skeiði, grein sem Íslendingar töldu sig örugga með. Hún sigraði einnig í þolreiðinni, sem fram fór á hringvellinum, reið til skiptis brokk og skeið og hafði betur gegn helsta stolti Íslendinga, Súper-Stjarna, sem var frægur fyrir yfirferð og þol. Keppt var í fimiæfingum á þessu móti en enginn Íslendingur tók þátt í henni, einfaldlega vegna þess að þær voru þá óþekktar á Íslandi.

# Svellkaldar konur keppa

Ístöltskeppnin Svellkaldar konur er eitt af árvissum hestamótum vetrarins. Í ár hafa nokkrar vaskar konur úr hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu tekið að sér að undirbúa mótið og er ætlunin að það verði enn glæsilegra en fyrr.

Ísmót hafa notið mikilla vinsælda síðustu ár og hefur landsliðsnefnd LH staðið fyrir þessu tiltekna móti, sem eingöngu er ætlað konum. Að þessu sinni verður boðið upp á fleiri flokka en áður þannig að allar konur ættu að geta fundið sér keppnisflokk við hæfi.

„Það er ekki oft sem knöpum stendur til boða að keppa á ís, hvað þá í skautahöll,“ segir Hulda G. Geirsdóttir úr Gusti. „Þetta er því virkilega spennandi valkostur og margar konur sem stefna á þátttöku. Hestarnir ganga öðruvísi á ís og oft má sjá glæsileg tilþrif sem þessar flinku reiðkonur laða fram í gæðingum sínum. Svo er alltaf góð stemning á ístöltsmótum, umgjörðin skemmtileg og áhorfendur taka þátt af fullum krafti.“

Glæsileg verðlaun verða í boði fyrir Svellkaldar konur. Einnig verður happdrætti þar sem meðal annars eru í vinning folatollar undir topp stóðhesta. „Ég á von á mikilli þátttöku. Í fyrra voru skráningar um 100. Við munum kynna fyrirkomulag og skráningu þegar nær dregur,“ segir Hulda. „Svo verða karlarnir að sjálfsögðu að mæta líka og hvetja stelpurnar til dáða, þetta er flott fyrir þá; að fá að horfa á fallegar konur og flotta hesta og geta svo fengið folatoll í kaupbæti. Gæti ekki verið betra,“ segir Hulda að lokum og hlær við.




Bylgja Gauksdóttir á stóðhestinum Tenór frá Auðsholtshjáleigu á sýningu í Skautahöllinni í Reykjavík. MYND/JENS EINARSSON

Skráning á mótið og fyrirkomulag flokkaskiptingar verður kynnt á vefmiðlum hestamanna þegar nær dregur og á heimasíðu LH: www.lhhestar.is. Hestakonur sem vilja prófa skemmtilega keppni í óhefðbundinni umgjörð ættu að taka laugardaginn 8. mars frá strax. Að lokum er rétt að taka fram að allur ágóði af mótinu rennur til landsliðsins í hestaíþróttum.

# Meistaradeild VÍS á láði og í lofti

Það er allt að gerast í Meistaradeild VÍS. Aðsóknin hefur aldrei verið meiri og þeir sem ekki eiga heimangengt geta notið herlegheitanna heima í stofu.

Það var troðfullt út úr dyrum í Ölfushöllinni á fyrsta móti Meistaradeildar VÍS 31. janúar. Þessi skemmtilega mótaröð er búin að skipa sér sess í lífi hestamanna.

Keppt var í fjórgangi og úrslitin komu á óvart. Flestir höfðu spáð því að slagurinn um toppsætið yrði á milli Þorvaldar Árna Þorvaldssonar á Rökkva frá Hárlaugsstöðum og Svanhvítar Kristjánsdóttur á Kaldalóns frá Köldukinn. Þau síðarnefndu komust langt, alla leið í annað sætið, en Þorvaldur og Rökkvi áttu ekki góðan dag. Sömuleiðis Sigurbjörn Bárðarson á Kaliber frá Lækjarbotnum og Atli Guðmundsson á Glym frá Sauðárkróki, komust ekki í B-úrslit. Það var hins vegar hinn mikli keppnismaður Sigurður Sigurðarson sem bar sigur úr býtum á stóðhestinum Yl frá Akranesi, Hrafnssyni frá Garðabæ.



Kampakátir sigurvegarar. Jakob Sigurðsson í þriðja sæti, Sigurður Sigurðarson í fyrsta sæti og Svanhvít Kristjánsdóttir í öðru sæti. MYND/JENS EINARSSON

En Meistaradeildin fer ekki bara fram á láði. Sjónvarpsþáttur um mótið var sendur í loftið mánudaginn 4 eftir og svo verður í vetur. Það er Brynja Þorgeirsdóttir sem sér um þáttinn. Fyrsti þátturinn gaf góð fyrirheit um framhaldið.

Næsta mót Meistaradeildarinnar fer fram fimmtudaginn 14. febrúar. Þá verður keppt í Smala, grein sem var sérsmíðuð fyrir Meistaradeildina. Þar reynir á hraða og fimi hests og knapa.






# Friðþjófur gefur gjafir

Friðþjófur Þorkelsson, trésmiður, hestamaður og hestaljósmyndari í Mosfellsbæ, hefur fært Sögusetri íslenska hestsins í Skagafirði hluta af ljósmyndasafni sínu að gjöf, eða um 2.000 slidesmyndir.

Hér er um verðmætt ljósmyndasafn að ræða fyrir sögu íslenska hestsins. Það spannar marga áratugi og hefur sérstöðu fyrir þær sakir að Friðþjófur lagði mikla áherslu á að mynda litabrigði íslenskra hrossa, auk þess sem hann gaf sér tíma til að mynda hross við fleiri aðstæður en á hestamótum.



Friðþjófur Þorkelsson

Friðþjófur hefur alla tíð unnið í fullu starfi sem trésmiður. Eigi að síður hafa verið gefnar út þrjár bækur um hestaliti með myndum eftir hann, og fjögur veggspjöld, sem sýna liti íslenskra hrossa.

Arna Björg Bjarnadóttir, forstöðumaður Sögusetursins, segir hér um afar höfðinglega gjöf að ræða sem setrið sé ákaflega þakklátt fyrir.

**SÖGUFRÆGT SKAPALÓN**

En ljósmyndirnar eru ekki einu verk Friðþjófs sem hann hefur skráð á spjöld sögu íslenska hestsins. Hann hefur alla tíð verið mikill grúskari og lagði á sínum tíma mikla vinnu í rannsóknir á samhengi beinabyggingar íslenskra hrossa og ganghæfni, ásamt þeim Boga Eggertssyni og Páli A. Pálssyni dýralækni. Um þetta má lesa í gömlum blöðum af Hestinum okkar.

Bjó Friðþjófur til sérstakt skapalón til að mæla horn beina í lærum og mjaðmagrind hesta. Þetta skapalón er nú komið á Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri ásamt öðrum minjagripum sem tengjast fyrrgreindum rannsóknum. Telur Friðþjófur að vísbendingar sem fást með skapalóninu gefi óyggjandi vísbendingar um gangupplag hrossa.

# Pavo

## Afburðarfóður fyrir hesta!




### Nature's Best

- Hafralaust múslífóður
- Eykur léttleika og afköst
- Inniheldur spelt og alfalfa
- Trénisríkt og lystugt
- Ríkt af vítamínum og steinefnum




### NÝTT! Podo Grow

- Kjarnfóðurkögglar fyrir folöld og tryppi
- Inniheldur vítamín og steinefni í réttum hlutföllum fyrir vöxt beina og vöðva
- Ætlað sem viðbót við gróffóðurgjöf

Podo®

HEALTH & FIBRE GESUNDHEIT & STRUKTUR

### VÆNTANLEGT Í MARS! Sports Fit

- Múslífóður fyrir hesta í stífri þjálfun

Pavo www.pavo.net

LÍFLAND
Lynghálsi 3 • Sími: 540 1125
Lónsbakka • Sími: 540 1150
www.lifland.is

## Hestamenn á netinu

**FRÉTTAMIÐLAR:**
www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

**STOFNANIR:**
www.feif.org
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

**HROSSABÚ:**
Fjölmörg hrossabú og aðrir þjónustuaðilar í hestamennsku eru með heimasíður á netinu. Ekki er að finna tæmandi skrá yfir alla þá aðila á einum stað. Hægt er að finna þá flesta með því að rekja sig áfram á leitarvélum.



**„Snæfellingshöllin er sameiginleg sýningarhöll og kennsluaðstaða fyrir Snæfellinga. Tamningamenn verða að sjá sér sjálfir fyrir inniaðstöðu," segir Kolbrún Grétarsdóttir, hestakona í Grundarfirði, sem hefur komið sér upp litlum reiðskála við hesthúsið sitt.**

# Snæfellingshöllin rís í Grundarfirði

Fyrsta skóflustunga að reiðhöll í Grundarfirði var tekin í janúar. Skiptar skoðanir voru um staðsetninguna. Hestamannafélagið Snæfellingur fékk 15 milljónir úr reiðhallarsjóði Guðna Ágústssonar til verksins og Grundarfjarðarbær leggur 16,7 milljónir á móti. Stofnað hefur verið hlutafélagið Snæfellingshöllin ehf. Höllin verður 25x50 metrar að flatarmáli í það minnsta, hugsanlega stærri ef meira fé fæst. Snæfellingshöllin verður fjölnota mannvirki, ætlað til íþróttaiðkunar og annarra viðburða á Snæfellsnesi.

# Úr félagsmálum í fremstu víglínu

**Hörður frá Kolneset í Noregi sló í gegn á fyrsta móti Meistaradeildar Ástundar í Danmörku. Keppt var í fjórgangi og Hörður og knapi hans, Nils Christian Larsen, báru höfuð og herðar yfir keppinauta sína.**



**Hörður frá Kolneset. Knapi er Nils Christian Larsen.** MYND/MIKKEL SIMONSEN.

Ræktendur Harðar eru Per og Tone Kolnes á Stall-K-Islandshester í Noregi. Tone var í fjölda ára formaður FEIF, Alþjóðlegra samtaka Íslandshesta, allt til ársins 2006.

Per er alþjóðlegur sportdómari og hefur einnig tekið þátt í félagsmálum. Meðfram félagsmálastússinu og vinnunni áttu þau sér lítinn draum sem þau hafa hlúð að. Nú er sá kvistur farinn að blómgast. Það var árið 1975 að þau hófu dálitla hrossarækt og keyptu stóðhestinn Kul frá Eyrarbakka af Skúla Steinssyni. Í dag eru flest hross þeirra komin út af Kul, þar á meðal Hörður.

„Okkar besta ræktunarhryssa undan Kul er Katla frá Vikingstad. Það var mikil rekistefna á heimilinu þegar Per og Hilde dóttir okkar stungu upp á að fara með hana til Svíþjóðar, undir Mökk frá Varmalæk. Tvö þúsund kílómetra ferðalag. Í dag sé ég ekkert eftir því að hafa samþykkt það," segir Tone. „Hörður var mjög áberandi trippi, varð strax konungur hrossanna á bænum. Mjög geðgóður samt. Hann er núna hæstdæmdi fjórgangs stóðhestur Noregs með 8,43 fyrir hæfileika. Og það er gaman að því að nú hafa þau öll átt sæti í norska landsliðinu: Kulur, Katla og Hörður."

Hörður þykir einstaklega fagur og jafnvígur fjórgangshestur og margir spá honum frama sem slíkum á næstu árum. Nils mun þjálfa hann áfram og stefnan hefur verið tekin á Heimsmeistaramótið í Sviss 2009.

# Ístölt í tísku en skeið ekki

Það er í tísku að láta hesta hlaupa á ís, bæði innan dyra og utan. Fjöldi ísmóta er auglýstur á hverjum vetri. Má þar nefna Ístölt Austurlands og Mývatn Open sem eru utandyra mót.

Fleiri smærri mót eru haldin á ísi lögðum tjörnum víða um land ef færi gefst. Einnig ísmót sem haldin eru innan dyra í Skautahöllinni í Reykjavík og á Akureyri. Sérstök stemning er jafnan á ísmótum. Það er eitthvað við ísinn og hestana saman sem snertir taug hestaunnandans.

Ísreið á hestum er reyndar gömul íþrótt á Íslandi. Eftir að góðar skaflaskeifur komu til sögunnar uppgötvuðu menn að hestarnir hreyfðu sig og gengu öðruvísi á ís en á venjulegri jörð. Margar sögur eru til um snjalla reiðmenn sem kenndu hestum að skeiða á ís. Hestarnir hlupu síður upp, voru ekki eins öruggir með sig.



**Það er í tísku að láta hesta hlaupa á ís bæði innan dyra og utan.** MYND/JENS EINARSSON

Skeiðkappreiðar á ís voru lengi vinsælar og fræg mót voru haldin á Pollinum á Akureyri, Rauðavatni við Reykjavík og á fleiri stöðum þar sem skeiðkappreiðar voru í aðalhlutverki. Nú er meira í tísku að keppa í tölti. Það á sér þá skýringu að fjöldi fólks hefur komið inn í hestamennskuna á síðastliðnum árum, fólk sem enn þá hefur ekki náð tökum á þeirri list að ríða á kostum; taka hest til kostanna. En svo er það kallað að ríða á hesti á flugskeiði.




**Nýr DODGE RAM 2500 4x4 Mega CAB 6,7L Turbo Diesel LARAMIE**

Nýja vélin sem togar 868 Nm. 350 hestöfl.
Með öllum fáanlegum búnaði
6 manna. Svartur með dökkgráu leðri.

**Okkar verð: 5.190.000 Kr.**

**www.sparibill.is**

SPARI bíll
Fiskislóð 16
Sími: 577 3344


# Ný sölusíða á www.hest.is

Elka Guðmundsdóttir hefur um árabil haldið úti skemmtilegri heimasíðu á netinu, www.hest.is,se, hefur síðan öðrum þræði verið sölutorg, sem skilað hefur góðum árangri. Elka hefur nú fært út kvíarnar og opnað, ásamt manni sínum Jóhanni G. Jóhannessyni, nýjan vef undir sama léni. Elka segir að vefurinn sé fyrst og fremst hugsaður sem sölutorg fyrir Suðurland og höfuðborgarsvæðið, alla vega til að byrja með.

Öllum er heimilt að skrá hross til sölu á www.hest.is, en þó aðeins ef myndir og upplýsingar eru samþykktar af hendi rekstraraðila vefjarins. Öll söluhross fá sína eigin síðu með ítarlegum upplýsingum ásamt lýsandi myndum. Á síðu hvers hests er bent á eiganda eða umráðamann. Upplýsingarnar eru þýddar á þýsku og ensku. Stefnt er að því að vefurinn verði vel auglýstur á erlendum netsíðum.

Því má bæta við að Elka og Jói keyptu í fyrra jörðina Borg í Þykkvabæ. Þar hafa þau tekið ærlega til hendinni og standsett myndarlega tamningastöð og hrossaræktarbú. Borg er sérlega vel í sveit sett, á bökkum Hólsár, og útreiðaleiðir góðar. Það má því gera ráð fyrir að Jói komi vel undirbúinn á LM2008. Hann þjálfar nú meðal annars stóðhestinn Hrannar frá Þorlákshöfn, sem vakti athygli síðastliðið sumar og hlaut góðan kynbótadóm.



**Elka og Jói í nýja hesthúsinu á Borg. Sonurinn Guðmundur Óli fer bara vel með sig á baki.** MYND/JENS EINARSSON

Gæðaplast sem endist

# Býr þinn hestur vel...?

**Nótuð og afar sterk plastborð í innréttingar og klæðningar.**



GOVAplast QUALITY RECYCLING



## Gæðaplast sem endist

Govaplast borðin eru góð lausn í innréttingum hesthúsa. Borðin eru hátækniþróuð, örugg og mjög sterk, en um leið afar auðveld í meðhöndlun og auðveld í uppsetningu. Govaplast borðin hafa sannað sig rækilega við íslenskar aðstæður í þau átta ár sem þau hafa verið hér á markaði.

Stærðir:
Lengd og þykkt
118 cm x 32 mm

Sérpöntum aðrar lengdir eftir óskum.
Einnig fáanlegt í 28 mm þykkt

GOVAPLAST ER GÆÐAPLAST
VARIST EFTIRLÍKINGAR!



- Gæðaplast
- Frábær ending
- Brotnar ekki
- Ekkert viðhald
- Einangrandi
- Fallegt útlit
- Auðvelt að þrífa
- Umhverfisvænt

stofnað 1968
**Ragnar Valsson**
**Bílaklæðningar**
**S. 554 0040**
**Bílaklæðningar ehf.** - Kársnesbraut 100 - 200 Kóp.
S. 554 0040 - 892 1315 - Netfang: bkl@bkl.is



# Allar gerðir af kerrum
## Allir hlutir til kerrusmíða





**Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla.**



VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is


Hrímnir
Gæðingurinn
í röðum hnakka
Þegar þrír virtir framleiðendur vinna saman
er árangurinn ÓVIÐJAFNALEGUR
DUPONT
FLEX® VIRKI
DUPONT
Bayer®
Bayflex
Einstök mýkt -
hamarks næmni
Ruiz Diaz
SADDLES
Hrímnir
Pessoa
ANKY®
Hnakkaframleiðandi meistaranna
Söluaðilar:
Hestar og Menn
Ögurhvarfi 1
203 Kópavogi
Fákasport
Árstíg 6
600 Akureyri
Lífland
Lynghálsi 3
110 Reykjavík
Baldvin og Þorvaldur
Austurvegi 56
800 Selfoss
Verslunin Eyri (KS)
Eyrarvegi 21
550 Sauðárkróki
ICESADDLES
www.hnakkar.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík • Sími 577 4400 • Fax 577 4401



Honda Civic Sedan LSI V-TEC árg. 1998 dökkgrár, vetrardekk, góður bíll. Ásett verð 450 þús...en það má prútta!



PeugeotT 206 XS árg. 2003 ekinn 70 þús. Flottur bíll á nýjum vetrardekkjum og nýr rafgeymir og margt fleira. Verð 690 þús. og 15 þús. á mánuði.



Peugeot 307 station árg. 07/'03 ekinn 70 þúsund. Góður bíll á góðu verði allt að 100 % lán og lítið á mánuði!



Suzuki RMZ 450. Nýtt hjól og algerlega ónotað, bíður eftir að einhver rífi það af stað í drullumallið. Nú kemur einhver og skrifar undir og hendir því á kerru og í næsta. Verð 750 þús.

**Bifreiðasalan**
**Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



VOLVO S40 árg.'06, ek 23 þ. km, 2.4L Ssk. 170 hestöfl, Leður, Topplúga, Verð 2.990 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110905 S: 567 2700.



ISUZU CREW CAP D-MAX 3.0L Dísel, 35" Breyttur, Bsk. Árg 11/05, ek 32 þ. km, Dráttarkúla, Verð 2.690 þ. Áhv 2.350 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 120536 S: 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

Bílabankinn



TOYOTA LAND CRUISER 120 6/2006 Ek.61 þkm,álfelgur, 8manna,6 diska magasín,dráttarbeisli,filmur.ofl.ofl Verð 4890 þús —SKOÐA SKIPTI Bílabankinn s.588-0700

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar



MMC PAJERO GLX DID. Árg. 2001, ek. 118 þ.km, DÍSEL, Sjálfs. Verð 2.590 þús. Rnr.201577. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2 s.562-1717. Sjá fleiri myndir www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

Fosshamar



BMW X5 árg.'06. Ek. 19.500 km. Fallegur bíll! Hvítur / ljóst leður að innan. Sem nýr! Verð aðeins 4.900.000. Sími 893 0200.



Mercedes Benz GL-450 árg. '07. Ek. 12.700 km. Stórglæsilegur! Leður/öskugrátt. 7 manna. DVD, 2 skjáir. Loftpúðafjöðrun. Hiti í framsætum. Fjarlægðaskynjarar. 2 sóllúgur ofl. Bíll með frábærum aukabúnaði og kostar nýr rúmar 12 millj. Er í ábyrgð! Verð aðeins 7.900.000 Sími 893 0200.



Black Beauty!/Mercedes Benz GL-450 Árg.'07 Skráður júlí 06. Ekinn 19.000 km. Svartur, Leður/öskugrátt. 7 manna. Með öllu!! Loftpúðafjöðrun. Hiti í sætum. Fjarlægðaskynjarar. 2 sóllúgur. Stigbretti & togkrókur (ekki á mynd) ofl. Bíll með öllu! Verð aðeins : 8.300.000.- Góður staðgr. afsláttur! Er í ábyrgð! Kostar nýr 11.5-12 milj. FOSSHAMAR ehf. Sími 820 1909 & 893 0200.

**Fosshamar**
**Sími: 8201909**
**rubbi(hjá)simnet.is**

## Bílar til sölu




Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbílar.is Verðvernd í bílasölu.






Toyota Land Cruiser 120 LX 6/2006 ekinn 63 þús km, sjálfskiptur, samlitur 17" álf, spoiler, filmur, prófílbeisli, 8 manna. Ásett verð 4.690 þús. Áhvílandi 4.260 þús. Nánari uppl. í síma 664 8003.



Mazda 3, árg. '05, ek. 45 þús. 1.6, sjsk, Dýrasta týpan með sóllúgu! V. 1670 þús. Uppl. í s. 697 4403 & 517 5156.



Honda Accord Tourer Executive 2,4 árg. 2006 ekinn 29 þús.Topplúga og leður. Einn með öllu. S. 898 2811. ATH Gott lán.



Toyota Corolla 1,3. Árg. '95, ek. 136 þús. Mjög vel viðhaldið. V. 210 þús. eða tilboð. S. 847 9925.



Til sölu Toyota Yaris T-sport 2002, ekinn 96 þús. Dökkblár að lit mjög fallegur, spoiler, filmur, álfelgur, þriggja dyra, bsk., dráttarkúla fylgir, góð negld vetrard., skriðvörn, CD, rafm. í rúðum og speglum, akstursstölva. Bifreiðagjöld greidd ásamt febrúar gjalddaga. Var að renna honum í gegnum skoðun 09 athugasemdarlaust. Hann nýlega yfirfarinn af starfsmanni Toyota og er í topp standi. Ásett verð af Toyota er 990 þús. svo ég set það bara, áhvílandi 690 þús., 20 þús. á mánuði. Fer á góðu stgr. verði ! S. 845 3663.



Til sölu æðislegur Benz C230 Kompressor 2003 ek. 45 þús. km. Beinhvítur, 200 + hestar, afturhjóladrif, álfelgur, heilsársdekk, skriðvörn, spólvörn, abs, airbags, AC, tvöföld miðstöð ásamt miðstöð afturí, tauáklæði, ssk. M/steptronic, kastarar omfl. Fallegur bíll sem svíkur engann. Ásett verð 2.3, áhv. 1740, 33 þús. á mán. Fer á góðu stgr. verði ! S. 845 3663.



Ford F 350 Lariat Super cap 6,0 Diesel árg 2006 ekinn 24Þ km.Með húsi.verð 3,3 + vsk.S:898-2811



Toyota Landcruser GX 90 Diesel árg 1999 ekinn 190Þ 33" Dekk Góður bíll Verð 1550.Lán 900.S: 898-2811



**Mjög lítið ekinn LR3 Discovery HSE**

Land Rover LR3 Discovery HSE 4X4 . Ekinn aðeins 16þ km ! , nýskráður 6.2005. 7 manna. Einn með öllu ! 4.4 V8 300 HP, eyðsla 15L í blönduðum akstri. Leður , glerþak og sóllúga , magnað Harmon Kardon hljómkerfi, rafmagn, minni og hiti í sætum , loftpúðafjöðrun , yfirburða torfæruhæfni og akstureiginleikar ! , Verð aðeins 5.7 milljónir , nývirði um 9 milljónir, æðislegt ökutæki ! , 2 dekkjagangar, athuga öll skipti á ódýrari. Uppl. í s. 663 2430.



**TOYOTA LAND CRUISER 120 GX DISEL ÁRGERÐ 2006**

33" dekk og álfelgur, nýskráður, 07.2006 , sjálfskiptur , 8 manna , rafmagn í öllu, cruisecontrol, abs, cd spilari, hit í sætum , fjarlæsing, dráttarkrókur, þakbogar, stigbretti , ofl. Ekinn aðeins 27 þ. KM , einn eigandi , verð. 5.2 millj. Enginn skipti , glæsilegt og mjög vel með farið eintak! uppl. í s. 663 2430. Frágangur löggilts bílasala fylgir.

Toyota Avensis árg. '03 ek. 97 þús. Dráttarkr. og ný heilsársd. Fæst gegn yfirtöku á láni ca. 950 þús. Afb. 18 þús. á mán. Uppl. í s. 848 3113.

Toyota Aygo '06 ek. 20 þús. Rauður, álfelgur og vetrad. Einn eigandi. Fæst á yfirtöku 1250 þús. 27 þús. m/tryggingum á mán. S. 691 9374.

Ford Explorer '96 ek. 164 þús. Ssk. sk. '09 v. 360 þ. ath. skf.ódýrari. S. 690 1433.

## 0-250 þús.

Opel vectra B árg. '98 1,6. Bsk., cd, ný bremsur. 15" álufelgur og ný vetrardekk . Í mjög góu standi. Verð 250 þús. S. 661 3086.

Opel Zafira 1.6 árg. '00 Þarfnast smá lagfæringar. Ek. 104 þ. V. 290 þ. S. 693 2991.

Chrysler Neon árg. '96, skoðaður og í lagi. V. 50 þús. Uppl. í s. 868 1167.

Toyota Corolla árg. '98, skoð. '09, bsk, góð v+s dekk. V. 210 þús. S. 692 4921

VW Golf station árg '96 ek. 145 þús. Góður bíll, ný heilsársdekk, v. 160 þús. Uppl í s. 691 9374.

Opel Corsa árg '99 ek. 130 þús, nýleg vetrardekk, óskoðaður, fæst á 95 þús. Uppl í s. 691 9374.

## 250-499 þús.



Almera slx til sölu, árg. '98 ekinn 114 þús., ssk., eyðslugrannur. Ath skoðaður 09. Staðgreiðsla 300 þús. S. 661 4579.



MMC PAJERO ár 96. 33"sumar og vetrardekk á felgum. Ekinn 246000. Bíll í toppstandi. Ásett verð 580000. TILBOÐ 440000. Uppl. 8244862

## 500-999 þús.



Til sölu Nissan Terrano árg. '99 2.4, 5. gíra ek. 170 þús. Verð 550 þús. S. 864 3031 & 661 5061.

## 2 milljónir +



M. Benz R500 4 Matic 2006 ek. 46 þús. Þessi er með öllu. Ásett 7.390 þ. Tilboð 5.990 þ. 1140 þ. út og yfirtaka 4850 þ. Ath skipti. S. 868 4785.

## Bílar óskast

Skólastrákur óskar eftir bíl. jeppa/fólksbíl. 0-100 þúsund. Sími 866 3838.

## Jeppar



Mitsubishi Pajero árg. '95 2.8 tdi. Nýsk. '09, 32" dekk, ssk., 7 manna, ek. 230 þús., v. 470 þús. S. 617 6473.



Grand Cherokee Hemi 5,7L árg 2005 ekinn 64 þús. Mjög vel með farinn, leður,topplúga, rafm í öllu. Verð aðeins 2.980 þús. Sími 897 9599

## Sendibílar

Benz Sprinter 316 CDI árg. '02, ssk. Ek. 90 þús. Verð 1,8. S. 693 2991.

## Hópferðabílar



Ford Transit árg 03, 13 farþ. ekinn 135 þús. uppl. í síma 899 5478

## Vélsleðar






Yamaha sx700viper arg 02 ekkert ahvilandi skoða öll skipti verð 430þúsund simi 8987141

L.Í.V.

Félagsfundur LÍVReykjavík miðvikud. 13. feb kl 20 í Bíósal Hótel Loftleiða. Almenn félagsmál, Kerlingarfjallamót, Myndasýningar o.fl. Allir velkomnir. Stjórnin.

## Rafvirkjun




**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, viðhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**

## Húðflúr

**Tattoo opnunartilboð!**
101 Skjöldur. Pósthússtræti 13. S. 561 9090. www.tattoo.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strimla á frábæru verði sem hefur ekki þekkst áður. Upplysingar i sima 421 8999 eða k-matt@simnet.is . Opnunartimi er a milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.

Til sölu svefnsófi á 15 þús. Lítill Ískápur á 17 þús. Uppl. i s. 862 2213.

Til sölu fatastandar fyrir verslanir, slár á hjólum og herðartré. Upplýsingar í síma 696 3900.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. 28" tv á 10þ. Nýr Eldavélaháfur á 10þ. Þurrkari á 10þ. Ný eldhúsvifta á 5þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Bíla CD á 5þ. Bíla hátalarar á 5þ. Glerborð á 5 þ. Glerskápur á 3þ. Uppþvottavél á 10 þ. S. 896 8568.

Málverk e/ þekkta sem óþekkta. Uppstoppaðir fuglar. Þröstur frá G. Miðdal. S. 821 4756.

## Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.545 kr/m2, timbur 1x6 og 2x4, uppl. í s: 840-7273 og á ulfurinn.is

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur




9 daga hreinsikúr frá Aloe Vera - Aloe Vera kyppa 3 brúsar. S. 697 8928, Sigga.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

Whole body massage Telepone 862 0283.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S: 435-1260

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Ódýrt Borðst.borð 6 stólar og skenkur-rauðbrúnt. Eldhúsb. 4 stólar. Nýtt eld- og baðvaskur + blöndunart. S. 6959747

## Gefins

Gefins 3ja sæta bleikur sófi með kínverskumunstri. Uppl. í s. 691 7234 eftir kl. 14.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

Tveim yndislegum Páfagaukum (gárar) vantar gott heimili sem fyrst, allt fylgir. Uppl. í s.8215017

Mjög fallegir Chihuahua hvolpar með ættbók til sölu. Uppl. í s. 897 8848.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




## Ökukennsla

Ökukennsla - Bifhjólakennsla. www.okuleikni.is. s. 869 8125.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

11,5fm herbergi til leigu í Hraunbænum. Aðgangur að hreinlætisaðstöðu og salerni en ekki sturtu. Til leigu strax. Upplýsingar í sima 8640276

Herbergi til leigu. Sameiginlegt eldhús og baðherbergi. upplýsingar í s. 849-5422 a milli 14 og 19

Good rooms for rent in city center. Use of kitchen and bathroom. Please call 849-5422 between 14 and 19

4 herb. íbúð í miðb. Rvk. húsgögn fylgja. Leiguverð 140 þ. mán. S. 895 0497 e kl. 17.

Góð 4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 695 1730.

Til leigu stór 2 herb. íbúð á sv. 109. Verð 115 þ. á mán. S. 844 6368.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á höfuðb.svæðinu, verð í kring um 60-70 þús. Reglusamur. Verð að mega vera með hund. S. 661 8345.

Óska eftir herbergi nálægt miðbænum. Reglusamur og góður leigjandi. Uppl. í s. 857 2353.

**Íbúð óskast**
óska eftir einstaklings eða 2.h íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu á sanngjörnu verði. Uppl. í síma 846-4516

## Sumarbústaðir

Til sölu heilsárshús til flutnings,30fm vandað fullfrágengið hús með svefnlofti. V. 3,5 millj ef samið er strax. Uppl. í s. 865 6560.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnuhúsnæði óskast**
Óska eftir atvinnuhúsnæði til leigu á bilinu 50-150 fermetrar á sanngjörnu verði. uppl. í síma 846-4516

## Geymsluhúsnæði




## RÝMINGARSALA




## ÞJÓNUSTA

**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti? Þá er þetta rétti tíminn!**





**Glæsileg tilboð á snyrtistofu**

**Hand- og fótsnyrting með 15% afslætti til 15. febrúar**

**Allar vaxmeðferðir með 15% afslætti til 15. febrúar**

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
Kínverskt fótanudd
Almennt heilsunudd
Sími 444-4085/662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
Opið mánud.- föstud. frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugardögum frá kl. 10.00 til 18.00.
Sími 444-4085/662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Part time work from your home!**
**Due to our expansion program, we are currently looking for part time Work from home Account Manager and Sales representatives, it pays $450 per week plus benefits. Please contact us for more details. Requirements - Should be a computer Literate. Must have access to the internet. And age 19 years and above. Must also be Efficient and Dedicated. If you are interested and need more information. Contact Mark Lambert email: m_lam01@yahoo.com**

**MEST ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í bílskúrshurðaframleiðslu fyrirtækisins. Umsækjendur þurfa að vera handlagnir, stundvísir og reglusamir. Upplýsingar um starfið veitir Þorbjörn í síma 825-0762 eða á netfangið: thorbjornj@mest.is.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 13-19. Einnig einn dag aðra hvora helgi. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

**Bakari**
**Mosfellsbakarí óskar eftir að ráða bakara til starfa í nýju og glæsilegu bakaríi í Mosfellsbæ. Allar nánari upplýsingar veitir Hafliði í síma 660 2151.**

**Bakari - konditor**
**Mosfellsbakarí óskar eftir að ráða konditor eða bakara með áhuga á kökugerð/súkkulaðigerð í nýtt og glæsilegt bakarí í mosfellsbæ. Áhugasamir geta haft samband við Hafliða í síma 660 2151.**

Heilsuakademían í Egilshöll óskar eftir hressum starfskrafti í móttöku. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og með mikla þjónustulund. Áhugi á líkamsrækt kostur. Tilvalið starf með háskólanámi. Skemmtilegt og lifandi starfsumhverfi. Áhugasamir sendi ferilskrá á valdis@ha.is

GKS trésmiðja

Innréttingaframleiðsla Vantar áreiðanlega og reglusama starfsmenn í framtíðarstörf hjá traustu fyrirtæki. Upplýsingar á staðnum Funahöfða 19 (Einar eða Árni S 864 6104/ einar@gks.is)

**Hreingerning**
**Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar, hreingerningar og bónvinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf. Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.**

Rizzo Pizzeria. Ertu hress og dugleg/ur, hafðu þá samband við okkur. Mjög góður móral og lifandi vinnustaður. Okkur vantar fólk til útkeyrslu og í afgreiðslu í fullt starf og kvöld og helgar vinnu. Nanari upplýs á Rizzo Pizzeria Grensásvegi 10

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfsmanni í framleiðsludeild. Sigurður gefur frekari upplýsingar í síma: 699-8076. vinnutími er frá kl. 05-13.

Veitingahús óskar eftir starfsmanni í sal. Vinnutími er öll virk hádegi, tvö kvöld í viku og önnur hver helgi. Uppl. í s. 822 5229.

Skóbúð. Þráinn skóari óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í skóbúð og skóvinnustofu. 50% til 100% starf. Uppl í síma 822 4982.

**Vantar þig aukavinnu ?**
Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá 18-22. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Ef þú ert 30+ þá ert þú rétta manneskjan fyrir okkur. Upplýsingar í síma 699 0005 milli kl. 12-22.

**Aðstoðarmaður í Blikksmiðju!**
Aðstoðarmann vantar í blikksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

Bílstjóri óskast á sendibifreið, meirapróf ekki skilyrði. Ekki yngri en 20 ára. Sakavottorð. Uppl. í s. 846 8400.

### Atvinna óskast

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

4 hraustir pólskir karlmenn á aldrinum 25-32 ára óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 845 0772.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, vélamenn, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

## TIL LEIGU


Þarftu að leigja?
Rentus LEIGUMIÐLUN
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is


## ATVINNA


VANTAR ÞIG STARFSFÓLK
NÚNA!
ERUM MEÐ YFIR TÓLF ÞÚSUND MANNS Á SKRÁ
SMIÐIR
RAFVIRKJAR
PÍPARAR
MÚRARAR
VERKAMENN
FISKVINNSLUFÓLK
BLIKKSMIÐIR
JÁRNSMIÐIR
AFGREIÐSLUFÓLK
ER STARFSMANNALEIGA RÉTTA LAUSNIN FYRIR ÞIG?

Voot starfsmannamiðlun
Hafnargata 90
230 Reykjanesbær
Sími: 420 9500
www.voot.is
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
SÍMI 420 9500 • WWW.VOOT.IS
BROS 0763/2008


## ÚTBOÐ / FORVAL

EFF FASTEIGN HF

# ÚTBOÐ

**Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.**
óskar fyrir hönd Háskólans í Reykjavík
hér með eftir tilboðum í verkið:

**Háskólinn í Reykjavík - Gluggar og gler**

Verkið felst í því að útvega og setja upp glugga, hurðir og gler í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni.
Aðalverktaki verksins er ÍSTAK hf. Væntanlegur undirverktaki vegna útboðs þessa verður undir stjórn aðalverktaka.

**Helstu magntölur eru:**
Gluggar og gler ~ 9000 m2

Verkinu verður skilað í tveimur áföngum.
Uppsetning á gluggum og gleri í fyrri áfanga skal vinnast á tímabilinu sep. 2008 - jan. 2009.
Uppsetning á gluggum og gleri í seinni áfanga skal vinnast á tímabilinu mar. 2009 - okt. 2009.
Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu Línuhönnunar hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík frá og með fimmtudeginum 14. febrúar 2008, kl 14:00.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf., Bíldshöfða 9, fimmtudaginn 13. mars 2008, kl. 14:00.

**FORVAL**
**Hestamannafélagið Gustur í Kópavogi**
**Uppbygging á hesthúsum**

VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd Hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi, efnir til forvals til að velja þátttakendur í lokað útboð.

Verkefnið felst í uppbyggingu hesthúsa á nýju félagssvæði Gusts við Kjóavelli í Kópavogi. Um er að ræða 80-100 hús, samtals fyrir 1.000 - 1.400 hross.

**Helstu upplýsingar um útboðið:**
Afhending útboðsgagna: 4. mars 2008
Áætlað upphaf verks: Vorið 2008
Áætluð verklok: Janúar 2009

Forvalsgögn verða afhent frá og með **þriðjudeginum 5. febrúar 2008** í móttöku VSÓ Ráðgjafar, Borgartúni 20, 105 Reykjavík. Hægt er að óska eftir gögnum á rafrænu formi.

Umbeðnum upplýsingum í forvalsgögnum skal skilað í móttöku VSÓ Ráðgjafar eigi síðar en **kl. 15:00 þriðjudaginn 19. febrúar 2008.** Allt að sjö hæfum aðilum verður gefinn kostur á að taka þátt í lokuðu útboði.

VSÓ RÁÐGJÖF 50 ÁRA 1958 – 2008

## STYRKIR

**FISKRÆKTARSJÓÐUR**
Salmonid Enhancement Fund

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 76/1970. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt eða fiskeldi. Enn fremur er heimilt að veita úr Fiskræktarsjóði lán eða styrki til annarra verkefna sem stuðla að aukningu og viðhaldi íslenskra laxfiska. Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2008, skal senda stjórn sjóðsins **fyrir 15. mars 2008.** Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á http://www.lbs.is/flytileidir/veidimal/fiskraektarsjodur. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Óðinn Elísson eða Bergrúnu Elínu Benediktsdóttur í síma 533-2050 ef viðkomandi hefur ekki aðgang að tölvu. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á sérstöku eyðublaði á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskræktarsjóður
Óðinn Elísson formaður
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

## TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi

**Vatnsendahlíð - vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Breytt aðalskipulag.**
Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin nær til uppdráttar Aðalskipulags Kópavogs þar sem gerð er grein fyrir afmörkun vatnsverndarsvæða. Vegna niðurfellingar brunnsvæðis við Dýjakróka í Garðabæ breytast mörk vatnsverndar í Kópavogi. Ný vatnsverndarmörk taka mið af verndarsvæði umhverfis Myllulæk og Gvendarbrunna sunnan Elliðavatns í Reykjavík. Mörkin eru ákveðin af framkvæmdanefnd vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Þessi breyting á aðalskipulagi Kópavogs er gerð til að samræma mörk vatnsverndar við breytinguna sem gerð hefur verið á Vatnsverndaruppdrætti höfuðborgarsvæðisins samþykktur af Umhverfisráðherra 7. nóvember 2007

**Breytingar á aðalskipulagi eru eftirfarandi:**
Mörk grannsvæðis vatnsverndar breytast.
Mörk fjarsvæðis vatnsverndar breytast.

Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í desember 2007.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 12. febrúar 2008 til 11. mars 2008. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 14:00 þriðjudaginn 1. apríl 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 07-1347
EKKI DEYJA ÚR ÞREYTU
LEGGÐU ÞIG Í 15 MÍNÚTUR
Syfja er talin geta verið jafn hættuleg ökumönnum og ölvun við akstur. Á árunum 1998–2006 létust 16 manns í 10 umferðarslysum þar sem ökumenn sofnuðu undir stýri.
Það sem helst ber að varast:
• Skortur á gæðasvefni.
• Akstur á þeim tíma sólarhringsins þegar fólk er vant að sofa.
• Svefntruflanir, t.d. óméðhöndlaður kæfisvefn.*
• Vaktavinnufólki er hættara við að sofna undir stýri en öðrum.
Fimmtán mínútur eru ekki langur tími en getur haft úrslitaáhrif á það hvort líf þitt verði lengra. Ef þú finnur fyrir syfju við akstur leggðu þá bílnum á öruggum stað og hvíldu þig í u.þ.b. 15 mínútur.
Farðu inn á www.15.is og kynntu þér málið!
*Kæfisvefn er sjúkdómur sem veldur því að fólk sofnar með litlum fyrirvara.
Hægt er að greina hann með svefnrannsóknum. Sjá nánar á www.15.is
UMFERÐARSTOFA



*Ástkær maðurinn minn og faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Tómas Egilsson,**

Lækjarsmára 6, Kópavogi,

fyrrum útibússtjóri Iðnaðarbankans í Hafnarfirði og Garðabæ og Íslandsbanka við Gullinbrú í Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn níunda febrúar.

**Björg Jónsdóttir**
**Sigríður Dóra Jóhannsdóttir** **Ólafur H. Torfason**
**Egill Jóhannsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Örn Jóhannsson** **Ane Mette Sørensen,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, dóttir mín, systir okkar, mágkona og frænka,*

**Linda María Bellere**

Granaskjóli 34, 107 Reykjavík,

sem lést á heimili sínu þann 2. febrúar sl. verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Eva Dögg Hallgrímsdóttir**
**Jón Kristófer Fasth**
**Anna Norris**
**Jónas James Norris**
**Jo Ann Önnudóttir** **Brynjar Gunnarsson**
**Antony Lee Bellere**
**Gunnar Þór Norris** **Helena Norris**
**og frændsystkini.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Tómas Þór Hjaltason**

Strandgötu 3 b, Eskifirði,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað miðvikudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 16. febrúar kl. 14.00.

**Ragnheiður Björg Sigurðardóttir**
**Elísabet Tómasdóttir** **Tómas Örn Kristinsson**
**Nanna Herborg Tómasdóttir** **Bjarni Halldór Kristjánsson**
**Þórhildur Tómasdóttir** **Andrés Einar Guðjónsson**
**Tómas Þórir, Ragnar Björgvin og Christa Björg.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hólmfríður Pálmadóttir**

Tómasarhaga 19, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 14. febrúar, kl. 13.00.

**Pálmi Ó. Bjarnason**
**Anna K. Bjarnadóttir** **Þorvaldur Gylfason**
**Kristinn Bjarnason** **Kolbrún Eysteinsdóttir**
**Sigurður Bjarnason**
**Bjarni Bjarnason** **Ásdís Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og systir mín,*

**Jóhanna Elín Árnadóttir**

Furugrund 30, Kópavogi,

lést mánudaginn 4. febrúar á líknardeild Landspítalans Landakoti. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

**Einar Jónsson**
**Bjarni Bergmann Sveinsson** **Þorbjörg Kristvinsdóttir**
**Úndína Bergmann Sveinsdóttir** **Björn Brynjólfsson**
**Ásmundur Bergmann Sveinsson** **Hallveig Finnbogadóttir**
**Árni Bergmann Sveinsson** **Sigríður Ólafsdóttir**
**Rúnar Bergmann Sveinsson**
**Jón Þór Bergmann Sveinsson** **Steinhildur Hjaltested**
**Róslind Bergmann Bordal** **Dag Bordal**
**Sigrún Friðgeirsdóttir** **Logi Úlfljótsson,**
**Haukur Örn Björnsson** **Sigrid Esther Guðmundsdóttir**
**Úndína Árnadóttir**

**ABRAHAM LINCOLN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1809**

*„Sá sem á sömu óvini og þú er vinur þinn."*

***Abraham Lincoln var sextándi forseti Bandaríkjanna. Hann gegndi embættinu frá 1861 til ársins 1865 en þá var hann myrtur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. FEBRÚAR 2002

## *Réttað yfir Milosevic*

Þennan dag árið 2002 hófust réttarhöld yfir Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseta Serbíu og Júgóslavíu.

Milosevic var ákærður af alþjóðaglæpadómstólnum í maí árið 1999 fyrir glæpi gegn mannkyninu í Júgóslavíu og Kosovo. Meðal þess sem hann var ákærður fyrir voru fjöldagrafir sem fundust í Króatíu og Bosníu sem og brot á Genfarsáttmálanum.

Réttarhöldin fóru fram í Haag og varði Milosevic sig sjálfur. Hann neitaði um leið að viðurkenna lögmæti dómstólsins.

Milosevic naut liðsinnis gamalla félaga í Belgrad sem sendu honum upplýsingar frá gömlu leyniþjónustunni í Júgóslavíu. Mikið gekk á í dómstólnum og tók fyrsti hluti málsins tvö ár. Ekki náðist þó að dæma í málinu því Milosevic lést af völdum hjartaáfalls 11. mars árið 2006.



**MILOSEVIC** Forseti Serbíu frá 1989 til 1997 og síðan forseti Júgóslavíu frá 1997 til 2000.

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI: FJÓRÐI ÁFANGI NÝBYGGINGA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

# Starfsemin öll á einn stað

Um helgina tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skóflustungu að fjórða áfanga nýbygginga Háskólans á Akureyri við Sólborg. Af því tilefni mynduðu nemendur, starfsfólk og aðrir gestir útlínur húsanna með kaðli til að gera áætlaða stærð þeirra greinilegri.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor skólans, segir áfangann mikilvægan lið í því að skapa glæsilegt háskólasvæði í miðju Akureyrarbæjar. „Bærinn hefur síðan ánafnað háskólanum mjög stóru svæði í kring sem verður hægt að nýta undir enn frekari stækkun í framtíðinni," segir Þorsteinn. „Í þessum áfanga verða reistar byggingar sem eru 2.300 fermetrar að flatarmáli og er kostnaðaráætlun um 660 milljónir króna," bætir hann við. Í þeim verður kennslurými, hátíðarsalur og aðalanddyri skólans og er gert ráð fyrir því að húsin verði tekin í notkun árið 2010. „Þá fáum við stóran fyrirlestrarsal og stærri kennslustofur sem er orðið mjög brýnt," segir Þorsteinn.

Þorsteinn segir byggingarnar koma til með að muna miklu fyrir háskólastarfsemina. Þegar framkvæmdunum lýkur verður hægt að flytja alla starfsemi skólans á háskólasvæðið en í dag fer hún fram á nokkrum stöðum víðs vegar um bæinn. „Þetta verður mikill munur fyrir nemendur og kennara sem losna þá við að hlaupa og keyra á milli bæjarhluta," segir Þorsteinn.

Hann segir arkitektana hjá Glámu-Kími, sem teiknuðu svæðið, hafa tekið mið af þeim byggingum sem voru fyrir og á að vera gott samræmi á milli húsa. Áður en háskólinn fékk Sólborg afhenta var þar starfrækt heimili fyrir þroskahefta en húsin hafa verið endurnýjuð og löguð að starfsemi skólans. Allar byggingarnar verða síðan tengdar með tengibyggingum og verður innangengt á milli.

Fleiri áfangar eru síðan ráðgerðir eftir 2010. „Það er þó ekki afráðið í hverju þeir muni felast en líklega verður þá helst skortur á skrifstofuhúsnæði og bókasafni," segir Þorsteinn.

Hann segir Háskólann á Akureyri hafa töluverða sérstöðu samanborið við aðra háskóla á landinu. Hann nefnir í því sambandi öflugt fjarnám sem nær hringinn í kringum landið. „Síðan erum við að kenna fræðigreinar sem ekki eru kenndar annars staðar á landinu og má þar nefna iðjuþjálfun, auðlindafræði og sjávarútvegsfræði. Þá erum við að fara af stað með alveg nýtt nám sem er einstakt á heimsvísu og kallast heimskautalögfræði. „Þetta er mjög spennandi fag og í takt við umræðu um hlýnun loftslags á Norðurslóðum og allar breytingarnar sem það getur haft í för með sér."

**vera@frettabladid.is**



**ÞORSTEINN GUNNARSSON** Rektor háskólans á Akureyri segir það koma til með að muna miklu fyrir nemendur og starfsfólk skólans að hafa starfsemi skólans á einum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ósk Ágústsdóttir**

frá Reykjum í Hrútafirði,

andaðist á sjúkrahúsinu Hvammstanga 8. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 14.00 Jarðsett verður í Staðarkirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahúsið á Hvammstanga.

**Guðrún Einarsdóttir** **Guðjón Sigurðsson**
**Þóra Jóna Einarsdóttir** **Karl Emil Ólafsson**
**Helga Einarsdóttir** **Ásbjörn Björnsson**
**Jóhanna G. Einarsdóttir** **Halldór Ari Brynjólfsson**
**Þórhildur Rut Einarsdóttir** **Hallgrímur Bogason**
**Hulda Einarsdóttir** **Ólafur H. Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gísli Brynjólfsson**

frá Þykkvabæjarklaustri, Árskógum 6,

lést fimmtudaginn 7. febrúar.

**Þóranna Brynjólfsdóttir**
**Guðrún Gísladóttir**
**Sigurður Reynir Gíslason** **Málfríður Klara Kristiansen**
**Áslaug Gísladóttir** **Þórður Kr. Jóhannesson**
**Freyr Tómasson, Birnir Jón Sigurðsson, Anna Diljá Sigurðardóttir, Kristín Rut Þórðardóttir og Gísli Þór Þórðarson.**


**FEBRÚARTILBOÐ**

á legsteinum og fylgihlutum

**10-50%** afsláttur



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is




**80 ára afmæli**

**Guðbjört Sigmundsdóttir**

húsfreyja að Læk í Dýrafirði er áttræð í dag 12. febrúar. Hún tekur á móti gestum að Núpi laugardaginn 16. febrúar kl. 19.00. Hún afþakkar afmælisgjafir en bendir fólki á að láta andvirði gjafa renna til Félags krabbameinssjúkra barna.

CITROËN

## Citroën C5 Exclusive II

Tækniafsláttur
261.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 2.598.000*

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur
5 dyra CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í bl. akstri 8,6 l/100 km
Listaverð kr 2.859.000



# Sjáðu tækni Citroën í dag

# Tæknisýningar á hjólum

Hver Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig. Þú fylgist með nýjungum. Þú vilt nútímatækni, gott verð og gæði. Þú kemur á tæknisýningar í Brimborg í dag, Bíldshöfða 8. Nýttu þér sýningarverðið. Sjáðu tæknisýningaafslætti dagsins.
*Komdu í Brimborg í dag.*

**Komdu á tæknisýningu. Allt að 261.000 kr. tækniafsláttur.**



## Citroën C3 SX

Tækniafsláttur
127.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 1.598.000*

1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Listaverð kr. 1.725.000

## Citroën C4 Saloon SX

Tækniafsláttur
150.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 1.949.000*

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,1 l/100 km
Listaverð kr 2.099.000



GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com

*Komdu í Brimborg.*
*Þú sérð að hver og einn Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig.*
*Vertu á tæknisýningu.*

brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Ath. allt að 100% fjármögnun er í boði fyrir Citroën C3, C4 og C5. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og af C4 og C5 álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Að vera árshátíðargestur

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SKRAPP ÚT



Árshátíðir eru vanalega eins og gamlárskvöld. Þetta hljómar allt saman voðalega vel, hljómsveit leikur fyrir dansi, matseðillinn lítur girnilega út en þegar á hólminn er komið er kjötið bæði kalt og seigt og tónlistarmennirnir spila eingöngu lög sem voru vinsæl fyrir þremur áratugum. Og eru bara tveir, gítarleikari og hljómborðsleikari sem slær jafnframt taktinn í gegnum Casio-tölvuna sína.

En árshátíðir eru miklu meira en bara skemmtun. Því á meðan karlfauskurinn liggur fyrir framan sjónvarpið og horfir á enska knattspyrnukarla keppa sín á milli þeytist konan út um hvippinn og hvappinn og leitar logandi ljósi að árshátíðarkjólnum. Já, öll þau hundruð kjóla sem hafa um árabil setið einir að herðatrjám heimilisins nægja nefnilega ekki fyrir þessa veislu. Árshátíðarkjóllinn þarf að vera eins og brúðarkjóll, enginn má hafa séð konuna í honum og enginn má sjá konuna rétt áður en árshátíðin sjálf fer fram.

En sú hegðun karlkynsins, að láta sér nægja fimmtán mínútur af sturtuvatni og fimm mínútur í val á klæðnaði er einnig í rénun. Því karlkyns-árshátíðargestirnir virðast í síauknum mæli hafa tekið upp þessa skringilegu hegðun kvenþjóðarinnar. Eru farnir að hegða sér eins og brúðarmeyjarnar sem mega náttúrulega ekki skyggja á sjálfa brúðina en eru þó ekki til fara eins og rónar. Karlmenn virðast nefnilega í síauknum mæli eyða dágóðum tíma í að finna „réttu“ jakkafötin, „réttu“ skyrtuna og jafnvel „réttu“ skóna. Jafnvel að þeir splæsi í „slakandi andlitsmeðferð“ og „brúnkusprautun“ à la bankaræningi.

Árshátíðin og sú hugmynd að slá upp góðri veislu í faðmi samstarfsfélaganna hefur því að einhverju leyti verið lögð til hliðar. Í staðinn höfum við allsherjar „make-over“-sýningu þar sem allir geta nú dáðst að fegurð samstarfsmannsins þrátt fyrir að vera fyrir löngu komnir með upp í kok af nærveru hans.

# myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Vinstri græn eiga

STEFNUMÓT VIÐ FRAMHALDSSKÓLANEMA

Í kjallara Hins hússins í dag, 12. febrúar kl. 17-18:30

**Lilja Dögg Jónsdóttir, alþjóðafulltrúi**
- Námsmenn í dag og í gær
**Höskuldur Sæmundsson, framkvæmdarstjóri LÆF**
- Mikilvægi æskulýðsstarfs
**Gabriella Unnur Kristjánsdóttir, formaður Samtaka íslenskra framhaldsskólanema.**
- Hugmyndir, stefna og skipulag SÍF
**Sindri Rafn Þrastarson, fulltrúi menntamála**
- Frumvarpið, gott eða vont?
**Hreiðar Már Árnason, kynningafulltrúi**
- Samvinna tveggja afla
**Kolbrún Halldórsdóttir**
- Menntastefna VG
Almenn umræða/spurningar

**Katrín Jakobsdóttir stýrir fundi**

Allir velkomnir





**RACHAEL LORNA JOHNSTONE** Flytur fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri í dag.

# Hver er ríkið?

Rachael Lorna Johnstone flytur fyrirlestur í Sólborg við Norðurslóð á Akureyri kl. 12 í dag. Í fyrirlestrinum, sem kallast „Hver er ábyrgð þjóðríkis á hryðjuverkum? Sjónarhorn Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna“ ræðir Rachael um vandkvæðin sem fylgja því að alþjóðalög byggjast á tilvist og athöfnum ríkja á tímum þegar viðfangsefni laganna er illskilgreinanlegt með tilliti til ríkisfangs, til að mynda hryðjuverkamenn og hryðjuverk.

Rachael velti fyrir sér spurningunni „hver er ríkið?“ og í framhaldi af því spurningunni hvort hægt sé að gera einstök ríki ábyrg fyrir hryðjuverkum einstaklinga. Hún leitar svara við þessum spurningum í gögnum um viðbrögð Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna við þessum vanda.

Rachael Lorna Johnstone er lektor við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Rannsóknir hennar hafa beinst að alþjóðlegri mannréttindalöggjöf, kenningum um femínisma, alþjóðalögum um bann við mismunun og þjóðarétti sem slíkum og samanburðarrétti. - vþ



**SÍMON H. ÍVARSSON** Kemur fram í Norræna húsinu á morgun.

# Íslensk og spænsk gítartónlist

**Símon H. Ívarsson kemur fram á háskólatónleikum í Norræna húsinu á morgun og leikur þar gítartónlist eftir Gunnar Reyni Sveinsson og Manuel de Falla.**

**Víða er leitað fanga í hljóðheimi Gunnars R. Sveinssonar; hann sótti sér innblástur í allt frá barokktónlist til næturklúbbadjass. Gunnar lést í Reykjavík í janúar síðastliðnum.**

**Manuel de Falla er eitt helsta tónskáld Spánverja. Hann er mikill aðdáandi flamencotónlistar og gætir áhrifa hennar oft í tónsmíðum hans.**

**Símon H. Ívarsson nam gítarleik á Íslandi og í Austurríki. Hann á að baki langan feril sem tónlistarmaður og kennari og hefur meðal annars gefið út geisladisk með tónlist Gunnars R. Sveinssonar.**

**Tónleikarnir hefjast kl. 12.30 á morgun. Miðaverð er 1000 kr., en nemar, eldri borgarar og öryrkjar fá miðann á 500 kr.** - vþ

# Um varðveislu munnlegra heimilda

Sagnfræðingurinn Unnur María Bergsveinsdóttir flytur fyrirlestur sem ber titilinn „Hvað er að heyra? Varðveisla munnlegra heimilda“ í Þjóðminjasafni Íslands í dag kl. 12.05. Fyrirlesturinn er liður í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands.

Munnleg saga hefur í seinni tíð hlotið fulla viðurkenningu sem sagnfræðileg aðferð og nýtur sívaxandi vinsælda meðal þeirra sem fást við samtímasögu. Enn sem komið er er bein íhlutun fræðimannsins í tilurð þeirrar heimilda sem hann fæst við þó sterkt einkenni aðferðarinnar, sér í lagi hér á Íslandi. Þetta má að miklu leyti rekja til þeirrar staðreyndar að varðveisla munnlegra heimilda einkennist enn í dag, hérlendis sem erlendis, af bæði óvissu hvað verklagi viðvíkur og skorti á samræðu um ýmis grunnatriði. Þetta veldur því að munnlegar heimildir eru í mörgum tilfellum lítt aðgengilegar öðrum en þeim sem þær sköpu. Umfjöllunarefni erindisins eru þær spurningar sem varðveisla munnlegra heimilda vekur auk þess sem skyggnst verður í geymslur íslenskra safna og spurt, hvað er að heyra? Unnur María Bergsveinsdóttir er verkefnastjóri hjá Miðstöð munnlegrar sögu.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. - vþ



**UNNUR MARÍA BERGSVEINSDÓTTIR** Flytur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag.





Upplifðu dansstemmninguna með þeim bestu
á Dansfestivali DanceCenter Reykjavík 15. og 16. febrúar!




Dansfestival 2008

SJÓÐHEITIR DANSÍTMAR hjá dómurum og danshöfundum So You Think You Can Dance?

Shane Sparks og Dan Karaty í febrúar!

Föstudaginn 15. og laugardaginn 16. febrúar í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal

100% skemmtun lofað!!! - námskeiðin eru fyrir alla!

Tryggðu þér sæti og skráðu þig strax!
Seinast var UPPSELT og komust færri að en vildu

Skráning fer fram á www.dancecenter.is Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur í síma 861 5658.

DANSLIÐ So You Think You Can Dance? kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:
2 skemmtilegri | KAUPÞING | ÍTR | OUTFITTERS NATION | Kristall plús GÓÐUR OG SVALANDI | SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk

SKÓLAHREYSTI

Vinningshafar síðustu viku



Lindaskóli

Ekki missa af Skólahreysti kl. 20.00 á Skjá einum. Hver sigrar í kvöld?

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

MJÓLKURSAMSALAN
www.ms.is


*„Það er eins og þau séu almannaeign. Þau hafa gagnast mér vel, ég veit ekki hvort ég sé fyrir þeim eða þau sjá fyrir mér."*

**DOLLY PARTON** UM VÍÐFRÆGAN BARM SINN.



# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Hún er svo lík mömmu sinni að það er fáranlegt! Hún borðar eins og lítill brjálæðingur og er alveg yndisleg."*

**JOEL MADDEN** FINNST DÓTTIRIN, HARLOW, LÍK NICOLE RICHIE. HANN Á VÆNTANLEGA EKKI VIÐ ÁTIÐ.

*„Ég hlakka svo mikið til þess að eldast. Ég vil upplifa hluti – ég hlakka meira að segja til þess að fá bakverki."*

**PENÉLOPE CRUZ** HEFUR UNDARLEG TILHLÖKKUNAREFNI.



# Sigtismenn komnir aftur á kreik

„Frímann er eiginlega kominn í salt, allavega hvað sjónvarp varðar. Hann gæti hins vegar tekið að hljóma í útvarpi og hver veit nema hann feti í fótspor Ármanns Reynissonar og Sigurður A. Magnússonar og haldi til Indlands," segir einn af feðrum Frímanns Gunnarsson, leikarinn Gunnar Hansson, aðspurður hvort sá mikli sérvitringur sé að vakna til lífsins á ný. En til Sigtisgengisins sást við tökur á Seljavegi nýverið. Sjónvarpsþættirnir um þennan sérlundaða mann vöktu mikla athygli á sínum tíma og nutu töluverðrar hylli en nú er hann sumsé kominn í sjálfskipaða útlegð.

Gunnar segir að þeir félagar í Sigtinu séu vissulega komnir af stað aftur en Frímann og aðrir vinir hans verði hins vegar víðs fjarri. Um sé að ræða algjörlega nýtt verkefni á nýjum grunni. „Við megum eiginlega ekki gefa upp hvert efni seríunnar sé en þetta er hugmynd sem allir kveikja á og eru áhugasamir um," segir Gunnar en að eigin sögn hafa sjónvarpsstöðvarnar þrjá, Skjár einn, Stöð 2 og RÚV allar sýnt þessu áhuga.

Með Gunnari eru að sjálfsögðu Friðrik Friðriksson, Halldór Gylfason og leikstjórinn Ragnar Hansson en meðal þeirra sem hafa bæst í hópinn má nefna Höllu Margréti Vilhjálmsdóttur og Hjálmar Hjálmarsson. Gunnar segir að stefnan sé að gera tíu þætti og ráðgert sé að hefja tökur í sumar. - fgg



**SIGTISMENN** Láta aftur á sér kræla þótt Frímann og félagar verði víðs fjarri.




iPod nano
Raunstærð:
52 x 70 x 6,5 mm
Aðeins 49 g

Lítil bleik gjöf fyrir stóru ástina

Febrúar Valentínusardagurinn 14 Febrúar Konudagurinn 24

iPod nano bleikur, 8 GB – tilboð með séráletrun 24.990 kr.

Við kynnum nýjan lit, bleikan iPod nano – tilvalinn fyrir ástina á Valentínusardaginn eða konudaginn. Þú getur fengið hann með sérstakri áletrun til elskunnar þinnar án aukakostnaðar.

iPod nano fæst annað hvort 4 eða 8 GB og rúmar allt að 2.000 sönglög eða u.þ.b. 4–8 klst. af myndbandsefni. Ljósmyndin hér að ofan sýnir spilarann í raunstærð og með honum getur þú ekki aðeins hlustað á tónlist, heldur einnig horft á myndbönd.

iPod nano
Innifalið í tilboði:
Sérmerktur elskunni þinni!



Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 www.apple.is
Laugavegi 182 105 Reykjavík
Kringlunni 103 Reykjavík

Apple IMC

Fíton / SÍA

Tilboðið gildir til 24. febrúar.

OFURHETJUR KYNNA EINSTAKAN MENNINGARVIÐBURÐ



Hringbrot / Ljósmynd © Apple Corps Ltd.

# MEISTARAVERK BÍTLANNA

## Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band

**Ein merkasta hljómplata allra tíma flutt í heild sinni ásamt vinsælustu lögum Bítlanna á glæsilegum sinfóníutónleikum í Laugardalshöll laugardaginn 22. mars 2008**

**Daníel Ágúst Haraldsson | Stefán Hilmarsson**
**Sigurjón Brink | Björgvin Halldórsson**
**Eyjólfur Kristjánsson | KK**

**Rokksveit Jóns Ólafssonar**
**ásamt 40 hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands**

píanó Jón Ólafsson | gítar Guðmundur Pétursson | gítar Stefán Már Magnússon | orgel Pétur Örn Guðmundsson | hljómborð Haraldur Vignir Sveinbjörnsson
sítar Júlíus Guðmundsson | tabla-trommur Steingrímur Guðmundsson | bassi Róbert Þórhallsson | ásláttur Ólafur Hólm | trommur Jóhann Hjörleifsson

útsetningar Haraldur Vignir Sveinbjörnsson | konsertmeistari Sigrún Eðvaldsdóttir | hljómsveitarstjórn Bernharður Wilkinson | kynnir Þorgeir Ástvaldsson
hljóð Ívar Ragnarsson | lýsing Agnar Hermannsson | myndvinnsla Helgi Jóhannesson | sviðssetning Sigurður Kaiser | tónlistarstjórn Jón Ólafsson

**Miðasala hefst í dag kl. 10**
á midi.is og á afgreiðslustöðum midi.is

Carlsberg | KAUPÞING | MasterCard | Rás 2 | Laugardalshöllin | EXTON | OFUR HETJUR | midi.is

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10-P | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 | L |
| ATONEMENT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 8 og 10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 8 -10 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.30 - 5.40 ÍSLENSKT TAL | |
| WALK HARD | kl. 6 - 8 -10 | 14 |
| CLOVERFIELD | kl. 8 -10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 -10 | |
| WALK HARD | kl. 6 - 10 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RAMBO | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 - 8 ÍSLENSKT TAL | |
| ATONEMENT | kl. 6 - 9 | 12 |
| CHARLIE WILSONS WAR | kl. 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| RAMBO | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| ATONEMENT | kl. 5.50 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

8 ÓSKARS TILNEFNINGAR MEÐAL ANNARS BESTA MYNDIN




FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR BIG LEBOWSKY, BLOOD SIMPLE OG FARGO KEMUR NÝTT MEISTARAVERK!

Æðisleg mynd með óskarsverðlaunaleikkonuninni Hilary Swank og Gerard Butler úr 300.




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 10:30 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 | 7 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:30 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10:10 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 10:30 | 14 |
| THE GAME PLAN | kl. 8 | L |
| BRÚÐGUMINN | kl. sýnd um helgina | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY ... | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 10D | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY ... | kl. 8 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 8 | 7 |
| MIST | kl. 10 | 16 |
| SWEENEY TODD | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE SPARTANS | kl. 8 - 10 | 12 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| CLOVERFIELD | kl. 10:10 | 16 |


# Roy Scheider látinn

Leikarinn Roy Scheider, sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt í Jaws, er látinn, 75 ára gamall. Lést hann úr krabbameini á sjúkrahúsi í borginni Little Rock í Arkansas.

Scheider var tvívegis tilnefndur til Óskarsverðlauna á ferli sínum, fyrst árið 1971 fyrir aukahlutverk sitt í The French Connection og síðan árið 1979 fyrir leik sinn í All That Jazz. Hann var aftur á móti þekktastur fyrir frammistöðu sína í hinni gríðarvinsælu Jaws sem kom út 1975 í leikstjórn Steven Spielberg. „Hann var frábær náungi og góður leikari,“ sagði Richard Dreyfuss sem lék á móti Shceider í Jaws. Fyrir þremur árum var setning Scheiders í myndinni, „þú þarft á stærri bát að halda“, kosin 35. besta setningin í sögu bandarískra kvikmynda.


**ROY SCHEIDER** Leikarinn Roy Scheider var tvívegis tilnefndur til Óskarsverðlauna. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Eric Clapton í Egilshöll

Tónlistargoðsögnin Eric Clapton spilar á tónleikum í Egilshöll 8. ágúst. Tónleikarnir eru liður í Evróputónleikaferð Claptons í kjölfar útgáfu tvöföldu safnplötunnar Complete Clapton.


**ERIC CLAPTON** Tónlistargoðsögnin Eric Clapton spilar í Egilshöll 8. ágúst.

Clapton, sem hefur verið kallaður „Slowhand“, er jafnan álitinn einn af bestu gítarleikurum allra tíma. Hann hefur verið vígður þrisvar sinnum í Frægðarhöll rokksins í Bandaríkjunum fyrir sólóferil sinn og spilamennsku sína með hljómsveitunum Cream og The Yardbirds. Rúmlega tíu þúsund aðgöngumiðar verða í boði á tónleikana í Egilshöll.

# Winehouse skaraði fram úr

**Breska tónlistarkonan Amy Winehouse var sigurvegari Grammy-verðlaunanna sem voru afhent í fimmtugasta skiptið í Los Angeles. Fékk hún fimm verðlaun, þar á meðal fyrir lag ársins, Rehab, og sem besti nýliðinn.**

Winehouse fékk ekki landvistarleyfi í Bandaríkjunum í tæka tíð fyrir hátíðina og þurfti því að halda þakkarræður sínar í gegnum gervihnött frá London. Einnig söng hún lögin You Know I´m No Good og Rehab í beinni útsendingu frá heimaborg sinni. Rapparinn Kanye West hlaut fern verðlaun og „Stjórinn“ Bruce Springsteen, þrenn. The White Stripes, Justin Timberlake, Carrie Underwood og Mary J. Blige voru á meðal þeirra sem fengu tvenn verðlaun hvert.


**SÁTTUR** Herbie Hancock var að vonum ánægður með Grammy-verðlaunin sín.

### Hancock kom á óvart

Djassgoðsögnin Herbie Hancock kom öllum á óvart og vann Grammy fyrir plötu ársins, River: The Joni Letters, þegar allir flokkar eru teknir með í reikninginn. Bar hann meðal annars sigurorð af Amy Winehouse og Kanye West. Var þetta aðeins í annað skiptið í sögu verðlaunanna sem djassplata ber sigur úr býtum. „Mig langar að þakka akademíunni fyrir að hafa þorað að feta nýjar slóðir,“ sagði Hancock.

Athygli vakti þegar rokkamman Tina Turner steig á svið í fyrsta sinn í sjö ár þegar hún söng eitt þekktasta lag sitt, Proud Mary, með Beyoncé Knowles. Lagahöfundurinn Burt Bacharach fékk jafnframt heiðusverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistarinnar.

### Björk tapaði

Plata Bjarkar Guðmundsdóttir, Volta, var tilnefnd í flokknum besta framsækna platan en hún varð að lúta í lægra haldi fyrir plötu rokkdúettsins The White Stripes, Icky Thump.

Þá fékk Foo Fighters verðlaun fyrir bestu rokkplötuna, Echoes, Silence, Patience & Grace.


**MEÐ MÓÐUR SINNI** Amy Winehouse fagnar einum af fimm Grammy-verðlaunum sínum með móður sinni. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES


**TINA OG BEYONCÉ** Tina Turner og Beyoncé Knowles sungu slagarann Proud Mary með miklum tilþrifum.

## Hver er Amy Winehouse?

- Amy Jade Winehouse verður 25 ára 14. september. Hún er fædd og uppalin í Southgate-hverfinu í London.
- Amy er af gyðingaættum. Pabbi hennar er leigubílstjóri og mamman apótekari. Hún á einn eldri bróður, Alex.
- Amy var rekin úr skóla 16 ára. Fljótlega eftir það fékk hún sitt fyrsta tækifæri þegar vinur hennar, poppsöngvarinn Tyler James, kom upptökum til umboðsmanns síns sem var að leita að djasssöngkonu.
- Foreldrar Amy eru miklir djassgeggjarar og þaðan hefur Amy áhugann. Djassinn var fyrirferðarmikill á fyrstu sólóskífu hennar, Frank, sem kom út árið 2003. Í bland við djassinn mátti heyra popp, hipp hopp og sálaráhrif. Platan var tilnefnd til Mercury- og Britverðlauna og lagið „Stronger than me“ fékk Ivor Novello-verðlaunin.
- Þegar athyglin beindist að Amy fór að bera á slarkinu á henni. Á tónleikum og í sjónvarpi var hún stundum of drukkin til að klára prógrammið. Umboðsmaðurinn ráðlagði henni að fara í meðferð en í stað þess að hlíta því ráði rak hún umboðsmanninn og samdi sitt frægasta lag, Rehab, sem varð fyrsta lagið sem heyrðist á plötu númer tvö, Back to Black.
- Sú plata kom út í október 2006 og hefur nú selst í rúmlega sex milljónum eintaka um allan heim. Auk meðferðar-slagarans urðu lögin You Know I’m No Good, Back to Black, Tears Dry on Their Own og Love Is a Losing Game vinsæl. Djassáhrifin eru hverfandi á plötunni, en í staðinn má heyra sterk áhrif frá stúlknagrúppum 7. áratugarins.
- Amy giftist Blake Fielder-Civic 18. maí í fyrra í Miami í Flórída. Þau höfðu verið saman um hríð. Þau hafa vond áhrif á hvort annað og um endalaust slark þeirra, drykkju og dóprugl, hefur verið hægt að lesa nær vikulega um í fjölmiðlum. Foreldrarnir hafa áhyggjur. Pabbi Amy er viss um að sukkið endi með ósköpum og foreldrar Blake hafa hvatt aðdáendur til að hætta að kaupa og hlusta á tónlist til að reyna að þröngva henni til að hætta í ruglinu. Þá segjast þau fullviss um að ef annað hvort skötuhjúanna deyi muni hitt fylgja í kjölfarið.
- Stórblaðið The Times, sem almennt hefur lítinn áhuga á popptónlist, vill að breska ríkisstjórnin neyði Amy til að þurrka sig upp. „Aðgerðir ríkisins gætu bjargað stórkostlegri hæfileikamanneskju“, skrifaði blaðið í leiðara.


**SLARKIÐ TEKUR SINN TOLL** Amy Winehouse hefur breyst mikið á fáum árum.


15 %
afmælisafsláttur
af öllum
nýjum vörum
út þessa viku.
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
7ára
Mörkinni - Kópavogi - Grafarvogi - Hafnarfirði - Keflavík - Selfossi - Laugavegi

## > Azerar koma í ágúst

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, staðfesti í gær að búið væri að landa vináttulandsleik gegn Azerbaidjan 20. ágúst næstkomandi og verður leikið á Laugardalsvellinum. Þetta verður fyrsti landsleikur þjóðanna. KSÍ heldur þar með áfram að tryggja vináttuleiki við lið af svipaðri getu og íslenska liðið í stað þess að eltast við leiki gegn stórþjóðum. Azerar eru í 116. sæti FIFA-listans.



**sport**

sport@frettabladid.is

**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON, GOG SVENDBORG:** SKORAÐI SJÖ MÖRK GEGN STÓRLIÐI BARCELONA

# *Enginn tími til þess að sitja á bleiku skýi*



Snorri Steinn Guðjónsson, leikmaður GOG Svendborg og íslenska landsliðsins, fór fyrir sínum mönnum í leik gegn stórliði Barcelona í 4. riðli Meistaradeildar Evrópu í handbolta og skoraði sjö mörk í 35-33 sigri danska liðsins.

„Ég er auðvitað ánægður með að vinna leikinn og það var alltaf markmið okkar og við vorum búnir að sýna fram á það að við gætum alveg náð góðum úrslitum í Meistaradeildinni," sagði Snorri Steinn sem var einmitt orðaður við Barcelona fyrir um tveimur árum. „Það var kannski ekki efst í huga manns þegar á leiknum stóð en það var vissulega gaman að standa sig vel," sagði Snorri Steinn sem kvaðst þó ekki hafa neinn tíma til þess að sitja á bleiku skýi.

„Deildarkeppnin í Danmörku er í fullum gangi og er náttúrulega þannig séð forgangsatriði hjá okkur og við þurfum að einbeita okkur fyrst og fremst að ná einu af topp fjórum efstu sætunum þar til þess að komast í úrslitakeppnina. GOG Svendborg lenti í þriðja sæti í deildarkeppninni í fyrra og vann svo úrslitakeppnina og varð svo meistarari þannig að markmiðið fyrir tímabilið var alltaf að lenda í einu af fjórum efstu sætunum og Meistaradeildin er í raun og veru bara gulrót fyrir utan það," sagði Snorri Steinn sem er því strax farinn að einbeita sér að leik GOG Svendborg gegn Skandeborg Håndbold í dönsku deildinni á miðvikudag. „Okkur er ekki búið að ganga sem skyldi eftir EM og erum búnir að tapa tveimur leikjum í röð í deildinni og megum alls ekki við því að misstíga okkur í leik gegn neðsta liði deildarinnar í harðnandi toppbaráttunni. Það getur hins vegar verið erfitt fyrir menn að mæta Barcelona og gíra sig svo upp í leik á móti slakara liði þannig að við verðum að vera með einbeitinguna í lagi," sagði Snorri Steinn sem viðurkenndi að hann hugsaði líka reglulega um stöðu íslenska landsliðsins og hvað væri í deiglunni þar í þjálfaramálum. „Mér líst bara vel á þau nöfn sem hafa verið í umræðunni og það eru spennandi og erfið verkefni fram undan hjá liðinu," sagði Snorri.



**EKKI TÖFRAMAÐUR** Kevin Keegan kvaðst ekki geta veifað töfrasprota til þess að breyta vandræðaástandinu hjá Newcastle. NORDIC PHOTOS/GETTY

Kevin Keegan, Newcastle:

## Stefnum á 40 stiga markið

**FÓTBOLTI** Endurkoma Kevins Keegan til Newcastle hefur ekki orðið sú vítamínsprauta sem menn á þeim bænum voru að vonast eftir og liðið er aðeins búið að taka tvö stig af tólf mögulegum síðan hann tók við stjórnartaumunum á St. James's Park. Keegan kvaðst sjálfur gera sér fulla grein fyrir því erfiða verkefni sem fram undan væri hjá Newcastle.

„Við erum viðkvæmir. En ég hef samt fulla trú á því að við höfum nógu mikinn styrk og gæði til þess að vera úrvalsdeildarfélag á næstu leiktíð og eins og málin standa í dag þá setjum við stefnuna á 40 stiga markið," sagði Keegan eftir svekkjandi 4-1 tap gegn Aston Villa á Villa Park eftir að hafa komist 0-1 yfir í leiknum með marki frá Michael Owen.

„Það er ekki eins og maður geti veifað töfrasprota og öll vandamál séu þá að baki, en vissulega er þetta mín vinna og mín vandamál sem ég þarf að finna lausn á," sagði Keegan. - óþ

Gary Neville, Man. Utd.:

## Er ekki hættur

**FÓTBOLTI Gary Neville, fyrirliði Manchester United, er ekki af baki dottinn þrátt fyrir ellefu mánaða fjarveru vegna meiðsla og ítrekaði í viðtali við United Review að hann hefði engin plön um að leggja skóna á hilluna.**

**„Sú staðreynd að ég hef verið svona lengi frá vegna meiðslanna hlýtur eðlilega að vekja upp þá spurningu hvort ég nái yfir höfuð að snúa aftur á völlinn. Ég meiddist á ökkla fyrir um ellefu mánuðum en í fullkominni kaldhæðni þá hef ég verið fínn í ökklanum undanfarið en verið að jafna mig eftir að hafa fengið högg annars staðar sem hafa tafið mig um nokkrar vikur," sagði Neville sem æfir af kappi þessa dagana og er viss um að hann snúi fljótt aftur. - óþ**



# Dagur ráðinn í vikunni?

**Flest bendir til þess að Dagur Sigurðsson verði ráðinn landsliðsþjálfari í handbolta áður en vikan er á enda. Dagur fundaði með formanni og framkvæmdastjóra HSÍ sem og formanni landsliðsnefndar um helgina.**

**HANDBOLTI** HSÍ er skrefi nær því eftir helgina að semja við Dag Sigurðsson um að taka við karlalandsliðinu af Alfreð Gíslasyni. Dagur átti fundi með þeim Guðmundi Ingvarssyni, formanni HSÍ, Einari Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra HSÍ, og Jóhanni Inga Gunnarssyni, formanni landsliðsnefnar HSÍ, um helgina og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gengu þær viðræður vel og voru jákvæðar.

Dagur hefur ekki farið leynt með þann metnað sinn að taka við landsliðinu en það gerir hann samt bara á réttum forsendum. Þó svo hann sé spenntur fyrir starfinu hefur Dagur sagst ekki beint vera í atvinnuleit enda tiltölulega nýbyrjaður í spennandi starfi sem framkvæmdastjóri Vals.

Dagur hafði ekkert um stöðu mála að segja þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum í gær. „No comment," var allt og sumt sem hafðist upp úr landsliðsfyrirliðanum fyrrverandi.

Jóhann Ingi Gunnarsson, formaður landsliðsnefndar HSÍ, staðfesti það að viðræður hefðu vissulega farið fram með Degi um helgina.

„Þessi mál eru í ákveðnum farvegi og ég trúi því að eitthvað gerist í þessari viku. Það er í það minnsta mín tilfinning en maður veit samt aldrei neitt nákvæmlega í þessu," sagði Jóhann Ingi við Fréttablaðið í gær. „Það er ekkert launungarmál að við hittumst um helgina. Erum að skoða málin og fara yfir hlutina. Ég myndi segja að þetta hefðu verið mjög gagnlegar viðræður."

Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður HSÍ, vildi lítið tjá sig um málið annað en að hann vonaðist til að ganga frá ráðningu í vikunni. Það eitt og sér segir reyndar heilmikið um stöðuna enda Guðmundur ekki þekktur fyrir mikla yfirlýsingagleði.

Stjórn HSÍ kemur til fundar á hádegi í dag og hafi þríeykið þegar náð samkomulagi við Dag verður það tilkynnt stjórn sambandsins á fundinum í dag sem síðan þarf að leggja blessun sína yfir ráðninguna. Fyrr verður ekki hægt að skrifa undir samninga og tilkynna um nýjan landsliðsþjálfara. Flest bendir þó til þess að það gerist fyrir helgi. henry@frettabladid.is



**LEIÐTOGI** Dagur Sigurðsson var fyrirliði landsliðsins til fjölda ára. Hann leiðir hér landsliðið til leiks á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004. Hann verður hugsanlega þjálfari handboltalandsliðsins á ÓL í Peking 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**SÉRMEÐFERÐ?** Ítölsk dagblöð vilja meina að Inter hljóti sérmeðferð frá dómurum á Ítalíu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Corriere dello Sport:

## Hlægileg deildarkeppni

**FÓTBOLTI** Topplið Inter frá Mílanó hefur ekki hlotið mikla hylli í ítölskum fjölmiðlum undanfarið þrátt fyrir að vera komið með átta stiga forystu í Serie A-deildinni þar sem margir vilja halda því fram að dómarar í deildinni séu liðinu afar hliðhollir. Síðasta atvikið til þess að valda deilu var fyrra mark Inter í 0-2 sigri liðsins gegn Catania um síðustu helgi þegar Esteban Cambiasso skoraði á 64. mínútu en Argentínumaðurinn var greinilega rangstæður á fjærstönginni. Stuðningsmenn Catania brugðust við atvikinu með því að fagna gríðarlega hverjum einasta dómi Stefanos Farina, dómara leiksins, og syngja honum söngva það sem eftir lifði leiks.

Dagblöðin La Gazzetta dello Sport og Corriere dello Sport hafa bæði farið hart fram í gagnrýni sinni á hugsanleg tengsl milli dómara og Inter-liðsins og La Gazzetta dello Sport birti á dögunum stöðuna í Serie A-deildinni þar sem vafaatriði féllu ekki með Inter og Corriere dello Sport sló upp í fyrirsögn blaðsins í gær: „Hlægileg deildarkeppni" í samhengi við sérmeðferð Inter í ítölsku Serie A-deildinni. - óþ

Fram og Akureyri mætast í Framhúsinu og Valur mætir Víkingi í Víkinni í undanúrslitum Eimskipsbikars karla:

# Staða liðanna í deild skiptir engu máli

**HANDBOLTI** Leikið verður í undanúrslitum Eimskipsbikars karla í kvöld þegar Fram tekur á móti Akureyri í Framhúsinu í Safamýrinni og 1. deildarlið Víkings fær Íslandsmeistara Vals í heimsókn í Víkina og hefjast báðir leikir kl. 19.00.

Fram og Akureyri áttust einmitt við um helgina fyrir norðan og þá fóru gestirnir með nauman 29-30 sigur í hörkuleik en liðin berjast á ólíkum stöðum í N1-deildinni þar sem Fram er í toppbaráttunni en Akureyri í harðri botnbaráttu.

„Staða liðanna í deildinni skiptir engu máli í kvöld og við búumst við hörkuleik," sagði Halldór Jóhann Sigfússon, leikmaður Fram og fyrrverandi leikmaður KA, sem kvaðst vitanlega þekkja vel til Akureyrarliðsins.

„Ég hef náttúrulega spilað með mörgum þessarra stráka hjá Akureyri þegar ég var í KA, en ég ber ekki jafn sterkar tilfinningar til þessa liðs, eins og ég myndi gera ef að þetta væru gulir og bláir KA-menn," sagði Halldór Jóhann á léttum nótum. Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, kvað sína menn hlakka til verkefnisins.

„Bikarleikir eru alltaf stakir leikir og þó að Fram sé sennilega best mannaða lið landsins, þá er alltaf einhver möguleiki í stöðunni. Líkurnar er samt vissulega þeirra megin en við munum leggja allt í sölurnar í þennan leik," sagði Rúnar ákveðinn. Reynir Þór Reynisson, þjálfari Víkings, er afar spenntur fyrir leiknum gegn Val en ítrekaði að hans menn væru þó fyrst og fremst með hugann við 1. deildina.

„Það er náttúrulega frábært að við séum komnir í þennan leik og við ætlum bara að njóta leiksins og spila okkar handbolta. Við höfum þannig séð lítið getað hugsað um leikinn þar sem það er búið að vera þétt leikið í 1. deildinni og við erum vitanlega með hugann við toppbaráttuna þar," sagði Reynir Þór sem hvetur fólk til að fjölmenna í Víkina og starfsbróðir hans Vals-megin, Óskar Bjarni Óskarsson, tekur í sama streng.

„Við erum bara mjög spenntir fyrir leiknum og við vonumst til að Valsarar fjölmenni í Víkina. Við erum búnir að sjá Víking spila nokkrum sinnum og það eru nokkrir mjög efnilegir leikmenn í herbúðum liðsins. Við munum undirbúa okkur á sama hátt fyrir þennan leik og aðra leiki og það verður klárlega ekkert vanmat í gangi af okkar hálfu og við ætlum okkur að komast í úrslitaleikinn í fyrsta skipti í langan tíma," sagði Óskar Bjarni að lokum. - óþ



**AFTUR Í ÚRSLIT?** Einar Ingi Hrafnsson og félagar í Fram geta komist í sinn annan úrslitaleik í vetur með sigri á Akureyri í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**1-0** Varnartröllið Philippe Senderos stökk manna hæst í vítateig Blackburn og kom Arsenal yfir strax á 4. mínútu leiksins í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsenal vann Blackburn 2-0 á Emirates í gærkvöld:

# Arsenal komið með fimm stiga forskot

**FÓTBOLTI** Arsenal jók forskot sitt á toppi ensku deildarinnar með 2-0 sigri gegn Blackburn á Emirates-leikvanginum í gærkvöld.

Heimamenn í Arsenal byrjuðu leikinn af miklum krafti og Blackburn lenti strax frá fyrstu mínútu undir mikilli pressu. Það kom því ekkert sérstaklega á óvart að Arsenal tók fljótlega forystu í leiknum. Varnarmaðurinn Philippe Senderos kom toppliðinu yfir með skallamarki eftir hornspyrnu Eduardos da Silva á 4. mínútu. Blackburn menn virkuðu ráðavilltir og illa gekk hjá þeim að halda boltanum innan liðsins framan af leik á meðan Arsenal-menn spiluðu sinn hraða sendingaleik. Sóknirnar dundu á varnarmönnum Blackburn fyrsta hálftímann án þess þó að Arsenal næði að bæta öðru marki við. Blackburn komst hins vegar betur inn í leikinn á síðasta stundarfjórðungi fyrri hálfleiks. Brett Emerton átti heiðurinn af besta marktækifæri gestanna þegar hann átti fína sendingu utan af hægri vængnum beint á kollinn á Benny McCarthy sem hitti boltann illa. 1-0 forysta Arsenal var þó fyllilega verðskulduð í hálfleik.

Seinni hálfleikur byrjaði fjörlega og Alexander Hleb átti þrumuskot að marki Blackburn sem endaði í nærstönginni á 49. mínútu og stuttu síðar komst Emmanuel Adebayor inn fyrir vörn Blackburn en Brad Friedel í markinu sá við honum. Pressa Arsenal hélt áfram og Cesc Fabregas og Hleb áttu báðir góð skot sem Friedel varði með tilþrifum. Arsenal tókst loks að brjóta vörn Blackburn á bak aftur þegar Adebayor innsigldi sigur Arsenal með marki í uppbótartíma og lokatölur leiksins því 2-0 fyrir heimamenn. **- óþ**

Sir Alex Ferguson, Man. Utd.:

# Apríl á eftir að ráða úrslitum

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, telur að aprílmánuður eigi að öllum líkindum eftir að ráða gríðarlega miklu um hvaða lið muni verða meistari ensku úrvalsdeildarinnar tímabilið 2007-2008 en þá mæta Englandsmeistararnir Arsenal á Old Trafford 12. apríl og heimsækja svo í framhaldinu Chelsea á brúna 26. apríl.

„Þetta verða úrslitaleikir, það er engin spurning um það í mínum huga. Enska úrvalsdeildin er óhemju jöfn núna og sú staðreynd að toppliðin hafa öll tapað stigum gegn liðum utan toppbaráttunnar hefur sjaldan verið jafn áberandi og nú,“ sagði Ferguson í viðtali við Inside United tímaritið fyrir 1-2 tapið í grannaslagnum gegn Manchester City um síðustu helgi. **- óþ**










Eimskipsbikarinn í handbolta
– spennan magnast!

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Það dregur til tíðinda í Eimskipsbikarnum. Nú er komið að undanúrslitunum og þar verður barist. Við skorum á alla að mæta á völlinn og hvetja sitt lið til dáða.

Karlar:

Víkingur – Valur
Þriðjudaginn 12. febrúar kl. 19.00
Í Víkinni

Fram – Akureyri
Þriðjudaginn 12. febrúar kl. 19.00
Í Framhúsinu

Konur:

Grótta – Stjarnan
Miðvikudaginn 13. febrúar kl. 19.00
Á Seltjarnarnesi

Valur – Fylkir
Miðvikudaginn 13. febrúar kl. 20.00
Í Vodafone-höllinni

*Þú skorar með okkur – Eimskip*



> **Jamie Foxx**

Þegar Jamie Foxx var í öðrum bekk þótti hann strax mjög fyndinn. Kennarinn notaði hann oft sem verðlaun. Alltaf þegar krakkarnir hegðuðu sér vel fékk hann að segja þeim brandara. Jamie Foxx leikur í kvikmyndinni Ray sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 20

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR BÍÐUR SPENNT EFTIR SKRIÐDÝRUM

# *Attenborough snýr aftur*

Nýverið hófust sýningar í Bretlandi á nýjustu sjónvarpsþáttaröðinni úr smiðju Davids Attenborough. Það þarf vart að taka það fram að frumsýning nýrrar þáttaraðar úr smiðju meistara Attenboroughs eru stórfréttir í heimi sjónvarpsins enda er hér á ferð hvorki meira né minna en heimsins helsti frumkvöðull á sviði náttúruþátta í sjónvarpi; segja mætti að Attenborough hafi skapað þessa sjónvarpsgrein í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag. Og hann er enn að, orðinn 81 árs.

Attenborough er vinsæll hér á landi eins og annars staðar og því má vænta þess að Sjónvarpið trausta bjóði okkur upp á nýju þættina fyrr en síðar. Þjóðin hefur ærna ástæðu til þess að fylgjast spennt með þar sem Attenborough hefur að þessu sinni beint sjónum sínum að skriðdýrum og froskdýrum. Það eru einmitt þær dýrafjölskyldur sem við Íslendingar vitum nánast ekkert um enda finnast engir fulltrúar þessara seiðandi suðrænu dýra hérlendis svona alla jafnan.



Sumir hafa illan bifur á froskdýrum og skriðdýrum, sérlega slöngum og nöðrum ýmiss konar. Líklegt er að ástríða Attenboroughs fyrir öllum dýrum heimsins, frá ljótustu kónguló til glæsilegasta tígrisdýrs, geri sitt til að hjálpa áhorfendum til að yfirstíga ótta- og viðbjóðstilfinningar sem þeir tengja við ýmis dýr. Ýmislegt má finna að sjónvarpsefni sem fjallar á tilfinningaþrunginn hátt um náttúruna en þættir Attenboroughs ýta í það minnsta undir samúð áhorfandans með dýrum og lífsbaráttu þeirra. Ekki er vanþörf á slíku á þessum síðustu og verstu tímum þegar við erum á góðri leið með drepa allt sem lifir.

Þessi skriðdýraþáttaröð slær botninn í hinn metnaðarfulla Life-bálk Attenboroughs þar sem hann hefur farið víða (eiginlega út um allt) til þess að festa dýr og lífkerfi á filmu í þágu sjónvarpsáhorfenda. Því styttist væntanlega í að út komi stóreflis dvd-kassi sem kostar tugi þúsunda og inniheldur allar þáttaraðir Attenboroughs. Nú er bara að byrja að leggja fyrir.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.10** Meet The Fockers STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Skólahreysti SKJÁREINN



▶ **20.10** Veronica Mars SJÓNVARPIÐ



▶ **20.15** Amazing Race STÖÐ 2



▶ **20.30** Extreme Life Trough a Lens SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Kokkar á ferð og flugi** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Veronica Mars** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.
**20.55 Ferðin til Svalbarða** (1:2) (Jan rundt om Svalbard)
**21.25 Viðtalið** Í þessum þætti ræðir Bogi Ágústsson við Arthur B. Laffer sem er með þekktustu hagfræðingum heims. Höfuðkenning hans er sú að að skatttekjur þurfi ekki að minnka, heldur geti aukist þegar skattar eru lækkaðir. Umræðan er um efnahagsmál, sambandið á milli hagvaxtar og skatta, bandarísk stjórnmál og fjöldamargt annað.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Víkingasveitin** (Ultimate Force) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál.
**23.20 Glæpurinn (17:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) e.**
**00.20 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Ray**
**08.30 Hildegarde**
**10.00 The Producers**
**12.10 Meet the Fockers**
**14.00 Hildegarde**
**16.00 The Producers**
▶**18.10 Meet the Fockers**
**20.00 Ray** Verðlaunamynd um líf og starf tónlistargoðsagnarinnar Ray Charles.
**22.30 Dirty Deeds**
**00.00 Straight Into Darkness**
**02.00 Undisputed**
**04.00 Dirty Deeds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Sisters** (e)
**10.55 Joey**
**11.20 Örlagadagurinn**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (e)
**13.50 Eva och Adam**
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Ginger segir frá, Shin Chan, Skjaldbökurnar, Justice League Unlimited.
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons**
**19.50 Friends**
▶**20.15 Amazing Race** Kapphlaupið mikla heldur áfram um heiminn þveran og endilangan.
**21.00 NCIS** Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum.
**21.50 Kompás** Fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.
**22.25 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.
**23.10 Nip/Tuck**
**23.55 Prison Break**
**00.40 The Closer**
**01.25 Medium**
**02.10 Eva och Adam**
**03.40 Cold Case**
**04.25 NCIS**
**05.10 The Simpsons**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**17.55 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
**18.40 Inside Sport** (Justin Henin / Rory McIlroy) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**19.10 World Supercross GP** Útsending frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadinum í Kaliforníu.
**20.05 Premier League - All Stars** Allar helstu stjörnur síðari ára í enska boltanum á einum stað.
**21.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.
**22.45 Ultimate Blackjack Tour 1** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem margir af slyngustu spilurum heims mæta til leiks.
**23.30 King of Clubs** (Bayern München) Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.

## SÝN 2

**07.00 Arsenal - Blackburn** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Arsenal og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.
**14.40 Bolton - Portsmouth** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Bolton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Aston Villa - Newcastle** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Aston Villa og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World**
**18.30 Coca Cola mörkin**
**19.00 Man. Utd. - Man. City** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. Utd og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Chelsea - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 English Premier League**
**23.15 Everton - Reading** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Everton og Reading í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**18.50 Less Than Perfect** (e)
**19.10 Psych** (e)
▶**20.00 Skólahreysti** (4:13) Í kvöld er síðasta þátturinn á höfuðborgarsvæðinu og sjáum við skóla frá Hafnarfirði og Reykjanesi í æsispennandi keppni.
**21.00 Queer Eye** Phil og Julie Dickler njóta þess að vera öðruvísi en fólk er flest. Phil er með söfnunaráráttu og heimilið er allt í drasli. Þau vinna mikið og hafa engan tíma fyrir hvort annað. En allir hafa sín þolmörk og Julie finnst nóg komið.
**22.00 High School Reunion** Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.35 The Drew Carey Show**
**00.00 C.S.I. New York** (e)
**00.50 Bullrun** (e)
**01.40 NÁTTHRAFNAR**
**01.40 C.S.I. Miami**
**02.25 Less Than Perfect**
**02.50 The World's Wildest Police Videos**
**03.35 Vörutorg**
**04.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL . 21.50**
**Kompás**



Hér er á ferðinni alvörufréttaskýringaþáttur þar sem hispurslaus og vönduð rannsóknarblaðamennska er í hávegum höfð. Í hverjum þætti eru krufin til mergjar helstu fréttamál líðandi stundar. Áður ókunn sjónarmið á málum sem þegar hafa komist í fréttirnar koma fram sem og nýjar uppgötvanir. Þátturinn hefur verið valinn fréttaþáttur ársins á Edduverðlaunahátíðinni tvö ár í röð.

▶ **VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Ferðin til Svalbarða (1:2)**
**Sjónvarpið kl. 20.55**

Danskir þættir um ferðalag náttúruljósmyndarans Jans Tandrup til Svalbarða en þangað fór hann til að kynna sér áhrif hnattrænnar hlýnunar. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (121:260)
**16.30 Hollyoaks** (122:260)
**17.00 The George Lopez Show** (11:18)
**17.30 Extreme: Life Through a Lens**
**18.15 Lovespring International**
**18.35 Big Day**
**19.00 Hollyoaks** (121:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.
**19.30 Hollyoaks** (122:260)
**20.00 The George Lopez Show**
▶**20.30 Extreme: Life Through a Lens** (Öfgar: Lífið í linsunni) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**21.15 Lovespring International** (Stefnumótaþjónustan) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 Big Day** Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.00 American Idol** (7:41)
**22.45 American Idol** (8:41)
**23.30 Side Order of Life**
**00.15 Crossing Jordan**
**01.00 Comedy Inc.**
**01.25 American Dad 3**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans, og Vilhjálmur Bjarnason fjárfestir ræða um markaðinn og efnahagsmál.
**21.00 Jón Kristinn Snæhólm** Í kvöld verður rætt um stjórnmál og málefni líðandi stundar.
**21.30 Vangaveltur** Hrund Þórarinsdóttir djákni og Sigfús Kristjánsson prestur ræða um sorg og vonir.

## DR 1

**12.30** Grøn glæd **12.50** Den lille forskel **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Minisekterne **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Sporløs **19.30** Guld og grønne skove **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **20.55** Mistænkt **22.40** Seinfeld **23.05** Sommer **5.00** Konstanse **5.10** Buh! **5.35** Lisa **5.40** Kære Sebastian **6.00** Boblin

## NRK 1

**12.40** Faktor **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Supermusikk **14.30** Ghost Trackers **15.05** Hannah Montana **15.30** Hemmelig agent på moped **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Kjære dagbok 1972 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kuraffens TV-show **17.15** Dyrlege Due **17.25** Pablo, den lille rødreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Berulfsens pengebinge **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet: I Ungarn **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.25** Barn i ingenmannsland **0.20** Kulturnytt

## SVT 1

**12.05** Robins **13.00** Ådalens poesi **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Anaconda **16.30** Krokomax **17.00** Harry och hans hink med dinosaurier **17.10** Minimyror i Kenya **17.20** Byggare Bob **17.30** Folkoteket **17.45** Philofix **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Ishockey: Tre kronor live **21.00** Plus **21.30** Kortfilm: Gråter och stör de andra **21.45** Dark Blue **23.40** Rapport **23.50** Kulturnyheterna **0.00** Brottet **1.00** Sändningar från SVT24


MITT SVÆÐI



Mitt er þitt

"Mitt svæði" er þitt einkasvæði hjá LÍN.

Allir sem hafa aðgang að íslenskum heimabanka eða þjónustusíðu RSK geta eftir innskráningu þar komist með öruggum hætti inn á "Mitt svæði" hjá LÍN.

"Mitt svæði" er fyrir námsmenn, greiðendur námslána og ábyrgðarmenn þeirra.

Samtals má ætla að um 92.000 manns eigi erindi inn á einkasvæði sitt hjá LÍN.

**Nýjasta þjónustan er fyrir greiðendur námslána. Á "Mínu svæði" geta þeir nú afþakkað greiðsluseðla og þar með fengið seðilgjöld sín felld niður að fullu.**

LÍN hvetur viðskiptavini sína til að kynna sér upplýsingar og möguleikana á "Mínu svæði" hjá sjóðnum. Nánari umfjöllun er á www.lin.is.

LÍN

Lánasjóður íslenskra námsmanna Borgartúni 21 Reykjavík www.lin.is lin@lin.is

Grafíka 2008

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég er langhrifnastur af Grillhúsi Guðmundar. Ég fæ mér rosalega oft fiskinn þar, steinbít eða ýsu. Hann er rosalega ferskur og góður. Síðan er þjónustan hreint afbragð.“*

Gylfi Blöndal, rekstrarstjóri á Organ.

# Óvenjuleg fasteignaauglýsing

Óhefðbundin fasteignaauglýsing sem birtist í Fréttablaðinu á sunnudag hefur vakið nokkra athygli. Þar er auglýst til sölu íbúð við Barónsstíg, með textanum „Hér bjó Bjössi áður en hann flutti“. Er auglýsingin myndskreytt með myndum af húsinu við Barónsstíg annars vegar og hins vegar mynd af leiðum í kirkjugarði. Undir auglýsingunni birtist frekari texti: „Þar sem klukkurnar glymja og vekja allt nágrennið á hverjum sunnudagsmorgni, trufla fólk í próflesti [sic] og spila jólastef á korters fresti í desember... þar er gott að búa.“

Það er Magnús Axelsson fasteignasali sem auglýsir íbúðina. „Hann Bjössi, eins og hann var kallaður, er látinn. Hann keypti þessa íbúð árið 1940 og bjó þarna í hátt í sjötíu ár,“ útskýrir Magnús, sem tók að sér söluna vegna persónulegra tengsla við son Bjössa. „Sonur hans er auglýsingamaður, og ég stakk upp á því að við gerðum þetta á aðeins öðruvísi hátt. Ég hef samið fasteignaauglýsingar í þrjátíu ár og er orðinn gjörsamlega geldur í því. Maður endurtekur sig sí og æ þegar maður er svona lengi í starfi,“ segir Magnús. „Sonur Bjössa kom svo með þessa hugmynd, og fannst eðlilegt að benda á það að Bjössi hefði búið þarna alveg til dauðadags,“ útskýrir Magnús.

Hann segist hafa fengið nokkrar hringingar og athugasemdir varðandi framsetninguna, en engin tilboð að svo stöddu. „Fólki finnst þetta auðvitað svolítið óhefðbundið, en það hefur enginn skammað mig fyrir þetta,“ segir Magnús og kímir. „Þetta er náttúrulega gert vegna þess að þarna var eintóm hamingja alla tíð. Ef það hefði verið sorg á bak við þetta hefði enginn vogað sér að birta svona auglýsingu,“ bætir hann við. **- sun**




**HÉR BJÓ BJÖSSI** Fasteignaauglýsingin birtist í Fréttablaðinu á sunnudag og vakti athygli fyrir óhefðbundna framsetningu.



**LÁRÉTT**
**2.** lítið **6.** frá **8.** átti heima **9.** yfirgaf **11.** málmur **12.** stoðgrind **14.** samfokinn fönn **16.** utan **17.** knæpa **18.** að **20.** bardagi **21.** blóðsuga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal **3.** í röð **4.** gutla **5.** tæki **7.** pedali **10.** segi upp **13.** draup **15.** setja **16.** erlendis **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lágt, **6.** af, **8.** bjó, **9.** fór, **11.** ál, **12.** stell, **14.** skafl, **16.** út, **17.** krá, **18.** til, **20.** at, **21.** igla.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** áb, **4.** gjálfra, **5.** tól, **7.** fótstig, **10.** rek, **13.** lak, **15.** láta, **16.** úti, **19.** ll.


Fjalakötturinn
Veitingastaður í gömlu Reykjavík





Aðalstræti 16, sími 514 6060

Lostavekjandi matseðill
Fjórréttaður, í boði 14–24 feb.
kr. 5.800.-

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


PÁLL ÓSKAR: TÓNLISTAR- OG MENNINGARLÍF REYKVÍKINGA Í STÓRHÆTTU

# Nasa víkur fyrir hóteli

„Ég fékk sjokk þegar ég heyrði af þessu. Auðvitað vil ég ekki að Nasa verði rifið. Ók, ef það á að rífa þetta og byggja hótel vil ég rétta upp hönd og spyrja: Hvernig væri að sjá stóru myndina? Túristar eru ekki að koma hingað bara til að sjá Gullfoss og Geysi,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður. Honum er mikið niðri fyrir. Hugmyndir eru uppi um að rífa meðal annars sal skemmtistaðarins Nasa og byggja þar mikið hótel. Hverfur þá mikilvægur póstur í skemmtanalífi borgarbúa.

Hugmyndir eru uppi um að gerbreyta svæði því þar sem er gamla Landsímahúsið, Nasa og Ingólfstorg. Eigandi hluta húsastæðunnar sem er að mestu undir er Pétur Þór Sigurðsson lögmaður. Ekki hefur náðst í Pétur en samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hafa ítrekað verið lagðar fram tillögur sem ganga út á að byggja glæsihótel sem gengur inn á Ingólfstorg og út að Aðalstræti. Að sögn Dags B. Eggertssonar er þetta í takti við hugmyndir gamla meirihlutans í borginni að flytja húsastæðuna sem stendur við Ingólfstorg út á torgið og hafa þar klasa eldri húsa. „Enda hefur Ingólfstorg aldrei virkað. Gamla hallærisplanið varð hallærislegra við breytingarnar,“ segir Dagur.

Gísli Marteinn Baldursson er formaður samgöngu- og umhverfissviðs en situr jafnframt í skipulagsráði. Tillagan verður tekin fyrir í dag. Hann er jákvæður og segir tillöguna ganga út á að vernda gömlu götumyndina, þar sem er Hótel Vík og að með þessum hætti megi byggja upp með myndarlegum hætti í miðborginni. Torgið verði betra en þetta þýði að götunni sem beinir umferð í gegnum miðborgina og vestur úr yrði lokað.

Nasa samanstendur af tveimur einingum, framhliðin er gamli Kvennaskólinn og er sá hluti hússins friðaður. Það er hins vegar salurinn, gamla Sjálfstæðishúsið, ekki. Samkvæmt teikningum er gert ráð fyrir að stórt hótel rísi við gaflinn á Miðbæjarmarkaðnum. Og neðanjarðar verður byggður salur sem mun þjóna svipuðu hlutverki og skemmtistaðurinn NASA gerir núna. Enda lekur núverandi salur hljóði og þykir ekki henta við hlið hótelreksturs.

Ingibjörg Örlygsdóttir er vert á Nasa og hún segir að ekki sé búið að segja upp leigusamningi hennar. „Ef menn vilja kaupa hann gera þeir það. En mér þykir ólíklegt að hægt sé að reisa neðanjarðar sal með sjö metra lofthæð. Sjálfsagt hafa verið mistök að friða ekki þennan sal,“ segir Ingibjörg og vísar til mikillar sögu staðarins. „Þetta er ekki bara einhver djammkofi.“

Ingibjörg gerir fastlega ráð fyrir að mörgum tónlistarmanninum verði mikið niðri fyrir þegar það verður að veruleika að Nasa verði lokað.

„Þetta er vagga síðustu fjögurra kynslóða í Reykjavík. Hvað hafa mörg kærustupör kynnst þarna?“ spyr Páll Óskar. Hann bendir á mikilvægi staðarins í tengslum við Gay Pride og Airwaves-hátíðarnar og uppákomur af ýmsu tagi. Og segir staðinn vera atvinnuskapandi og mikla tekjulind fyrir borgina.

**jakob@frettabladid.is**



**NASA** Viðamiklar tillögur um hótelbyggingu og breytingar við Ingólfstorg eru til afgreiðslu hjá borginni.



**INGIBJÖRG** Mistök að friða ekki salinn því þetta er ekki bara einhver djammkofi.



**GÍSLI MARTEINN** Tillagan verður tekin til afgreiðslu hjá samgöngu- og umhverfissviði í dag.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpskonan fyrrverandi, **Sigrún Ósk Kristjánsdóttir,** útskrifaðist frá Háskólanum á Bifröst á dögunum. Sigrún, sem nú starfar sem ritstjóri Skessuhorns, lagði stund á nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði og gerði sér lítið fyrir og var dúx skólans að þessu sinni. Þar að auki fékk hún hæstu einkunn fyrir ritgerð sína, 9,0. Fyrir þetta tók Sigrún Ósk við 150 þúsund krónum úr hendi rektorsins, **Ágústs Einarssonar**.



Hin geðþekka útvarpskona **Guðrún Gunnarsdóttir**, sem var gestadómari í Eurovision-forkeppni Ríkissjónvarpsins á laugardag, bakaði sér nokkrar óvinsældir með því að lýsa yfir þeirri skoðun sinni að hún vildi að fulltrúar Íslands í Eurovision-söngvakeppninni væru alvöru tónlistarmenn. Duldist engum hugur um að **Haffi Haff** og Mercedes Club hugnuðust henni ekki. **Egill „Gillzenegger“ Einarsson** hjólaði í Guðrúnu baksviðs og bauðst ítrekað til þess að syngja fyrir hana, nokkuð sem Guðrún afþakkaði og sagði að hún hlyti bara að segja það sem henni fyndist.



**Reynir Traustason** fer jafnan mikinn á dv.is en nýleg skrif hans undir fyrirsögninni „Mogginn segir Vilhjálm alkóhólista“ hafa vakið undrun Árvakursmanna. Reynir er að vísa í skrif **Kára Sturlusonar** tónleikahaldara sem hýsir bloggsíðu sína á Moggablogginu. Reynir leggur dæmið upp þannig að Kári, sem er bróðir **Oddnýjar Sturludóttur** borgarfulltrúa, skrifi níðingslega um **Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson** í skjóli **Styrmis Gunnarssonar** ritstjóra Morgunblaðsins. **Atla Fannari Bjarkasyni** á 24 stundum blöskrar þetta upplegg, segir þetta mikið rugl í Reyni, Moggabloggarar hver um sig séu ábyrgir orða sinna. Hins vegar, þegar að var gáð, eru þeir ekki ábyrgari en svo að fljótlega í gær var búið að taka þessa umdeildu færslu niður. **-hdm/jbg**

# Bubbi Morthens gegn rasisma

Bubbi Morthens er búinn að fá nóg. „Heyrðu, kommon!,“ segir kóngurinn og er heitt í hamsi. „Þegar hátt í þúsund gríslingar eru búnir að skrá sig á einhverja hatursíðu á netinu gegn Pólverjum og öðrum innflytjendum þá er bara ekki hægt að sitja og horfa þegjandi á. Ég fékk þessa hugmynd í gær, að halda ókeypis tónleika gegn rasisma, og er búinn að bóka Austurbæ. Tónleikarnir verða miðvikudaginn 20. febrúar. Ég auglýsi hér með eftir músíköntum. Það mega allir sem getið hafa sér orð í bransanum koma og spila ef þeir vilja leggja þessu málefni lið.“

Bubbi hefur oft áður tjáð sig um mál innflytjenda og rasisma, til dæmis eftirminnilega á plötunni Nýbúinn. „Mér finnst mjög mikilvægt að við sem getum náð eyrum almennings látum í okkur heyra. Ég kalla eftir vitundarvakningu í þessum málum. Við höfum hingað til bara þekkt þetta vandamál af afspurn frá nágrannalöndum okkar og við höfum enn möguleika á að spyrna við fótum. Það er grafalvarlegt mál að persónugera hópa útlendinga og setja alla í sama flokkinn. Og svo má ekki gleyma að Prins póló er pólskt og því má segja að Pólverjar hafi bjargað æsku minni.“

Bubbi er kannski að grínast með Prins pólóið en tónleikarnir eru alls ekkert grín. Hann hefur fengið nokkra landsþekkta tónlistarmenn til að spila og auglýsir eftir fleirum. Hann er í sambandi við Alþjóðahús um að fá þaðan ræðumenn og tónlistarfólk af erlendum uppruna. „Það verður að sparka í rassinn á rasistagenginu!“ segir Bubbi Morthens og er fúlasta alvara. „Stundum situr maður ekki bara þegjandi og lætur svona rugl rúlla framhjá sér.“ **- glh**



**TEKUR EKKI HVAÐA RUGLI SEM ER ÞEGJANDI OG HLJÓÐALAUST** Bubbi Morthens heldur tónleika gegn rasisma.

# Stærsta dreifikerfið

## og ánægðustu viðskiptavinirnir

Síminn er í fararbroddi í þjónustu bæði við þéttbýlissvæði og dreifðari byggðir landsins. Á þessu ári verður lögð áhersla á að halda áfram uppbyggingu á langdrægu farsímakerfi.

Stærsta farsímadreifikerfið og öruggt samband er ein af ástæðum þess að viðskiptavinir Símans eru þeir ánægðustu meðal íslenskra farsímafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

ENNEMM / SÍA / NM32135

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




## BAKÞANKAR

Karenar D. Kjartansdóttur

# Heiðarleiki

Ég var skínandi ánægð þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var kjörinn borgarstjóri á sínum tíma. Hann kom til dyranna eins og hann var klæddur, sló á putta uppskafninga og framapotara og sýndi hvernig alvöru stjórnmálamenn af gamla skólanum gera. Hver man ekki eftir því þegar hann barði út spillinguna úr borgarstjórastóli þegar sýnt þótti að Þórólfur Árnason hafði gert mistök sem bitnað höfðu á borgarbúum? Slíkan mann vildi Villi ekki hafa sem borgarstjóra.

**ÉG** fletti gömlum Fréttablöðum frá því spillingarmál Þórólfs stóð sem hæst og vil fá að vitna til orða Vilhjálms á þessum tíma en öll hans ummæli leiftra af ábyrgð, festu og heiðarleika – mikilvægustu eiginleikum góðra stjórnmálamanna. 30. júlí 2003 tjáði Vilhjálmur sig um mistök Þórólfs við Fréttablaðið: „Hann er ekki að segja satt og rétt frá og vísa ég til hans eigin gagna því til stuðnings," sagði Vilhjálmur og hélt áfram: „Ég tel að hann hafi verið einn af helstu forystumönnum olíufélaganna um ólögmætt verðsamráð sem bitnaði meðal annars á borgarfyrirtækjum. Ég skil ekki hvernig hann getur sagt núna að hann hafi ekkert vitað um þetta. Það er mjög alvarlegt mál þegar stjórnmálamenn segja ekki satt og rétt frá. Ég get einfaldlega sagt það að ef að ég væri staðinn að svona löguðu þá myndi ég segja af mér. Hann verður hins vegar að gera þetta sjálfur upp við sína samvisku."

**VILHJÁLMUR** kærði sig heldur ekki um að valdafólk kæmist upp með ódýrar afsakanir. Hann blés því á afsakanir Þórólfs, lét hann ekki komast upp með neinn moðreyk og sagði svör og afsakanir þáverandi borgarstjóra ekki trúanleg.

**ÞAÐ** sem fær mig þó endanlega til að sannfærast um að mann eins og Vilhjálm sé nauðsynlegt að fá aftur sem borgarstjóra eru þó ummæli sem birtust 22. ágúst 2003 í Fréttablaðinu eftir að Hjörleifur Kvaran, þáverandi borgarlögmaður, sagði að olíufélögin og forráðamenn þeirra kynnu að hafa skapað sér skaðabótaábyrgð gagnvart Reykjavíkurborg. „Þórólfur segir að hann hafi bara fengið tölur frá forstjóranum og ekki vitað hvað hann var að skrifa undir. Það er nú ekki merkilegt svar. Ég held að það sé ekki hægt að túlka svar borgarlögmanns með öðrum hætti en að hugsanlegar kröfur borgarinnar geti beinst að Þórólfi Árnasyni." Vilhjálmur er maður sem er tilbúinn að axla ábyrgð og heimtar skaðabætur fyrir borgarbúa ef illa er með þá farið.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 12. febrúar, 43. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9:35 | 13:42 | 17:50 |
| Akureyri | 9:29 | 13:26 | 17:25 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN

SAMNINGALOTAN FRAMLENGD: AÐEINS Í BÍLAÞINGI HEKLU Á KLETTHÁLSI.

SÖLUMENN OKKAR HAFA ENNÞÁ ÓTAKMARKAÐ LEYFI TIL AÐ SEMJA VIÐ ÞIG!

Samningagleðin heldur áfram í Bílaþingi HEKLU á Kletthálsi. Viðbrögðin voru frábær og við höfum ákveðið að framlengja samningalotuna út vikuna. Nú hefur þú tíma til næsta laugardags til að semja um lægra verð á öllum bílum í Bílaþingi HEKLU. Komdu í heimsókn á Klettháls og gerðu ótrúleg kaup á nýlegum notuðum bílum.

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKODA BIFREIÐUM Á KLETTHÁLSI UM HELGINA • 15% AFSLÁTTUR




HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga
Klettháls 11 | sími 590 5044 | www.bilathing.is | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*